



**ÁHRIF RÉTTARFARSLEGRA ÁKVARÐANA  
MEIÐYRÐAMÁLA Á VERND TJÁNINGARFRELSIS**

Baldur Karl Magnússon

Júní 2015

ML í lögfræði

Höfundur: Baldur Karl Magnússon

Kennitala: 250389-2489

Leiðbeinandi: Páll Þórhallsson

Lagadeild

School of Law

## Útdráttur

### Áhrif réttarfarslegra ákvarðana meiðyrðamála á vernd tjáningarfrelsis

Meðal þeirra takmarkana sem um tjáningarfrelsið gilda eru ákvæði almennra hegningarlaga um ærumeiðingar. Þau gera mönnum kleift að höfða mál til ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta þegar meingerð er unnin gegn æru þeirra. Réttarfarslegar ákvarðanir í slíkum málum skipta ekki síður máli en þær sem snúa að efnislegri hlið málsins þar sem með þeim er oft kveðið á um mikilvæg réttindi málsaðila. Undanfarin ár hefur það virst nokkuð algengt að málskostnaður hafi verið felldur niður í meiðyrðamálum og þá sérstaklega þegar um ræðir sýknumál. Venja þessi er alla jafna ekki sérstaklega rökstudd í niðurstöðum dómstóla. Þar sem rökstuðningur við slíkar ákvarðanir hefur verið af skornum skammti voru meiðyrðamál á árunum 2000 – 2014 skoðuð sérstaklega til að leggja mat á venju dómstóla til niðurfellingar málskostnaðar í þessum tilteknu málum. Í tæplega helmingi þeirra mála er athuguð voru var málskostnaður felldur niður og var það mun algengara í sýknumálum. Þá var einnig tekin til athugunar framkvæmd Hæstaréttar á veitingu áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum, en þar sem dæmdar fjárkröfur eru alla jafna lágar í meiðyrðamálum þarf oft að sækja um áfrýjunarleyfi þegar áfrýja á dómi þar sem ummæli hafa verið ómerkt og fjárkröfur dæmdar. Á árunum 2000 – 2014 komust aðeins fjögur mál til Hæstaréttar í flokki meiðyrðamála þar sem stefndi hafði tapað máli í héraðsdómi og ekki uppfyllt skilyrði áfrýjunar. Þar sem stefnendur í slíkum málum hafa óskorað aðgengi að Hæstarétti, ef þeir tryggja að dómkröfur sínar nái áfrýjunarfjárhæð, myndast nokkuð ójafnvægi á milli stefnenda og stefndu. Að þessu virtu og með vísan til venju um niðurfellingu málskostnaðar var dregin sú ályktun að með framangreindri framkvæmd dómstóla mætti skapa tjáningarfrelsinu kælingaráhrif. Þá var ennfremur ályktað að framkvæmd varðandi þessi atriði þyrfti að vera gegnsærri svo að hægt væri að leggja mat á hvort að í framkvæmd dómstóla fælist takmörkun á tjáningarfrelsinu.

## **Abstract**

### **Judicial decisions in libel cases and the protection of freedom of speech**

Among those restrictions placed on the freedom of speech are provisions prohibiting libel and allowing individuals who have been defamed to seek the annulment of the libelous statements made in addition to seeking compensation. Judicial decisions in such cases are important as they can affect valuable rights of the parties involved. In recent years it seems that the Icelandic courts have more commonly decided that litigation costs should be dismissed despite cases having a clear victor. This seems to be more common in those cases where the defendant has won the case. The decisions to dismiss litigation costs is generally not supported thoroughly in the final judgement. In order to ascertain the reasoning for this custom and its effects a study of libel cases ranging from 2000 – 2014 was conducted. In just under half the cases litigation costs were dismissed and was this a more common practice in cases where the ruling fell in the defendant's favor. Also discussed is the granting of appeal permits in libel cases. The awarded financial claims in such cases are generally quite low and often do not meet the minimum requirements for appeals to the Supreme Court. For this reason defendants who lose their case in the district courts may often have to seek an appeal permit. It appeared rare that these cases made it to the Supreme Court and in the years 2000 – 2014 only four cases were admitted to the court based on an appeal permit. Considering this and referring to the custom to dismiss litigation costs it was considered that these practices may have a chilling effect on the freedom of speech and that they must be more transparent in order to ascertain whether they could impose a restriction on the freedom of speech.

## **Skrá yfir frumheimildir**

### **Lög**

Almenn hegningarlög 25. júní 1869.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Áfengislög nr. 75/1998.

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Lög um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, nr. 24/1979.

Lög um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, nr. 67/1982.

Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, nr. 38/1994.

Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, nr. 38/1994

Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006.

Lög um Hæstarétt Íslands nr. 112/1935 (brottfallin).

Lög um Hæstarétt Íslands nr. 22/1919 (brottfallin).

Lög um Hæstarétt Íslands nr. 57/1962 (brottfallin).

Lög um Hæstarétt Íslands nr. 57/1962 (brottfallin).

Lög um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973.

Lög um kyrrsetningu, lögbann, o.fl. nr. 31/1990.

Lög um lögmenn nr. 77/1998.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 (brottfallin).

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Lög um stjórnarskipun konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 (brottfallin)

Lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

Skaðabótalög nr. 50/1993.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Stjórnskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, nr. 97/1995

## **Lagafrumvörp**

Alþt. 1961 A-deild þskj. 99 - 77. mál

Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál

Alþt. 1993 A-deild þskj. 220 - 198. mál

Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389 - 297. mál

## **Dómar Hæstaréttar**

Hrd. 6. apríl 1932 í máli nr. 61/1931.

Hrd. 9. febrúar 1960 í máli nr. 78/1959.

Hrd. 4. janúar 2000 í máli nr. 495/1999.

Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 272/2000.

Hrd. 10. apríl 2003 í máli nr. 426/2002.

Hrd. 25. september 2003 í máli nr. 36/2003.

Hrd. 18. desember 2003 í máli nr. 172/2003.

Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003.

Hrd. 10. maí 2004 í máli nr. 148/2004.

Hrd. 4. nóvember 2004 í máli nr. 188/2004

Hrd. 13. júní 2005 í máli nr. 236/2005.

Hrd. 15. desember 2005 í máli nr. 181/2005.

Hrd. 17. september 2006 í máli nr. 101/2006.

Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006.

Hrd. 11. nóvember 2007 í máli nr. 491/2006.

Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007.

Hrd. 2. október 2008 í máli nr. 653/2007.

Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 34/2008.

Hrd. 29. janúar 2009 í máli nr. 321/2008.

Hrd. 29. janúar 2009 í máli nr. 689/2009.

Hrd. 5. mars 2009 í máli nr. 328/2008.

Hrd. 19. mars 2009 í máli nr. 448/2008.

Hrd. 30. apríl 2009 í máli nr. 475/2008

Hrd. 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009.

Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009.

Hrd. 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010.

Hrd. 3. nóvember 2011 í máli nr. 693/2010.

Hrd. 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013.

Hrd. 10. nóvember 2011 í máli nr. 65/2011.

Hrd. 24. nóvember 2011 í máli nr. 179/2011.

Hrd. 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011.

Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012.

Hrd. 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012.

Hrd. 30. maí 2013 í máli nr. 54/2013

Hrd. 25. september 2014 í máli nr. 103/2014.

Hrd. 20. nóvember 2014 í máli nr. 214/2014.

Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 183/2014.

Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 184/2014.

Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 299/2014.

Hrd. 18. desember 2014 í máli nr. 215/2014.

Hrd. 18. desember 2014 í máli nr. 317/2013.

Hrd. 31. mars 2015 í máli nr. 421/2014

## **Dómar héraðsdómstóla**

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 10. apríl 2006 í máli nr. E-625/2005.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 2006 í máli nr. E-7593/2005.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 5. júní 2007 í máli nr. E-2299/2006.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 2007 í máli nr. E-7608/2006.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 2007 í máli nr. E-696/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 2008 í máli nr. E-8319/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júlí 2008 í máli nr. E-5085/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júlí 2008 í máli nr. E-7167/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2008 í máli nr. E-8596/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-907/2008.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-1451/2007.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 2009 í máli nr. E-4726/2008.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 24. mars 2009 í máli nr. E-319/2009.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 2009 í máli nr. E-11799/2008.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júlí 2009 í máli nr. E-6177/2008.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 í máli nr. E-5265/2009.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. febrúar 2011 í máli nr. E-415/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 4. apríl 2011 í máli nr. E-4818/2009.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 2. maí 2011 í máli nr. E-74/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 2011 í máli nr. E-7299/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2011 í máli nr. E-6524/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 3. nóvember 2011 í máli nr. E-60/2011.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 2011 í máli nr. E-6157/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2011 í máli nr. E-1412/2011.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 2012 í máli nr. E-874/2012.  
Dómur Héraðsdóms Reykjaness 13. febrúar 2013 í máli nr. E-743/2012.  
Dómur Héraðsdóms Austurlands 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. október 2013 í máli nr. E-215/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 2013 í máli nr. E-220/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2014 í máli nr. E-1470/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2014 í máli nr. E-1471/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 2014 í máli nr. E-3960/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 2014 í máli nr. E-3704/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 2014 í máli nr. E-1467/2013.  
Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 14. október 2014 í máli nr. E-37/2014.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 2014 í máli nr. E-1307/2013.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2014 í máli nr. E-943/2014.

### **Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu**

Goodwin gegn Bretlandi umsókn nr. 17488/90 (MDE, 27. mars 1996).  
Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi umsókn nr. 21980/93 (MDE, 20. maí 1999).  
Erla Hlynisdóttir gegn Íslandi umsókn nr. 43380/10 (MDE, 10. júlí 2012).  
Hansen gegn Noregi umsókn nr. 15319/09 (MDE, 2. október 2014).

### **Töflur**

Tafla 1: Dæmdar fjárkröfur og málskostnaður í meiðyrðamálum árið 2014, bls. 35.



## Formáli

Undanfarin misseri hefur mikið verið ritað hér á landi um tjáningarfrelsið og þá sérstaklega um löggjöf um ærumeiðingar og tengd brot. Þá er vaxandi sú hreyfing á meðal löggjafarvaldsins sem afnema vill refsingar við ærumeiðingum. Vegna þess hve mikilvægt tjáningarfrelsi er lýðræðislegu samfélagi verður á hverjum tíma að hyggja að því að það fái nægilega vernd að lögum og að ekki verði vegið að því af hálfu stjórnvalda og dómstóla.

Eitt þeirra álitamála sem hefur verið lítið rannsakað hér á landi er hvaða áhrif málsmeðferð í málum er varða ærumeiðingar hafi. Við skoðun höfundar á málaflokknum og í viðtölum við þá lögmenn sem komið hafa að slíkum málum kom í ljós að vissar hefðir hafa skapast sem geta verið málsaðilum þungbærar. Þar var helsta gagnrýnin sú er sneri að ákvörðunum um málskostnað í málaflokknum og kom höfundur fljótt auga á fjölda tilvika þar sem málskostnaður var felldur niður. Í ljósi þessi var ákveðið að rannsaka betur venjur í réttarhari meiðyrðamála og greina hvort að með beitingu þeirra gæti verið vegið að tjáningarfrelsinu með einhverjum hætti.

Skoðun á réttarframkvæmd í ærumeiðingarmálum leiddi fljótt í ljós að rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir dómara er alla jafna afar stuttur og því erfitt að greina hvaða röksemdir liggja að baki því þegar málskostnaður er felldur niður. Þá eru skrif fræðimanna á þessu sviði einnig fágæt og þurfti því að beita nýrri nálgun til að leggja mat á venjur dómstóla. Til þess að varpa ljósi á venjur dómstóla í málaflokknum fór höfundur því þá leið að rannsaka alla dóma í meiðyrðamálum er aðgengilegir voru á árabílinu 2000 – 2014. Gaf athugun þessi góða mynd af venju dómstóla þó að hún varpaði ekki skýru ljósi á rök þau er lægju að baki venju dómstóla um niðurfellingu málskostnaðar. Þrátt fyrir það mátti með skoðun þessara mála draga ákveðnar ályktanir sem frekar eru reifaðar í ritgerðinni.

Þegar leið á rannsókn á málskostnaðarákvörðunum varð einnig ljóst að ekki væri að því gengið að ærumeiðingarmálum sem lauk með sýknu fyrir héraðsdómi yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Orsakast það af því að meiðyrðamál þar sem ummæli eru ómerkt og eftir atvikum bætur dæmdar uppfylla oft ekki skilyrði áfrýjunar þannig að sækja þarf um áfrýjunarleyfi. Ákvað höfundur að taka þetta atriði einnig til athugunar. Þar sem gögn um synjanir um áfrýjunarleyfi eru ekki opinber reyndist sú athugun einnig nokkuð erfið. Var því sama leið farin við skoðun á þessu atriði, þ.e. að þau mál er reifuð höfðu verið við vinnslu ritgerðarinnar voru skoðuð með tilliti til þess hve oft áfrýjunarleyfi voru veitt og af þeirri athugun dregin ályktun um það hversu vel aðgengi manna að dómstólum í ærumeiðingarmálum væri tryggt.

Von höfundar er sú að með þessari ritgerð megi varpa ljósi á þætti í málsmeðferð meiðyrðamála fyrir dómstólum sem hafa ekki verið skoðaðir áður. Eins og fram hefur komið voru gögn er vitnuðu um réttarframkvæmd í þessum málaflokki oft takmörkuð en höfundur vill koma á framfæri þökkum til þeirra sem veittu aðstoð við vinnslu ritgerðarinnar. Þar ber fyrst að nefna Pál Þórhallsson fyrir styrka og góða leiðsögn við vinnslu verkefnisins. Auk þess ber sérstaklega að koma á framfæri þökkum til Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Gunnars Inga Jóhannssonar fyrir ómetanlega innsýn inn í réttarframkvæmd í málaflokkinum er háttað. Að lokum vill höfundur koma á framfæri þökkum til Sigríðar Haraldsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur.....</b>	<b>1</b>
<b>2. Tjáningarfrelsi og æruvernd .....</b>	<b>5</b>
2.1. Tjáningarfrelsi á Íslandi.....	6
2.1.1. Takmarkanir og tálmanir á tjáningarfrelsinu .....	8
2.1.1.1. Tálmanir .....	8
2.1.1.2. Takmarkanir .....	9
2.2. Æruvernd.....	12
2.2.1. Ærumeiðingarákvæði almennra hegningarlaga .....	12
2.2.1. Miskabætur vegna meiðyrða .....	16
<b>3. Málshöfðanir til takmörkunar á tjáningarfrelsinu .....</b>	<b>17</b>
3.1. Meiðyrðamál .....	18
3.2. Mál sem varða friðhelgi einkalífs.....	19
<b>4. Málskostnaðarákvarðanir .....</b>	<b>20</b>
4.1. Ákvörðun um málskostnað í einkamálum.....	20
4.1.1. Niðurfelling þegar aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru.....	23
4.1.2. Niðurfelling þegar veruleg vafaatriði eru í máli.....	25
4.1.3. Niðurfelling þegar sá sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum þegar málið var höfðað.....	28
4.1.4. Önnur tilvik niðurfellingar málskostnaðar .....	29
4.1.5. Takmörkun málskostnaðar .....	30
4.1.6. Samantekt á tilvikum niðurfellingu málskostnaðar .....	31
4.1.7. Rökstuðningur dómara við málskostnaðarákvarðanir .....	31
4.2. Málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum .....	33
4.2.1. Dómaframkvæmd varðandi málskostnað í meiðyrðamálum.....	34
4.2.2. Réttarvenja um niðurfellingu málskostnaðar í meiðyrðamálum .....	39
4.2.2.1. Lögskýringarleiðir við beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. ....	41
<b>5. Útgáfa áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum .....</b>	<b>43</b>
5.1.1. Málskot til Hæstaréttar .....	44
5.1.2. Áfrýjunarleyfi.....	44
5.1.2.1. Skilyrði veitingu áfrýjunarleyfis.....	46
5.1.2.2. Veiting áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum .....	49
5.1.3. Áfrýjunarleyfi sem þáttur í aðgengi að dómstólum.....	55
5.1.4. Samantekt .....	57
<b>6. Kostnaður við höfðun einkarefsimála .....</b>	<b>58</b>

<b>7. Niðurstöður</b> .....	<b>60</b>
<b>8. Lokaorð</b> .....	<b>64</b>
<b>9. Viðaukar</b> .....	<b>65</b>
9.1. Viðauki I: Málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum.....	65
9.1.1. Aðferðarfræði rannsóknar .....	65
9.1.2. Tölfræðilegar niðurstöður rannsóknar .....	66
9.1.3. Tafla með niðurstöðum rannsóknar .....	67
<b>10. Heimildaskrá</b> .....	<b>88</b>

## 1. Inngangur

Rétturinn til frjálsrar tjáningar er samfélagi okkar mikilvægur og er hann lögfestur í stjórnarskrá Íslands og verndaður af hinum ýmsu lagaákvæðum. Saga tjáningarfrelsisins er löng en hefur hún einkennst af tilraunum til að hefta tjáningarfrelsið eða auka.<sup>1</sup> Sökum þess er í íslenska stjórnarskrárákvæðinu kveðið á um að tálmanir á því skuli aldrei í lög leiða.<sup>2</sup> Rétturinn til frjálsrar tjáningar er ekki án takmarkana og eru í íslensku samfélagi fjölmörg dæmi um slíkar takmarkanir, en til þess að þær teljist heimilar þurfa þær að uppfylla ströng skilyrði.<sup>3</sup> Mikilvægt er því að skoða reglulega hvaða takmarkanir eru til staðar á tjáningarfrelsinu og hvort þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra reglna sem veita tjáningarfrelsinu takmarkanir. Slíkar takmarkanir ber skv. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar (stjskr.) að setja með lögum<sup>4</sup> en nauðsynlegt er þó að vera vakandi fyrir því hvort að þær geti myndast með öðrum hætti og vera vakandi fyrir því hvort að tjáningarfrelsinu sé í raun veitt næg vernd.

Ein algengasta uppspretta deilna og málaferla vegna tjáningarfrelsisins eru meiðyrða- og ærumeiðingamál.<sup>5</sup> Á árunum 2005-2014 voru að meðaltali höfðuð um níu meiðyrðamál á ári sem enduðu með uppkvaðningu dóms um ómerkingu ummæla, greiðslu miskabóta, refsingu eða sýknu.<sup>6</sup> Þar eru ótaldar málshöfðanir þar sem sættum var náð áður en til dóms kom. Málshöfðanir þessar byggjast á XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.) sem hefur að geyma refsíákvæði við ýmiss konar ærumeiðingum og öðrum tjáningarbrotum. Þegar meiðyrðamál eru höfðuð er mikilvægt að réttarframkvæmd í slíkum málum sé sanngjörn og réttlát, enda geta ákvarðanir dómara í málum sem slíkum vegið annars vegar að rétti manna til frjálsrar tjáningar skv. 73. gr. stjskr. og hins vegar að æru þeirra sem vernduð er 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.<sup>7</sup> Mikilvægt er að skoða þessar ákvarðanir þar sem þær snerta mikilvæg borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi manna og vera vakandi fyrir því hvort þær geti vegið að stjórnarskrárvörðum réttindum manna.

---

<sup>1</sup> Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008) 347–348.

<sup>2</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 2. mgr. 73. gr.

<sup>3</sup> Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Háskólaútgáfan 1999) 580–581.

<sup>4</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 3. mgr. 73. gr.

<sup>5</sup> Páll Sigurðsson, *Fjölmíðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmíðlanna* (Háskólaútgáfan 1997) 196.

<sup>6</sup> Í rannsókn sem unnin var í tengslum við ritgerð þessa og finna má í viðauka 1 kom fram að á árunum 2005-2014 voru höfðuð 67 meiðyrðamál sem enduðu með dómsuppkvaðningu. Á því níu ára tímabili féllu því að meðaltali níu dómur á ári í flokki meiðyrðamála.

<sup>7</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Á síðastliðnum árum hefur það verið algengt að í ærumeiðingarmálum sé málskostnaður felldur niður og aðilar beri þannig sjálfir kostnað af málarekstri sínum.<sup>8</sup> Þessi framkvæmd getur leitt til þess að mögulegt verður að skapa þeim aðilum er uppi hafa tiltekin ummæli mikinn kostnað án þess að þeir hafi í raun brotið af sér með því að hafa uppi tjáningu sem vegur að æru eða friðhelgi einkalífs manns. Skoða verður hvort með þessari framkvæmd sé vegið að einhverju leyti að tjáningarfrelsinu og möguleiki manna til að hafa uppi þá tjáningu sem annars væri þeim heimil takmarkaður.

Athugun á niðurstöðum Hæstaréttar í nokkrum meiðyrðamálum leiddi í ljós að sérstaklega algengt virtist að málskostnaður væri felldur niður í þeim málum þar sem sýknað var, annaðhvort að hluta eða að fullu. Þessi niðurstaða varðandi málskostnað var sjaldnast rökstudd sérstaklega af dómstólum en þó vakti áhuga höfundar eitt tilvik þar sem Hæstiréttur fjallaði að nokkru leyti um niðurstöðu sína varðandi niðurfellingu málskostnaðar.<sup>9</sup> Það var í dómi nr. 214/2014 í máli Egils Einarssonar gegn Inga Kristjáni Sigurmarssyni en var þá stefnt til ómerkingar ummæla þar sem stefnandi hafði verið sakaður um að hafa framið alvarlegt kynferðisbrot. Þrátt fyrir sýknu á báðum dómstigum var málskostnaður felldur niður og rökstuddi Hæstiréttur það með eftirfarandi orðum:

Eins og réttilega kemur fram í hinum áfrýjaða dómi var hin afbakaða mynd og ummæli stefnda sem henni fylgdu ósæmileg og ósmekkleig í garð áfrýjanda. Af þeim sökum og með vísan til 3. mgr. 130. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum.<sup>10</sup>

Í þessum orðum Hæstaréttar er að finna vísbendingu um það hvenær málskostnaður í meiðyrðamálum er felldur niður þrátt fyrir sýknu en það virðist vera þegar ummæli eru ósæmileg og ósmekkleig. Í ljósi þessa er rétt að skoða hvernig slíkar ákvarðanir samræmast 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.) um það hvenær skuli dæma mótaðila málskostnað og hvenær hann skuli fella niður.<sup>11</sup>

---

<sup>8</sup> Í áður nefndum viðauka 1 við ritgerð og fjallað er um í kafla 4.2.1 kemur fram að í flokki meiðyrðamála var hlutfall mála með niðurfelldan málskostnað um 45% og því ljóst að niðurfelling málskostnaðar í málaflokknum algeng.

<sup>9</sup> Í rannsókn er fram kemur í viðauka 1 má einnig sjá að af þeim málum þar sem málskostnaður var felldur niður voru 2/3 hluti málanna sýknumál en þriðjungur þeirra mál sem enduðu með ómerkingu ummæla og eftir atvikum öðrum úrræðum á borð við greiðslu bóta og ákvörðun refsingar. Því er talsvert algengara að málskostnaður verði felldur niður í sýknumálum. Þá var í öllum þeim málum þar sem málskostnaður var felldur niður einungis einu sinni rökstudd að einhverju leyti ákvörðun dómara um að fella niður málskostnað en frekar er fjallað um það mál og fleiri þar sem málskostnaður er felldur niður í kafla 4.2.1.

<sup>10</sup> Hrd. 20. nóvember 2014 í máli nr. 214/2014.

<sup>11</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 130. gr.

Málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum eru ekki eina réttarfarslega atriðið sem þarfnast athugunar í málaflokknum. Við skoðun Hæstaréttardóma virtist ennfremur sjaldgæft að áfrýjað væri í þeim málum sem sakfelld var í, sérstaklega þegar dæmdar miskabætur voru lágar. Stafar þetta af því að í þeim meiðyrðamálum þar sem sakfelld var í héraði voru dæmdar bætur og aðrar fjárkröfur nokkuð lágar.<sup>12</sup> Þess vegna er áfrýjunarfjárhæð ekki náð og er því ekki sjálfgefið að máli megi áfrýja til Hæstaréttar.<sup>13</sup> Verður þá að sækja um áfrýjunarleyfi og virtist sjaldgæft að þau væru gefin út í málaflokknum. Ekki er ljóst hvort það megi rekja til þess að sjaldan sé sótt um þau eða að þau séu sjaldan veitt.<sup>14</sup> Er þetta sérstaklega áhugavert viðfangsefni í ljósi þess að í þeim málum þar sem stefndu eru sýknaðir af kröfum stefnanda hafa stefnendur óskorað aðgengi að Hæstarétti, svo lengi sem þess er gætt að stilla kröfu sinni nógu hátt til að ná áfrýjunarfjárhæð. Taldi höfundur rétt að fjalla um veitingu áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum, hver framkvæmd veitingu þeirra hefur verið og hvaða áhrif viðtekin venja í málunum hefur á aðgang manna að Hæstarétti.

Þá er einnig nauðsynlegt að skoða þau réttarfarslegu atriði er leiða af sérstöðu meiðyrðamála sem einkarefsimála, en það eru þau mál þar sem einstaklingur sækir annan sjálfur vegna hegningarlaga brota í stað ákærvaldsins.<sup>15</sup> Þegar ekki ber að höfða mál af hálfu ákærvaldsins út af broti getur sá sem misgert var við höfðað málið, en samkvæmt 242. gr. hgl. sætir aðeins hluti brota þeirra er fjallað er um í XXV. kafla hgl. saksókn af hálfu ákærvaldsins.<sup>16</sup> Þannig eru þau meiðyrðamál er höfðuð eru á grundvelli 234. – 237. gr. hgl. einkarefsimál þar sem einstaklingar sækja aðra einstaklinga til að þola ómerkingu ummæla,<sup>17</sup> refsingar<sup>18</sup> og greiðslu bóta.<sup>19</sup> Um slík mál gilda ýmsar sérreglur og þar vöktu sérstaklega áhuga höfundar reglur um greiðslu dómsmálagjalda, en í slíkum málum greiðast engin dómsmálagjöld og er því þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga til þess að höfða mál mun lægri en í öðrum málaflokkum.<sup>20</sup> Þýðir þetta að stefnendur í málaflokki þessum eiga greiðari aðgang að dómstólum en almennt gerist hér á landi og taldi höfundur rétt að skoða framkvæmd þessa nánar.

---

<sup>12</sup> Listi yfir þau meiðyrðamál er rötuðu til Hæstaréttar er að finna í kafla 5.1.2.2 og eru þau þar greind eftir því hvort áfrýjandi er stefnandi eða stefndi. Þar eru einnig skoðaðar fjárhæðir dæmdra fjárkragna í flokki meiðyrðamála.

<sup>13</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 1. og 4. mgr. 152. gr.

<sup>14</sup> Fjallað er ítarlegar um veitingu áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum í kafla 5.1.2.2.

<sup>15</sup> Gunnar Thoroddsen, *Fjölmæli* (Menningarsjóður 1967) 305.

<sup>16</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 25. gr.

<sup>17</sup> sama heimild 241. gr.

<sup>18</sup> sama heimild 234. – 237. gr.

<sup>19</sup> Skaðabótalög nr. 50/1993 b-liður 1. mgr. 26. gr.

<sup>20</sup> Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 5. mgr. 1. gr.

Þau réttarfarslegu atriði meiðyrðamála sem að ofan greinir vöktu áhuga höfundar á því að fjalla ítarlega um réttarframkvæmd í slíkum málum og öðrum þeim málum þar sem stefnt er til ómerkingar tiltekinna ummæla. Þó að þessi atriði hljóti alla jafna takmarkaða umfjöllun í niðurstöðum dóma<sup>21</sup> er ekki síður mikilvægt að huga að þeim þar sem aðgangur að dómstólum er mikilvægur réttur borgara og er hann til að mynda tryggður í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.<sup>22</sup> (MSE) Líta má svo á að aðgangur almennings að dómstólum geti verið skertur með því að skapa málsaðilum talsverðan kostnað, auðvelda aðgengi annars aðila að dómstólum eða með því að takmarka rétt hins til ákæru. Einnig verður að líta til þess hvort þessar ákvarðanir geti vegið að öðrum stjórnarskrárvörðum réttindum manna, t.d. tjáningarfrelsi eða rétt til friðhelgi einkalífs. Sem dæmi má nefna að með því að auðvelda um of aðgang stefnenda að dómstólum á kostnað stefndu má vissulega veita tjáningarfrelsinu ákveðna takmörkun en á sama hátt má segja að með því að takmarka rétt þeirra sem fyrir ærumeiðingum verða að leita réttar síns má vega að æruvernd þeirra sem vernduð er af reglum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Í þessari ritgerð verður dómaframkvæmd dómstóla varðandi málskostnaðarákvarðanir skoðuð, bæði almenn framkvæmd í einkamálum og einnig hvernig ákvörðunum er háttáð í meiðyrðamálum. Þá verður einnig litið til annarra réttarfarslegra þátta er varða meiðyrðamál og skipt geta sköpum við höfðun slíks máls og þegar að því kemur að ákveða greiðslu málskostnaðar. Áfrýjunarleyfi og veiting þeirra í meiðyrðamálum verður skoðuð sérstaklega, kostnaður við höfðun meiðyrðamála og kröfur um ómerkingu ummæla á hendur öðrum þeim en stefnt er í máli. Ofangreind atriði verða metin saman og hvaða áhrif þau hafa á stjórnarskrárbundin mannréttindi á borð við tjáningarfrelsi og rétt til réttlátrar málsmeðferðar.

Í ritgerðinni verða helstu réttarreglur skýrðar, dómaframkvæmd rannsökuð ítarlega og niðurstöður reifaðar og af þeim dregnar ályktanir. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: Hvaða áhrif hafa réttarfarslegar venjur dómstóla í meiðyrðamálum á tjáningarfrelsið?

---

<sup>21</sup> Jón Jónsson hdl., „Um málskostnaðarákvarðanir“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 13, 13–14.

<sup>22</sup> Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 6. gr.



## 2. Tjáningarfrelsi og æruvernd

Rétturinn til frjálsrar tjáningar er samofinn hugmyndinni um frelsi einstaklingsins og möguleika hans til að hafa áhrif á eigið umhverfi og samfélag. Ákvæði varðandi tjáningarfrelsi eru lögfest í stjórnarskrám flestra ríkja en mörg þeirra, það íslenska meðtalið, eiga rætur sínar að rekja til frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar 1789. Í byltingunni var barist fyrir rétti til frjálsra skipta á skoðunum og hugmyndum og var þá talið að í þeim rétti fælust einhver mikilvægustu réttindi sem menn gætu búið yfir.<sup>23</sup> Á þeim rúmu tvö hundruð árum sem liðið hafa frá því að þessi fyrsta mynd tjáningarfrelsis kom fram hafa lagaákvæði til að tryggja það þróast mjög og þá sérstaklega á umrótstímum á borð við heimsstyrjaldirnar tvær. Í dag er almennt litið svo á að tjáningarfrelsið sé ómetanlegt því lýðræðislega samfélagi sem við búum við.<sup>24</sup>

Þegar tjáningarfrelsinu eru settar tálmanir er yfirvöldum skapaður möguleiki á að ganga á réttindi hins almenna borgara. Þannig er tjáningarfrelsið með mikilvægustu réttinda til þess að lýðræðislegt samfélag geti þroskast og dafnað. Tjáningarfrelsið er grundvöllur frjálsrar umræðu og án þess gæti opinber umræða um þjóðfélagslega mikilvæg mál ekki þrífist. Þess vegna hefur tjáningarfrelsið verið talið eitt af grundvallar mannréttindum allt frá því að mannréttindahreyfing hins vestræna samfélags hófst fyrir nokkrum öldum.<sup>25</sup> Þó að líta megi svo á að hér á landi hafi verið stigin stór skref til að tryggja tjáningarfrelsinu nægilega vernd er þess einnig þörf að fylgjast reglulega með þeim takmörkunum sem það kann að líða og ganga reglulega úr skugga um að rétturinn til frjálsrar tjáningu sé enn á þann hátt sem frjálst og opið samfélag gerir kröfu um.

Þegar fjallað er um meiðyrðamál verður ekki komist hjá því að skoða sérstaklega verndarandlag ákvæða um ærumeiðingar. Í ærumeiðingu felst meingerð gegn æru annars manns. Slíkt athæfi er refsivert að lögum, en ákvæði varðandi refsingar gegn ærumeiðingum er að finna í XXV. kafla hgl. Þessi ákvæði ásamt öðrum lagareglum um æru manna veita saman það sem hefur verið kallað æruvernd og í hennar nafni standa ákvæði er tryggja mönnum að þeir geti höfðað refsí- og bótamál gegn manni sem brýtur gegn æru þeirra.<sup>26</sup>

---

<sup>23</sup> Páll Þórhallsson, „Constitutional Protection of Freedom of Expression in Europe“, *Ragnarsbók: Fræðirit um mannréttindi til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni* (Hið íslenska bókmenntafélag og Mannréttindaskrifstofa Íslands 2009) 315.

<sup>24</sup> Peter Cumper, „Article 10: Freedom of Expression“, *Law of the European Convention on Human Rights* (2. útgáfa, Oxford University Press 2009) 443–444.

<sup>25</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 569.

<sup>26</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 15) 133–134.

Í æruvernd felst því að æru manna er veitt vernd gegn ólögum árásum en nánar er fjallað um skilgreiningu ærunnar í kafla 2.2.<sup>27</sup> Þau mál, sem höfuð eru, þar sem einstaklingar telja brotið gegn æru sinni eru tiltölulega algeng hér á landi.<sup>28</sup> Slík mál kallast meiðyrðamál en nánar verður fjallað um þau í kafla 3.1.

## 2.1. Tjáningarfrelsi á Íslandi

Rétturinn til frjálstrar tjáningar er gamall og má rekja upphaf hans til þess þegar sjálfvirkar prentvélar komu fyrst fram snemma á nítjándu öld. Með þessum nýju vélum var hægt að breiða út fréttir, áróður og annan boðskap með mun auðveldari hætti en áður hafði verið hægt. Á þessum tíma stóð baráttan á milli valdamanna sem sáu hag sínum best borgið með ritskoðun og heftu prentfrelsi og hinna frjálslýndu aflu sem afnema vildu ritskoðun og innleiða lýðræðislega stjórnarhætti. Úr þessari baráttu kom fram fyrsta fyrirmyndin að þeim ákvæðum sem í dag gilda um tjáningarfrelsi, en hana var að finna í frönsku mannréttindayfirlýsingunni frá 1789.<sup>29</sup> Tjáningarfrelsisákvæði íslensku stjórnarskrárinnar á rætur sínar að rekja til dönsku grundvallarlaganna sem sett voruð árið 1849, en í 91. gr. laganna var að finna sérstakt prentfrelsisákvæði. Þegar Íslendingar fengu sína fyrstu stjórnarskrá árið 1874 var í henni prentfrelsisákvæði sem byggði á sambærilegu prentfrelsisákvæði er þá var að finna í 86. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1866.<sup>30</sup> Í 54. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 sagði:

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.<sup>31</sup>

Með þessu ákvæði var grundvöllurinn að tjáningarfrelsi í íslensku réttarkerfi lagður. Þetta ákvæði hélst svo óbreytt í næstu stjórnarskrám, fyrst í lögum um stjórnarskipun konungsríkisins Íslands frá 1920<sup>32</sup> og síðar í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.<sup>33</sup>

Ákvæði varðandi prentfrelsi héldust óbreytt í íslensku stjórnarskránni næstu 50 árin. Hugað var að endurskoðun stjórnarskrárákvæðanna 1994, en í apríl það ár sendi stjórnarskrárnefnd

---

<sup>27</sup> sama heimild 127–129.

<sup>28</sup> Varðandi fjölda meiðyrðamála hér á landi vísast til áður nefndrar rannsóknar sem unnin var í tengslum við ritgerð þessa og finna má í viðauka 1. Í henni kom fram að á árunum 2005 – 2014 voru höfðuð að meðaltali níu meiðyrðamál á ári sem enduðu með ómerkingu ummæla, refsingu, ákvörðun um skaða- eða miskabætur eða sýknu. Þar eru ótaldar málshöfðanir sem lokið var með sátt og má því telja að slíkar málshöfðanir séu nokkuð algengar hér á landi.

<sup>29</sup> Björg Thorarensen (n. 1) 347–348.

<sup>30</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 569.

<sup>31</sup> Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands nr. 1/1874 54. gr.

<sup>32</sup> Lög um stjórnarskipun konungsríkisins Íslands nr. 9/1920 68. gr.

<sup>33</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 72. gr.

formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þann 17. júní það sama ár ályktaði Alþingi að stefnt yrði að endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og skyldi lagafrumvarp vera reiðubúið þegar að næstu Alþingiskosningum kæmi.<sup>34</sup> Það frumvarp var lagt fram 15. desember 1994 og samþykkt á næsta löggjafarþingi sem lög nr. 97/1995.<sup>35</sup> Tilgangur með setningu þessara stjórnskipunarlaganna var þríþættur. Í fyrsta lagi til að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau gegndu betur því hlutverki að vera vörn almennings í samskiptum við ríkisvaldið. Í öðru lagi að færa ýmis ákvæði kaflans til nútímalegra horfs, enda höfðu þau verið óbreytt frá setningu þeirra 1874. Í þriðja lagi var bent á að tímabært væri að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með tilliti til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hafði gengist undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum.<sup>36</sup>

Mannréttindi á alþjóðlegum vettvangi og bindandi þjóðréttarsamningar um mannréttindi eru mun síðar til komin en mörg þeirra mannréttindaákvæða sem er að finna í stjórnarskrám vestrænna ríkja. Helstu breytingar á þessu sviði má rekja til straumhvarfa sem urðu í kjölfar seinni heimsstyrjaldar, þegar í ljós komu hrikaleg mannréttindabrot sem framin voru meðan á styrjöldinni stóð. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt árið 1948 og tryggði hún margt konar réttindi, en einkum borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi. Yfirlýsingin var ekki bindandi þjóðréttarsamningur en hún lagði þó grunninn að áframhaldandi samvinnu um alþjóðlega mannréttindasamninga. Mikilvægustu alþjóðsamningarnir um mannréttindi á vegum Sameinuðu þjóðanna voru annars vegar alþjóðsamningur um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, báðir frá árinu 1966.<sup>37</sup>

Auk vinnu á alþjóðagrundvelli hefur einnig farið fram vinna á vettvangi Evrópuráðsins varðandi mannréttindi. Mikilvægasti alþjóðsamningurinn á vegum Evrópuráðsins er Mannréttindasáttmáli Evrópu frá árinu 1950,<sup>38</sup> þar sem talin eru upp helstu borgaralegu og stjórnsmálalegu réttindi sem aðildarríki eru skuldbundin til að tryggja. Fjölmargir viðaukar hafa verið gerðir við samninginn. Ísland hefur staðfest mannréttindasáttmálann og viðauka hans og

---

<sup>34</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, almennar athugasemdir með frumvarpinu.

<sup>35</sup> Stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum nr. 97/1995.

<sup>36</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, almennar athugasemdir með frumvarpinu.

<sup>37</sup> sama heimild, III. Flokkun mannréttinda.

<sup>38</sup> Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

viðurkennt lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.<sup>39</sup> Þó að samningurinn hafi verið staðfestur var hann lengst af ekki lögfestur hér á landi. en hann var þó hafður til hliðsjónar við skýringu og túlkun dómstóla á íslenskum lögum. Þeirri skoðun óx smám saman ásmegin að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega réttindi samkvæmt sáttmálanum og leiddi það til lögfestingar hans með lögum nr. 62/1994.<sup>40</sup>

Þrátt fyrir lögfestingu ofangreindra sáttmála eru fjölmargir samningar sem ekki hafa verið lögfestir hér á landi. Á árunum fyrir gildistöku laga nr. 97/1995 höfðu nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna gagnrýnt að slíkir samningar hefðu ekki lagagildi hér á landi. Var í frumvarpi að lögumum sérstaklega fjallað um athugasemdir nefndar sem starfaði samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og nefndar sem starfaði samkvæmt samningi um afnám kynþáttamisréttis. Í þessum athugasemdum var þeirri skoðun einnig lýst að ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar gengu ekki nægilega langt til að vernda þau réttindi sem talin voru í samningunum.<sup>41</sup> Með lögum nr. 97/1995 var stjórnarskráin endurskoðuð til að mæta alþjóðlegum kröfum um mannréttindi, einkum kröfum vegna samninga á vegum Sameinuðu þjóðanna og kröfum vegna Mannréttindasáttmála Evrópu sem heyrir undir Evrópuráðið.

### **2.1.1. Takmarkanir og tálmanir á tjáningarfrelsinu**

Rétturinn til að láta hugsanir sínar í ljós er lögfestur í 2. mgr. 73. gr. stjkskr. og segir í 2. ml. greinarinnar að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þrátt fyrir að ekki sé heimilt að leiða í lög tálmanir á tjáningarfrelsi kveður 3. mgr. 73. gr. á um heimild til takmörkunar á tjáningarfrelsi. Mikilvægt er að gera greinarmun þar á milli, þ.e. að hægt er að veita heimild til takmörkunar á tjáningarfrelsinu en tálmun á því er aldrei heimil. Í fyrirfarandi tálmunum felst alvarlegri takmörkun á tjáningarfrelsinu en þær takmarkanir sem heimilar eru skv. 3. mgr. 73. gr. stjkskr.<sup>42</sup>

#### **2.1.1.1. Tálmanir**

Þó að heimilt sé að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að veita tjáningarfrelsinu ákveðnar takmarkanir er aldrei heimilt að tálma því. Vísast þar til 2. ml. 2. mgr. 73. gr. stjkskr.:

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

<sup>39</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, IV. Alþjóðasamningar um mannréttindi og gildi þeirra að landsrétti.

<sup>40</sup> sama heimild, IV. Alþjóðasamningar um mannréttindi og gildi þeirra að landsrétti.

<sup>41</sup> sama heimild, V. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

<sup>42</sup> Björg Thorarensen (n. 1) 365.

Með þessari yfirlýsingu er undirstrikað mikilvægi tjáningarfrelsisins og tryggt að ritskoðun verði ekki komið á að stjórnarskránni óbreyttri.<sup>43</sup> Hvað varðar inntak ákvæðisins má skýra ritskoðunarhugtakið svo að í því felist yfirlestur af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar því hvort að efni megi birta. Bannákvæði stjórnarskrárinnar kemur í veg fyrir slíka ritskoðun, hvort sem hún er á hendi framkvæmdavalds, löggjafar- eða dómvalds. Hvað átt er við með hugtakinu „aðrar tálmanir“ er óljósara en samt sem áður er ljóst er að í því felst ekki fortakslaust bann til birtingar efnis. Þannig er t.d. talið eðlilegt og löglegt að fjölmiðlar uppfylli ákveðnar kröfur og tryggi leyfi til útsendinga áður en þær hefjast eða að lögbann megi leggja á útgáfu efnis að uppfylltum skilyrðum laga um kyrrsetningu, lögbann, o.fl. nr. 31/1990.<sup>44</sup>

### 2.1.1.2. Takmarkanir

Fjallað er um heimild til að setja tjáningarfrelsinu takmarkanir í 3. mgr. 73. gr. stj.skr. en við setningu 3. mgr. 73. gr. stj.skr. var leitast við að orða ákvæðið með þeim hætti að það stangaðist ekki á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um takmarkanir á tjáningarfrelsinu.<sup>45</sup> Þó var ákvæðið ekki að öllu leyti eins og ákvæði sáttmálans og má þar nefna að efnislega er hið íslenska ákvæði um heimilar takmarkanir á tjáningarfrelsinu nokkuð þrengra.<sup>46</sup>

Áður en skilyrði takmarkana eru skoðuð verður að líta til þess hvað getur talist til takmarkana. Það er ekki skýrt í frumvarpi með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 hvernig skilgreina eigi hugtakið. Íhlutanir í tjáningarfrelsið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. MSE hafa þó að nokkru verið skilgreindar og þar sem ákvæðin eru efnislega lík má líta til skýringa á því ákvæði til nánari glöggvunar á því hvað geti talist takmörkun á tjáningarfrelsinu í skilningi 3. mgr. 73. gr. stj.skr. Þannig hefur verið talið að bæði fyrirfarandi tálmanir og viðurlög geti talist til íhlutunar í tjáningarfrelsið og nýtur það því bæði formlegrar og efnislegrar verndar.<sup>47</sup> Má því álykta sem svo að bæði sett lög og viðurlög af hálfu ríkisvaldsins geti veitt tjáningarfrelsinu takmörkun.

Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stj.skr. má aðeins setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Í þessum orðum ákvæðisins koma fram þrjú skilyrði:

---

<sup>43</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 579.

<sup>44</sup> sama heimild 573–574.

<sup>45</sup> Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 2. mgr. 10. gr.

<sup>46</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 74.

<sup>47</sup> Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsi“, *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005) 369.

- Takmörkunin þarf að vera lögmæt, þ.e. að lög mæli fyrir um hana.
- Markmið hennar verður að vera eitt þeirra sem talið er í 3. mgr.:
  - í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins,
  - til verndar heilsu eða siðgæði manna,
  - vegna réttinda eða mannorðs annarra.
- Takmörkunin verður að vera nauðsynleg og samræmast lýðræðishefðum.<sup>48</sup>

Til þess að takmörkun teljist lögmæt þurfa öll þrjú skilyrðin að vera uppfyllt. Sem dæmi má nefna að takmörkun er ekki lögmæt ef markmið hennar er talið í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. og hún er nauðsynleg og samræmist lýðræðishefðum ef ekki er mælt fyrir um hana í lögum. Á sama hátt er takmörkun ekki lögmæt ef mælt er um fyrir hana í lögum og takmörkunin er nauðsynleg og samræmist lýðræðishefðum ef markmið hennar er ekki eitt þeirra sem fjallað er um í 3. mgr. 73. gr.<sup>49</sup>

Þessi skilyrði eru þó ekki auðskiljanleg. Mikilvægt er að skoða nánar hvernig þeim hefur verið beitt og hvernig fræðimenn hafa skýrt þau til að öðlast skilning á því hvað raunverulega felst í þeim. Þar má fyrst líta til skilyrðisins um að mælt sé um takmörkunina í lögum. Byggir það á því að borgurunum séu ljósar þær skorður sem þeim eru settar og að þeir geti hegðað sér í samræmi við þær og nýtt sér tjáningarfrelsi innan þeirra marka sem löggin kveða á um. Hin lögmælda takmörkun má ekki vera of almenn, heldur verður hún að vera bundin við ákveðnar aðstæður eða tilvik, þannig að ekki leiki vafi á því hvenær hún á við. Þannig getur 3. mgr. 73. gr. stjkskr. ekki talist nægilega afmörkuð og verða menn því ekki dregnir til ábyrgðar fyrir dómstólum á grundvelli hennar. Ætlast er til að löggjafinn setji nánar tilgreind lög sem kveða á um takmörkun á grundvelli 3. mgr. 73. gr.<sup>50</sup> Dæmi um slík ákvæði er t.d. að finna lögum um lögmenn nr. 77/1998<sup>51</sup> sem kveður á um þagnarskyldu lögmanna, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem kveður á um þagmælsku opinberra starfsmanna,<sup>52</sup> 229. gr. hgl. sem kveður á um bann við því að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars, 233. gr. sömu laga sem kveður á um bann við hótunum og 234. – 237. gr. sömu laga sem kveða á um bann við ærumeiðingum.<sup>53</sup>

<sup>48</sup> Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 3. mgr. 73. gr.

<sup>49</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 580–581.

<sup>50</sup> sama heimild 581.

<sup>51</sup> Lög um lögmenn nr. 77/1998 22. gr.

<sup>52</sup> Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 18. gr.

<sup>53</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 229., 233. og 234. – 237. gr.

Annað skilyrðið sem líta þarf til er skilyrðið um að takmörkunin styðjist við eitthvert þeirra markmiða sem talin eru í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. Takmörkunin skal samkvæmt greininni vera

- í þágu allsherjarreglu
- í þágu öryggis ríkis
- til verndar heilsu
- til verndar siðgæðis
- vegna réttinda annarra
- eða vegna mannorðs annarra

Ekki er nauðsynlegt að markmiðið eins og það birtist í 3. mgr. sé orðað á sama hátt og í þeirri lagaheimild sem felur í sér takmörkunina. Þó þarf að vera hægt að sýna fram á tengsl lagaheimildarinnar við 3. mgr.<sup>54</sup> Fjöldmörg dæmi eru í íslenskri löggjöf um ákvæði sem stefna að þeim markmiðum sem kveðið er á um í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. Sem dæmi má nefna bann við uppljóstran trúnaðarmála sem sett er í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins eða réttinda annarra.<sup>55</sup> Þá eru til staðar lagaákvæði sem takmarka tjáningarfrelsi í því skyni að firra glæpum, t.d. 121. gr. hgl. um bann við hvatningu til refsiverðra verka, en þau eru sett vegna réttinda annarra, allsherjarreglu eða öryggis ríkisins.<sup>56</sup>

Þriðja og síðasta skilyrðið sem 3. mgr. 73. gr. tilgreinir svo heimilt sé að veita tjáningarfrelsinu takmörkun með lögum er að takmörkunin sé nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Hugtakið kemur oft til skoðunar í málum sem varða ærumeiðingar, enda er tjáningarfrelsið ein af forsendum lýðræðisþjóðfélags. Getur því reynst nokkuð vandasamt að finna mörkin á milli þess hvaða tjáning er slík að hana þurfi að takmarka, og hvaða tjáning teljist nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi.<sup>57</sup> Þá verður einnig að líta til þess að það geti breyst hvað teljist lýðræðislegu samfélagi nauðsynlegt enda er hugmyndin um lýðræði og lýðræðislegt samfélag breytileg og mótast af mörgum síbreytilegum þáttum. Það er því ljóst að auk þess sem erfitt getur reynst að finna mörk á milli heimillar og óheimillar tjáningar geta þau mörk einnig verið breytileg. Mikilvægt er því að skoða á hverjum tíma hvort þær takmarkanir sem eitt sinn töldust nauðsynlegar séu það enn.

---

<sup>54</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 580–581.

<sup>55</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 229. gr.

<sup>56</sup> Hörður Einarsson, *Tjáningarfrelsi og fjölmíðlar* (Reykjaprent 1997) 51.

<sup>57</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 585.

Mörg skilyrði eru því til staðar til þess að takmarkanir á tjáningarfrelsinu teljist heimilar. Þegar tjáningarfrelsinu eru veittar takmarkanir verða skilyrði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra skuldbindinga, sem Ísland er aðili að, að vera uppfyllt. Verða þessi skilyrði skoðuð nánar með tilliti til þeirra atriða er ritgerð þessi fjallar um í köflum 4 og 5.

## 2.2. Æruvernd

Í æruvernd felst vernd gegn óréttmætum árásum, ærumeiðingum, sem bæði geta komið fram í meiðyrðum eða í annars konar hátterni. Árás á æru er ásamt öðrum brotum XXV. kafla hgl. í flokki svokallaðra friðarbrotu.<sup>58</sup> Það hefur lengi verið litið svo á að það sé grundvallarregla í íslenskum rétti að æra manna skuli friðuð gegn óréttmætum árásum. Í grein sinni frá árinu 1952, *Meiðyrði og Meiðyrðamál*, sagði Einar Arnórsson að hver maður ætti rétt á því að vera óáreittur að æru sinni, þar til hann hefði eitthvað gert sem réttlæti slíka árás, eða að ríkisvaldið hefði réttmæta ástæðu til rannsóknar á því, hvort hann hafi nokkuð það framið, sem horfa mætti honum til óvirðingar eða mannorðspjalla.<sup>59</sup>

Ljóst er að æran hefur um langa tíð verið talin mikilvæg í íslenskum rétti og hafa lög til verndar henni lengi átt stað í íslenskri löggjöf. Segja má að tvær meginskoðanir gildi um hugtakið æru. Sú fyrri að æran tákni manngildið sjálft, eiginleika manns, hegðun og breytni, þ.e. öll þau atriði sem mynda hið persónulega gildi hvers manns. Síðar hugmyndin er sú að æran sé hugmynd, dómur eða álit um þetta persónulega gildi manns sem hægt er að greina í tvennt, í hina huglægu og hina hlutlægu æru. Þar er hin huglæga æra dómur aðilans sjálfs um manngildi sitt, þ.e. sjálfsálit, en hlutleg æra dómur annarra manna um manngildi aðilans, þ.e. mannorðið.<sup>60</sup> Þau ákvæði er veita æru manna vernd í íslenskum rétti er að finna í XXV. kafla almennra hegningarlaga og verða þau skýrð nánar hér á eftir.<sup>61</sup>

### 2.2.1. Ærumeiðingarákvæði almennra hegningarlaga

Íslensk lög veita æru manna vernd með ýmsum hætti. Hefur slík vernd lengi verið talin mikilvæg og æra manna talin dýrmæt. Í Grágásarlögum var að finna viðurlög við *fullréttisorðum*, en það orð var notað yfir ærumeiðingar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Svipuð ákvæði var að finna í lögbókunum Járnsíðu og Jónsbók. Samkvæmt rétti Jónsbókar, sem var helsta réttarheimild Íslendinga um margar aldir, nefndust ærumeiðingar fjölmæli og var það

<sup>58</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 199.

<sup>59</sup> Einar Arnórsson, „Meiðyrði og meiðyrðamál“ (1952) 2 (3) Tímarit lögfræðinga 123, 124.

<sup>60</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 15) 127–129.

<sup>61</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 XXV. kafli



orð lengi notað.<sup>62</sup> Ákvæði Jónsbókar er vörðuðu ærumeiðingar voru í gildi þar til fyrirmæli Dönsku laga Kristjáns fimmta um ærusakir voru lögboðin með konungstilskipun árið 1838. Árið 1869 setti konungur almenn hegningarlög handa Íslandi þar sem fjallað var um ærumeiðingar, en þau lög giltu þangað til núgildandi hegningarlög nr. 19/1940 voru sett.<sup>63</sup>

Með almennum hegningarlögum nr. 19/1940 var nokkuð hert á refsingum þannig að dæma mætti menn til fangelsisvistar allt að einu ári fyrir aðdróttanir og móðganir, og tvö ár fyrir aðdróttanir gegn betri vitund.<sup>64</sup> Þá var ekki heimilt að dæma menn til sekta fyrir aðdróttanir gegn betri vitund, einungis fangelsisvistar. Þá var lágmark fangelsisvistar 30 dagar skv. 34. gr. laganna.<sup>65</sup> Einnig voru heimildir annars staðar í hegningarlögum til að þyngja refsingu, t.d. ef ærumeiðingar sneru gegn konungi, en þá var heimild til þess að tvöfalda refsinguna, auk þess sem ekki var heimilt að dæma vægari refsingu en varðhaldi. Samkvæmt 108. gr. var hægt að dæma menn til varðhalds eða fangelsisrefsingar allt að 3 árum við móðgunum og aðdróttunum í garð opinbers starfsmanns. Þá lagði 95. gr. sektir, varðhald eða fangelsi allt að 6 árum við því að smána opinberlega erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, svo og fyrir móðganir og aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir væru hér á landi.<sup>66</sup>

Eins og fram hefur komið er fjallað um ærumeiðingar í XXV. kafla hgl. Sá lagakafli hefur að geyma nokkur refsíákvæði við brotum gegn æru manna en til þess að gefa skýra mynd af því hvað refsivert er í þeim efnum verður hér fjallað um þær tegundir ærumeiðingarákvæða sem finna má í kaflanum. Í almennum hegningarlögum er ærumeiðingum skipt í tvo meginflokka, móðganir og aðdróttanir og eru aðskildar refsheimildir fyrir hvort brot fyrir sig. Þannig er móðgun refsiverð skv. 234. gr. hgl. en aðdróttun skv. 235. gr.<sup>67</sup>

Hugtakið móðgun er ekki skilgreint í hgl. eða öðrum lögskýringargögnum og hefur því túlkun dómstóla á hugtakinu mótað venju varðandi skýringu hugtaksins. Móðgun hefur almennt verið skýrð á þann veg að hún felist í einhverju því hátterni, sem beint er gegn öðrum manni og lýsir megnri óvirðingu eða fyrirlitningu, svo sem alkunnum og niðrandi skammmaryrðum eða í sérsniðnari smánaryrðum. Móðganir geta einnig falist í margs konar ummælum, þar sem engin

---

<sup>62</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 195.

<sup>63</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 15) 113.

<sup>64</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 234. – 236. gr.

<sup>65</sup> Gunnar Thoroddsen, *Æran og vernd hennar* (1943) 194–195.

<sup>66</sup> sama heimild 196–197.

<sup>67</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 234. – 235. gr.

skammaryrði eru viðhöfð, heldur einungis fjallað um mann í háðslegum tón eða í skoplegu en nöpru ljósi.<sup>68</sup>

Hvað varðar aðdróttun er hún að nokkru leyti skilgreind í 235. gr. hgl.:

Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.<sup>69</sup>

Þannig er aðdróttun fólgin í áburði eða ásökun á hendur öðrum manni um eitthvað sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, sbr. orðalag 235. gr. Með þessu athæfi er hægt að særa sjálfsvirðingu þess sem aðdróttunin beinist gegn og lækka hann í álit annarra, en hið síðarnefnda er oftast tilgangur aðdróttana.<sup>70</sup> Í aðdróttun getur falist ásökun um refsiverða háttsemi eða aðdróttun um aðra háttsemi sem, þrátt fyrir að vera ekki refsiverð, telst virðingu manns til hnekkis á einhvern hátt. Þá getur í aðdróttun einnig falist ásökun um athafnaleysi þegar rétt hefði verið að grípa til athafna eða jafnvel ásökun sem varðar hvorki sérstakar athafnir eða athafnaleysi, einfaldlega ákveðinn siðgæðiskort hjá þeim er aðdróttunin beinist gegn.<sup>71</sup>

Í 236. gr. hgl. er fjallað um alvarlegri tegundir aðdróttana eða það sem kalla má auknar aðdróttanir. Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund nær refsiramma tveimur árum sbr. 1. mgr. 236. gr. Athygli vekur að í 236. gr. er ekki heimild til að beita sektum sem refsingu fyrir brot eins og í 234. og 235. gr. Þannig er gert ráð fyrir því að refsing verði í formi frelsissviptingar frekar en sektargerðar sé þessari grein beitt. Í 2. mgr. 236. gr. kemur fram að sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, varði það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Þannig telst útbreiðsla ærumeiðinga sjálfstætt brot.<sup>72</sup>

Þá ber einnig að nefna að í útbreiðslu ærumeiðinga felst sjálfstætt brot. Í fyrrnefndum ærumeiðingarákvæðum er útbreiðsla ærumeiðinga lögð að jöfnu við svokallaða „frumærumeiðingu“. Þetta kann að vera sérstaklega vandasamt fyrir fjölmiðla sem segja fregnir af ummælum eins manns um annan þar sem dreifing slíkra fjölmiðla getur borið út hina upprunalegu ærumeiðingu og gæti hún þá valdið meiri skaða en hún annars myndi gera. Þó hefur verið talið að frásögn af ærumeiðingu sé refsilaus ef telja má að hún sé hlutlaus og ljóst

<sup>68</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 200–201.

<sup>69</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 235. gr.

<sup>70</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 200–201.

<sup>71</sup> Einar Arnórsson (n. 59) 127–131.

<sup>72</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 202–203.

verður að telja að frásögn af kæruefnum, dómum og því er fram kemur í vitnaleiðslum sé refsilaus.<sup>73</sup>

Algengast er þegar brotið er gegn æru manna að brotið sé gegn 234. og 235. gr. en einnig er að finna sjálfstætt refsíákvæði í 237. gr., en greinin fjallar um brigslyrði. Samkvæmt greininni er það refsivert ef maður bregður öðrum manni brigsjum án nokkurs tilefnis, enda þótt hann segi satt.<sup>74</sup> Brigsl eru álásanir eða ásakanir, sem kunna að fela í sér aðdróttanir en eru þó ekki endilega svo víðtækar. Þannig er áhugavert að skoða að brigslyrði geta tekið til eins atburðar eða atviks, t.d. gamals refsídóms, án þess að brigslandi hafi sjálfur uppi víðtæka ályktun um eiginleika brigslþolans. Verndarandlag þessarar greinar er sérstaklega sjálfsvirðing þess manns sem brigslunum er beint að og er því ekki nauðsynlegt að sérstök útbreiðsla ummællanna hafi orðið. Þá vekur athygli að sönnun leysir menn ekki undan refsingu en í greinargerð með frumvarpi til hegningarlaga kemur fram að það yrði að jafnaði talið ótilhlýðilegt að brigsla manni að ástæðulausu um refsivert eða vansæmandi verk er hann hefði framið. Skilyrði þess að um brot gegn 237. gr. sé að ræða er að lítið eða ekkert tilefni sé fyrir ummælunum. Þannig er nauðsynlegt, ef brigsl eru uppi höfð, að færa sönnur á að þau hafi ekki verið með tilefnislausu ef meintur brigslandi hyggst forðast refsingu.<sup>75</sup> Mál sem fjalla um brot gegn 237. gr. eru þó afar sjaldgæf og hefur greinin verið afar lítið notuð síðustu áratugi. Sem dæmi um mál þar sem ummæli hafa verið dæmd ómerk á grundvelli 237. gr. hgl. má nefna Hrd. nr. 36/1954 en þar hafði verið brigslað um afbrot íslensks manns sem hafði verið í þjónustu þýsku leyniþjónustunnar í síðari heimstyrjöldinni. Taldi Hæstiréttur að ítrekuð umfjöllun í fjölmiðlum um fyrri afbrot mannsins hefði verið að tilefnislausu og dæmdi ummælin því ómerk að hluta.<sup>76</sup>

Í 240. gr. hgl. er ákvæði sem kveður á um að sé ærumeiðingum beint að dánur manni varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Heimild til þess að höfða slíkt mál hafa tilteknir venslamenn hins látna skv. 3. mgr. 25. gr. hgl.<sup>77</sup>

Heimild til að dæma ummæli ómerk er að finna í 241. gr.<sup>78</sup> Greinin er nokkuð sérstök en aðeins í þremur löndum má finna heimild til þess að dæma ummæli ómerk, þ.e. á Íslandi, í Danmörku og í Noregi.<sup>79</sup> Athygli vekur að heimildin í 241. gr. tekur til allra ummæla, bæði þeirra sem eru

---

<sup>73</sup> sama heimild 203–204.

<sup>74</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 237. gr.

<sup>75</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 204–205.

<sup>76</sup> Hrd. 19. október 1955 í máli nr. 36/1954

<sup>77</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 208–209.

<sup>78</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 241. gr.

<sup>79</sup> Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi umsókn nr. 21980/93 (MDE, 20. maí 1999), mgr. 40.

móðgandi sbr. 234. gr. og aðdróttana sbr. 235. gr. Þannig er hægt að dæma ummæli ómerk jafnvel þó þau innihaldi gildisdóma eða móðgandi ummæli sem ekki felast í staðhæfingar.

Þegar XXV. kafli almennra hegningarlaga er skoðaður í heild má sjá að hann hefur að geyma víðtækan refsiramma varðandi ýmiskonar refsiverða tjáningu. Í 234., 235. og 240. gr. er að finna refsíákvæði sem kveða á um fangelsisrefsingu allt að einu ári og 233. gr. a, 233. gr. b, og 236. gr. kveða á um fangelsisrefsingu allt að tveimur árum.<sup>80</sup>

### 2.2.1. Miskabætur vegna meiðyrða

Annar þátt æruverndarinnar sem kemur til viðbótar ákvæðum almennra hegningarlaga um ólögmæti og refsináemi ærumeiðinga er að finna á sviði skaðabótaréttarins. Kveða lög in á um möguleika manna til að fá dæmdar miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru sinni. Þannig segir í b-lið 1. mgr. 26. gr. að heimilt sé að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.<sup>81</sup> Þrátt fyrir að ákvæði þessi standi í skaðabótalögum og séu af skaðabótaréttarlegum meiði er þeim ætlað að tryggja stjórnarskrárbundin mannréttindi sem fjallað er um í 1. mgr. 71. gr. stjkskr. um friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu og er ákvæðið þannig veigamikill þáttur í þeirri vernd sem ærunni er veitt að íslenskum lögum.<sup>82</sup>

Ákvæði er kveða á um miskabætur vegna ærumeiðinga hafa lengi verið til staðar í íslenskum lögum en þau má rekja til almennra hegningarlaga frá árinu 1869 þar sem sagði í 305. gr. að dæma mætti þann sem hefði meitt æru annars manns til að gjalda þeim, sem misgjört var við, hæfilega þóknun fyrir ef hann hefði raskað stöðu eða högum mannsins.<sup>83</sup> Sambærilega heimild var að finna í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er þau voru fyrst sett hér á landi.<sup>84</sup> Sú heimild var svo felld niður með skaðabótalögum nr. 50/1993 og var þá áðurnefndur b-liður 1. mgr. 26. gr. tekinn upp sem tryggði mönnum rétt til miskabóta vegna ærumeiðinga á grundvelli skaðabótaréttar.<sup>85</sup>

Það ákvæði er stendur nú í skaðabótalögum um miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar við æru gerir mönnum kleift að krefjast miskabóta vegna ófjárhagslegs tjóns sem verður vegna

<sup>80</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 XXV. kafli.

<sup>81</sup> Skaðabótalög nr. 50/1993 26. gr.

<sup>82</sup> Eiríkur Jónsson, „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“ 60 (1) Úlfjótur 25, 26.

<sup>83</sup> Almenn hegningarlög 1869 305. gr.

<sup>84</sup> Almenn hegningarlög 19/1940 264. gr.

<sup>85</sup> Eiríkur Jónsson (n. 82) 27.

ummæla er maður lætur falla um annan. Slíkt tjón hefur verið skilgreint sem tjón sem ekki verður metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Tjónið sé fólgið í skerðingu hugrænna gæða sem ekki hafa hlutlæga tilveru utan réttthafans eða eru svo bundin við einstakling þann er þeirra nýtur að erfitt sé að meta þau til fjár.<sup>86</sup> Til þess að greiða megi miskabætur fyrir miska vegna ærumeiðinga er skilyrði að um ólögmæta meingerð sé að ræða eins og fram kemur í ákvæðinu.<sup>87</sup> Hugtakið var tekið upp með skaðabótalögum nr. 50/1993 en erfitt getur verið að skilgreina hvað nákvæmlega felst í ólögmætri meingerð. Hefur það af fræðimönnum verið skilgreint sem ákveðin mannleg háttsemi sem brjóti gegn réttarreglum. Í skilyrðinu felst að um háttsemina megi ekki gilda ábyrgðarleysisástandur og að um saknæma hegðun sé að ræða. Ef um gáleysi væri að ræða þyrfti það að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Þannig tæki ákvæðið t.d. ekki til smávægilegra hrekkja eða stríðni. Segja má að ólögmæt meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé saknæm hegðun sem bitni á æru manna og þarf hegðunin að fela í sér ásetning eða verulegt gáleysi. Hún þarf einnig að vera af tilteknum grófleika þó erfitt sé að afmarka með almennum hætti í hverju sá grófleiki felist.<sup>88</sup>

Ákvæði þessi skipta nokkrum sköpum við skoðun á því hvernig réttarfari meiðyrðamála er háttað. Sérstaklega má þar vísa til þess að fjárhæð dóms um greiðslu miskabóta getur ráðið því hvort áfrýjunarfjárhæð er náð skv. 1. mgr. 152. gr. eml. og þannig hvort að skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar er náð eða hvort að sækja þarf sérstaklega um áfrýjunarleyfi skv. 1. mgr. 154. gr. eml.<sup>89</sup> Ítarlega verður fjallað um veitingu slíkra leyfa í kafla 5.1 með sérstaka áherslu á framkvæmd í meiðyrðamálum.

### **3. Málshöfðanir til takmörkunar á tjáningarfrelsinu**

Þegar tjáning er talin brjóta gegn æru einhvers, einkalífsvernd hans eða á annan hátt gera honum mein getur sá hinn sami höfðað mál á hendur þeim er viðhafði tjáninguna til að ná fram ákveðnum áhrifum. Hægt er að höfða mál til þess að fá ummæli dæmd dauð og ómerk, fá

---

<sup>86</sup> Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og Miski“ (1947) 1 (2) Úlfjótur - tímarit laganema 3, 11.

<sup>87</sup> Skaðabótalög nr. 50/1993 26. gr.

<sup>88</sup> Eiríkur Jónsson (n. 82) 31–32.

<sup>89</sup> Til þess að áfrýja megi máli til Hæstaréttar án þess að sækja sérstaklega um áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. eml. þarf áfrýjunarfjárhæð skv. 152. gr. sömu laga að vera náð. Fjárhæð sú er 300.000 kr. uppfærð í samræmi við lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992.

dæmdar miska- eða skaðabætur og einnig er hægt að sækja mál með það að markmiði að dæma menn til refsingar.<sup>90</sup>

### 3.1. Meiðyrðamál

Æruvernd hefur ávallt haft sterka stöðu í íslensku réttarkerfi en sjá má að meiðyrðamál eða forverar þeirra hafa verið höfðuð allt frá þjóðveldisöld.<sup>91</sup> Þau ákvæði sem gilda í dag um ærumeiðingar eiga rætur sínar að rekja til ærumeiðingaákvæðanna í almennum hegningarlögum frá 1869. Í tíð þeirra laga og stuttu eftir að hin nýju hegningarlög nr. 19/1940 tóku gildi var það sjaldgæft að mönnum væru dæmdar fébætur vegna árásar á æru þeirra. Mun algengara var í þá tíð að refsingu væri beitt, þó oftast fésekt. Á þeim tíma var framkvæmdin í öðrum norrænum löndum svipuð, þ.e. að algengara var að menn væru dæmdir til refsinga en að þeim væri gert að greiða hinum er fyrir meingerðinni varð bætur.<sup>92</sup> Á þeim tíma voru Norðurlöndin þau einu sem beittu ómerkingu ummæla þegar um ærumeiðandi ummæli var að ræða, en reglan um ómerkingu var lögtekin með tilskipun 9. maí 1855 um prentfrelsi. Regla þessi var síðan færð í hegningarlög árið 1869. Allt frá þeirri tíð hafa meiðyrðamál verið höfðuð með nokkuð svipuðum hætti, enda nokkur samhljómur með ákvæðum hegningarlaga frá 1869 og laga nr. 19/1940 hvað varðar ákvæði um ærumeiðingar.<sup>93</sup>

Núgildandi refsíákvæði vegna meiðyrða er eins og áður segir að finna í XXV. hgl. Málaflokkurinn á sér nokkra sérstöðu þar sem í flestum tilfellum höfðar ákærvaldið ekki mál vegna ærumeiðandi ummæla heldur gerir það sá aðili sem ærumeiðing beinist gegn.<sup>94</sup> Í 242. gr. hgl. er fjallað um þau tilvik þar sem brot gegn ákvæðum XXV. kafla laganna skuli sæta ákæru, en það eru brot gegn ákvæðum 233. og 233. gr. a, auk þess sem brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. geta sætt opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert hefur verið við. Þannig skulu þau ákvæði sem algengast er að beitt sé í meiðyrðamálum, 234. og 235. gr. um móðganir og aðdróttanir, ekki sæta ákæru af hálfu ákærvaldsins.<sup>95</sup> Þá kemur fram í 3. tl. 242. gr. hgl. að mál út af öðrum brotum, þ.e. þeim brotum sem ekki skuli sæta ákæru af hálfu ákærvaldsins, geti sá einn höfðað sem misgert er við. Mál sem höfðuð eru vegna meiðyrða falla því í flokk svokallaðra einkarefsimála og veitir það þeim nokkra sérstöðu. Þannig er einstaklingur sóttur

---

<sup>90</sup> sama heimild 172.

<sup>91</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 15) 5.

<sup>92</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 65) 203–204.

<sup>93</sup> sama heimild 212.

<sup>94</sup> Gunnar Thoroddsen (n. 15) 305.

<sup>95</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 242. gr.

til saka af öðrum einstaklingi fyrir hegningarlögbrot, án þess að gefin sé út ákæra.<sup>96</sup> Um slík einkarefsimál er fjallað í 25. gr. laganna en þar kemur fram að ef ekki ber að höfða mál af hálfu ákærvaldsins út af broti geti sá einn höfðað mál sem misgert var við. Þess verður einnig að geta að þegar einkarefsimál eru höfðuð greiða stefnendur engin dómsmálagjöld<sup>97</sup> en fjallað verður nánar um þá framkvæmd í kafla 6.

### 3.2. Mál sem varða friðhelgi einkalífs

Eins og áður var sagt eru mál er varða brot gegn friðhelgi einkalífs náskyld meiðyrðamálum. Þegar umfjöllun er birt um einkalíf einstaklings er sá möguleiki til staðar að vegið verði of nálægt einkalífi hans eða birtar upplýsingar sem rjúfa friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu hans. Með umfjöllun af því tagi er hægt að veita gegn stjórnarskrárvörðum réttindum varðandi friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem lögfest er í 71. gr. stjkskr. Auk þess er í almennum hegningarlögum að finna ákvæði sem hafa að geyma refsíákvæði fyrir slíka umfjöllun. Slík umfjöllun er refsiverð skv. 229. gr. almennra hegningarlaga, en í henni segir að hver sem skýri opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.<sup>98</sup> Brot af þessu tagi eru nokkuð nátengd brotum gegn æru manna og er refsíákvæði þetta að finna í XXV. kafla almennra hegningarlaga, sama kafla og hefur að geyma refsingar vegna brota gegn æru manna. Þá er stundum stefnt bæði fyrir brot gegn æru og friðhelgi einkalífs.<sup>99</sup>

Athuga verður þó að í mörgum þeirra mála þar sem stefnt er fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs vísa dómstólar frekar til 71. gr. stjkskr. en 229. gr. hgl. Orsakast þetta að vissu leyti af takmörkuðu gildissviði 229. gr. en hún kveður einungis á um ólögætti þess að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn.<sup>100</sup> Gott dæmi um slíkt mál er Hrd. 278/2006 þar sem stefnt var bæði vegna ærumeiðandi ummæla og broti gegn friðhelgi einkalífs:

Stefnandi krafðist þess að forsíðufyrirsögnin „Bubbi fallinn!“ yrði dæmd dauð og ómerk og var miskabótakrafa í málinu einnig reist á því að friðhelgi einkalífs hans hefði verið rofin með óheimilli myndbirtingu af honum og umfjöllun um einkamálefni hans. Taldi Hæstiréttur að friðhelgi einkalífs hans hafði verið rofin þar sem teknar hefðu verið

<sup>96</sup> Páll Sigurðsson (n. 5) 174–175.

<sup>97</sup> Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 6. tl. 3. mgr. 1. gr.

<sup>98</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 229. gr.

<sup>99</sup> Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997) 171.

<sup>100</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 229. gr.

myndir af honum er hann var í bíl sínum á ferð um Reykjavík. Forsíðufyrirsögnin var auk þess ómerkt og stefnda gert að greiða stefnanda miskabætur.<sup>101</sup>

Áhugavert er í dómi þessum að myndbirting af stefnanda í fjölmiðlum er talin brot á friðhelgi einkalífs hans en ekki sjálf umfjöllunin um hann. Dómur þessi gefur einnig mynd af því hvernig oft er í sama máli sótt á þann sem birtir ummæli um annan sem stefnandi telur vega bæði að æru sinni og friðhelgi einkalífs. Þannig algengt að sjá kröfugerðir sem grundvallast bæði á því að framið hafi verið friðarbrot og að vegið hafi verið að æru manns.

#### **4. Málskostnaðarákvarðanir**

Ákvarðanir dómara um málskostnað í einkamálum hafa oft sætt gagnrýni. Oftast nær snýr sú gagnrýni að því að ákveðinn málskostnaður sé mun lægri en sá sem er beðið um samkvæmt málskostnaðarreikningi og að greiðsla hluta lögmannskostnaðar endi þá á þeim sem vann mál eða að lögmaður fái þá ekki borgað fyrir vinnu sína að fullu. Hafa lögmennt þannig talið að störf þeirra séu lítils metin þegar kemur að samanburði við störf annarra sérfræðinga.<sup>102</sup> Hvað varðar rannsóknarefni ritgerðar þessari er þó nauðsynlegt að líta til þess hvernig málskostnaðarákvörðunum er háttað í meiðyrðamálum. Verður þannig fyrst skoðað hvernig málskostnaðarákvarðanir eru almennt teknar og svo hvernig þær eru teknar í meiðyrðamálum. Í þessum kafla verða reifaðar helstu réttarreglur er varða málskostnaðarákvarðanir í einkamálum og dómafordæmi skoðuð ítarlega til að varpa ljósi á málaflokkinn.

##### **4.1. Ákvörðun um málskostnað í einkamálum**

Þegar máli lýkur fyrir dómi á annan hátt en með dómsátt verður dómari í næstum öllum tilfellum að taka afstöðu til málskostnaðar milli aðilanna þannig að annar greiði hinum vegna kostnaðar við málarekstur sinn eða að málskostnaður falli niður á milli aðila og þurfi þannig báðir aðilar að bera eigin kostnað. Þá getur jafnvel komið til þess að dómsátt náist en að aðilar láti dómara eftir að kveða á um málskostnað og skal hann þá kveða upp úrskurð um hann sbr. 2. mgr. 108. gr. eml. Líta má á málskostnað sem eins konar skaðabætur þess aðila sem vinnur mál en hugsunin að baki reglunum er að gera þann aðila sem vinnur mál og þurfti að reka það fyrir dómstólum skaðlausan.<sup>103</sup>

<sup>101</sup> Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006.

<sup>102</sup> Jóhannes Albert Sævarsson, „Lögmennt og aðrir sérfræðingar“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 11, 11.

<sup>103</sup> Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Úlfljóttur 2003) 242.



Það hvaða útgjöld aðila teljast til málskostnaðar sem dæma má með 130. gr. eml. er fjallað um í 1. mgr. 129. gr. eml. og á dómari ekki að líta til annarra atriða en þar eru talin við ákvörðun málskostnaðar. Sjá má að helstu liðirnir í málskostnaði skv. 1. mgr. 129. gr. eml. eru þóknun lögmanns, kostnaður af birtingu stefnu og tilkynninga, dómsmálagjöld í ríkissjóð skv. lögum nr. 88/1991, ferðakostnaður, þóknunir til matsmanna, vitna, þýðenda, og votta og kostnaður af endurritum, sem greiddur er dómstólnum. Þá er einnig tekið fram að til málskostnaðar heyri annar kostnaður, sem stafar beinlínis af máli, en þar getur einkum átt undir kostnaður af gagnaöflun sem ekki er beint kveðið á um í talningu greinarinnar. Undir það getur t.d. fallið kostnaður vegna öflunar örorkumats í skaðabótamál. Talning greinar þessar hefur verið túlkuð svo að hún sé tæmandi þó að slíkt komi ekki fram í eml. eða greinargerð með frumvarpi að lögnum.<sup>104</sup>

Hvað varðar skyldu til að greiða gagnaðila málskostnað var í 1. mgr. 177. gr. eldri laga um meðferð einkamála nr. 85/1936 að finna fortakslausu skyldu til að dæma þeim aðila sem tapaði máli til að greiða mótaðila sínum málskostnað. Í framkvæmd var þessari skyldu þó ekki alltaf fylgt og því þótti eðlilegt að breyta orðalagi ákvæðisins til samræmis við þá staðreynd þegar ný lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 voru sett. Þannig kvað 1. mgr. 130. gr., sem kom í staðinn fyrir 1. mgr. 177. gr. eldri laganna, á um að sá sem tapaði máli í öllu verulegu skyldi að jafnaði dæmdur til að greiða mótaðila sínum málskostnað.<sup>105</sup> Þessi regla er þó ekki fortakslaus enda er mikill fjöldi mála þar sem málskostnaðar er felldur niður eða einungis dæmdur að hluta. Verður því að skýra nánar undantekningar frá reglunni. Undantekningar frá reglunni um að sá sem tapi máli skuli greiða gagnaðila málskostnað er helst að finna í 2. – 4. mgr. 130. gr. eml. og 131. gr. eml. Þá má einnig víkja frá þessari reglu ef annar aðilinn krefur hinn ekki um málskostnað sbr. 3. mgr. 129. gr. eml.<sup>106</sup>

Í 131. gr. eml. koma fram sérreglur þar sem dómara er heimilt að dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað án tillits til úrslita máls vegna framferðis aðila eða aðgerða við rekstur málsins.<sup>107</sup> Þannig má skv. 1. mgr. 131. gr. eml. dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað ef hann hefur höfðað mál af þarflausu eða án neins tilefnis af hendi gagnaðila, ef hann hefur valdið óþarfa drætti á máli af ásetningi eða með skeytingarleysi eða handvömm eða ef hann hefur haft uppi kröfur, staðhæfingar, eða mótbárur sem hann vissi eða

---

<sup>104</sup> sama heimild.

<sup>105</sup> Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál , um 130. gr.

<sup>106</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 129. – 131. gr.

<sup>107</sup> Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál , um 131. gr.

mátti vita að væru rangar eða haldlausar. Þá er í 2. – 4. mgr. 131. gr. eml. fjallað um sérstök tilvik þar sem hægt er að gera aðilum að greiða álag eða sérstakar greiðslur til gagnaðila sinna við tilteknar aðstæður sem þó er ekki þörf á að reifa sérstaklega hér.<sup>108</sup> Í 2. mgr. 130. gr. eml. er regla um að stefnandi skuli greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efndi þá skyldu sem hann er krafinn um í viðeigandi máli. Þá kveður 4. mgr. 130. gr. eml. á um heimild til að lækka málskostnað handa þeim sem vinnur mál þegar rekin eru mörg dómsmál þar sem hægt hefði verið að sækja allar kröfur í einu máli.<sup>109</sup>

Í 3. mgr. er að finna tvíþætta undantekningu frá meginreglunni í 1. mgr. 130. gr. eml. sem heimilað getur dómara að láta annan aðila greiða hluta málskostnaðar gagnaðila eða að fella hann niður svo að báðir aðilar beri sinn eigin kostnað í máli. Fyrri málsliður 3. mgr. 130. gr. kveður á um heimild til að láta annan aðila greiða hluta málskostnaðar gagnaðila, eða að láta aðila bera sjálfa sinn kostnað af málinu. Þessari heimild skal samkvæmt greininni beitt þegar aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru eða ef veruleg vafaatriði eru uppi í málinu. Seinni málsliður 3. mgr. kveður á um heimild til að fella niður málskostnað ef sá sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað.<sup>110</sup>

Þrátt fyrir meginreglu 130. gr. um að sá skuli greiða gagnaðila málskostnað er tapi máli er algengt að í niðurstöðum dómstóla sé vikið frá þessari reglu. Málskostnaður er oft látinn niður falla þrátt fyrir að annar aðili tapi máli. Slíkar niðurstöður byggjast á undantekningu frá meginreglu 130. gr. eml. og geta grundvallast á reglum XXI. kafla eml. og skýringum á þeim. Það er hins vegar sjaldgæft í niðurstöðum dómstóla að finna megi rökstuðning fyrir því af hverju er vikið frá meginreglu 130. gr.<sup>111, 112</sup>

Í framkvæmd hefur 1. mgr. 130. gr. eml. verið túlkuð sem nokkurs konar sanngirniregla og má sem dæmi nefna að algengt er að málskostnaður einstaklinga sem tapa máli gegn váttryggingafélögum og stjórnvöldum sé látinn niður falla. Þá hefur málskostnaður einnig verið felldur niður þó að ekki sé fyrir hendi aðstöðumunur á milli aðila, t.d. í forræðismálum og

---

<sup>108</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 131. gr.

<sup>109</sup> sama heimild 130. gr.

<sup>110</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 3. mgr. 130. gr.

<sup>111</sup> Jón Jónsson hdl. (n. 21) 13.

<sup>112</sup> Rannsókn höfundar á málskostnaðarákvörðunum í meiðyrðamálum sem finna má í viðauka 1 leiddi í ljós að mjög sjaldgæft væri að rökstuðningur væri veittur fyrir því af hverju vikið væri frá meginreglu 130. gr. eml. Af þeim 30 málum þar sem málskostnaður var felldur niður var aðeins í einu tilfelli að finna rökstuðning við þá ákvörðun dómsins.

málum þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru ekki miklir.<sup>113</sup> Ljóst er að þau tilvik þar sem málskostnaður er felldur niður eru mun fleiri en þau sem fram koma í 3. mgr. 130. gr. eml. og í lögskýringargögnum með greininni. Í framkvæmd eru undantekningar frá meginreglunni um að sá sem tapi máli skuli greiða gagnaðila sínum málskostnað margar en beiting slíkra undantekningareglna fær takmarkaða umfjöllun í frumvarpi með lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá eru skrif fræðimanna á því sviði einnig fágæt. Því verður til að skýra betur þær undantekningar með því að líta til dómaframkvæmdar og vísa til þeirra mála þar sem vikið hefur verið frá reglunni og líta til rökstuðnings dómstóla í þeim tilfellum.

#### **4.1.1. Niðurfelling þegar aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru**

Fyrsta reglan sem kveður á um fella megi niður málskostnað að mati dóms skv. 3. mgr. 130. gr. eml. segir að fella megi hann niður þegar aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru, en þá megi láta hinn aðila greiðsla hluta málskostnaðar eða láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.<sup>114</sup> Þó er nokkuð að finna af dæmum um beitingu þessarar reglu í dómaframkvæmd og verður hér litið til nokkurra slíkra mála.

Sem dæmi um mál þar sem málskostnaður er felldur niður sökum þess að aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru má fyrst nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 101/2006:

K og M höfðu verið í sambúð og áttu saman barn en þau slitu samvistum ári eftir að barnið fæddist. Þau deildu um forsjá þess. Talið var að betur færi á því að K hefði forsjá barnsins þar sem barnið hafði þá búíð í nokkurn tíma hjá K og að það hafi tengst henni og hálf systkinum sínum góðum böndum. Þó var M úthlutað ríflegum umgengnisrétti við barnið. Með vísan til málsúrslita taldi héraðsdómur rétt að fella málskostnað niður og staðfesti Hæstiréttur niðurfellinguna.<sup>115</sup>

Ekki var sérstaklega rökstudd sú ákvörðun af Hæstarétti að málskostnaður skyldi niður falla í málinu. Þó var um hana nokkuð fjallað í niðurstöðu héraðsdóms en þar sem ákvörðun Hæstaréttar var sú sama varðandi málskostnað og héraðsdóms, þ.e. að hann skyldi fella niður, má líta til héraðsdóms varðandi rökstuðning við ákvörðunina. Í niðurstöðu dómsins kom eftirfarandi fram:

„Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal sá er tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum máls-kostnað. Frá þessu má víkja ef veruleg vafaatriði eru í máli eða ef aðili vinnur

<sup>113</sup> Jón Jónsson hdl. (n. 21) 14.

<sup>114</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 3. mgr. 130. gr.

<sup>115</sup> Hrd. 17. september 2006 í máli nr. 101/2006.

mál að nokkru og tapar því að nokkru eða ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað, sbr. 3. mgr. 130. gr. Má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Þrátt fyrir framangreind málsúrslit er það álit dómsins að svo sé statt fyrir málsaðilum, sem um ræðir í nefndri 3. mgr. Þykir því rétt að málskostnaður falli niður, að öðru leyti en því að gagnstefnandi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda helming útlagðs kostnaðar við öflun undirmatsgerðar með krónum 180.752.<sup>116</sup>

Af þessu má sjá að dómstóllinn telur 3. mgr. 130. gr. eml. eiga við og þó að ekki sé sérstaklega tiltekið hvort dómari sé með þessari niðurstöðu sinni að vísa til þess hvort veruleg vafaatriði hafi verið upp í máli eða að aðili hafa unnið mál að nokkru og tapað því að nokkru. Ljóst verður þó að telja að með vísan til niðurstöðu um að annar aðili hefði forræði barnsins og hinn ríflegan umgengnisrétt að dómurinn hafi litið svo á niðurstaðan hafi verið báðum aðilum í hag að einhverju leyti, og því enginn augljós sigurvegari málsins.

Annað dæmi um beitingu þessarar reglu mátti finna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 148/2004:

Aðilar gerðu sátt um niðurfellingu máls en ágreiningur var uppi um málskostnað fyrir héraðsdómi, þar sem báðir aðilar kröfðust þess að hinn greiddi sér málskostnað. Sóknaraðili (stefndi fyrir héraðsdómi) kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar þar sem honum hafði verið gert að greiða stefnanda málskostnað. Málið fjallaði um vangoldin laun í kjölfar fyrirvaralaus brottreksturs skipstjóra. Stefnandi stefndi atvinnuveitanda sínum sem sagði þó sagði að ekki væru áform unanna en að greiða stefnanda laun og taldi því málshöfðun hans ótímabæra. Sáttir náðust á meðan málsmeðferð stóð þar sem launin voru greidd. Hæstiréttur taldi rétt með vísan til þess að málarekstur stefnanda hafi verið ótímabær að rétt væri að fella niður málskostnað fyrir héraðsdómi þó að varnaraðila yrði gert að greiða sóknaraðila kærúmálskostnað fyrir Hæstarétti.<sup>117</sup>

Hæstiréttur taldi rétt í máli þessu að fella niður málskostnað þó að ekki hafi verið skýrt að málsatvik féllu undir efnislega skilgreiningu 130. gr. eml. Ákvörðun sína þess efnis rökstuddi hann svo: „Málarekstur varnaraðila fyrir dómstólum var því enn ekki tímabær. Að þessu virtu og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir héraðsdómi.“<sup>118</sup> Þrátt fyrir að stefna hafi verið ótímabær náðust þó fram þau áhrif að stefndi greiddi stefnanda vangoldin laun og náðu aðilar í kjölfar sáttum. Má þannig sjá að dómstóllinn taldi að með þessari niðurstöðu hafi hvorugur aðili verið skýr sigurvegari í málinu og gefur þessi niðurstaða því skýra mynd af því þegar málsatvik falla ekki beint undir ákvæði 3. mgr. 130. gr. eml. en dómur túlkar þau þannig að rétt sé að beita greininni. Þá vekur

<sup>116</sup> sama heimild, kafla XI, mgr. 1 í héraðsdómi.

<sup>117</sup> Hrd. 10. maí 2004 í máli nr. 148/2004.

<sup>118</sup> sama heimild, kafla II.

athygli að niðurstaða þessi er ekki ítarlega rökstudd af Hæstarétti og nær umfjöllunin aðeins tveimur málsgreinum, þrátt fyrir að vikið sé frá meginreglu 1. mgr. 130. gr. eml.

Varðandi fleiri tilvik beitingar reglu þessarar má líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 495/1999.

K höfðaði mál gegn M þar sem hún krafðist forsjár barns þeirra. Sáttir náðust eftir að mál hafði verið dómtekið fyrir héraðsdómi. Úrskurðaði héraðsdómur að M skyldi greiða K málskostnað. Kærði K þann úrskurð til Hæstaréttar og taldi hann rétt að fella niður málskostnað með vísun til þess að sátt hefði náðst og sóknaraðili hefði ríflega umgengni við barn þeirra. Vísaði hann í niðurstöðu sinni til 130. gr. eml.<sup>119</sup>

Máli þessu svipar að nokkru leyti til áður nefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 148/2004 en hann gefur engu að síður frekari mynd af því hvernig 3. mgr. 130. gr. eml. er beitt. Í máli þessu má sjá að þar sem sátt náðist fyrir héraðsdómi taldi Hæstiréttur rétt að málskostnaður fyrir héraðsdómi félli niður. Sagði í niðurstöðu Hæstaréttar:

„Þótt niðurstaða málsins samkvæmt dómsátt aðilanna hafi orðið sú að krafa varnaraðila um forsjá hafi verið tekin til greina, var um leið ákveðið að sóknaraðili hefði ríflega umgengni við barn þeirra. Í þessu ljósi og með hliðsjón af ákvæðum 130. gr. laga nr. 91/1991 er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði, svo og fyrir Hæstarétti.“<sup>120</sup>

Niðurstaða forsjárdeilunnar er stefnt var vegna í þessu máli var sú að krafa varnaraðila var tekin til greina en einnig að sóknaraðili hefði enn ríflega umgengni við barn þeirra. Má því sjá að í máli þessu vann hvorugur aðili algjöran sigur og enduðu málsaðilar báðir með hluta forsjár í málinu. Taldi dómurinn því að hvorugur ætti rétt á málskostnaði úr hendi hins. Þetta mál, ásamt máli nr. 148/2004, sýnir því að þegar sáttir aðila nást fyrir dómi getur það verið skýr forsenda þess að málskostnaður falli niður.

#### **4.1.2. Niðurfelling þegar veruleg vafaatriði eru í máli**

Í 130. gr. eml. er einnig kveðið á um að fella megi niður málskostnað þegar veruleg vafaatriði eru uppi í máli. Nokkur dæmi eru um beitingu þessarar reglu og má þar fyrst líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 188/2004:

I slasaðist er bifreið hennar lenti á annarri bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ágreiningur var uppi um ákvörðun bóta I og stefndi hún því tryggingarfélagi sínu S til greiðslu skaðabóta. Var deilt um hvort ákvarða ætti bætur fyrir varanlega örorku eftir 5. – 7. gr. eða 8. gr. og taldi Hæstiréttur þannig að veruleg vafaatriði væru uppi í málinu. Taldi hann rétt að dæma í hag S og þannig var ákvörðun um þeirra um bætur

<sup>119</sup> Hrd. 4. janúar 2000 í máli nr. 495/1999.

<sup>120</sup> sama heimild, mgr. 5.

vegna varanlegrar örorku ekki endurskoðuð. Þeim var þó gert að greiða I auknar bætur vegna óhagræðis og röskunar á stöðu hennar. Vegna þess að veruleg vafaatriði voru uppi í málinu og með vísan til 3. mgr. 130. gr. eml. taldi Hæstiréttur rétt að fella niður málskostnað í málinu.<sup>121</sup>

Í máli þessu má sjá dæmi um beitingu reglunnar sem finna má í 3. mgr. 130. gr. eml. um að fella skuli niður málskostnað þegar veruleg vafaatriði eru uppi í máli. Má segja að rökstuðningur Hæstaréttar við ákvörðun um niðurfelling málskostnaðar í máli þessu sé nokkuð skýr þó hann sé vissulega nokkuð knappur: „Þar sem telja verður að veruleg vafaatriði hafi verið uppi í málinu varðandi mörkin milli 5.-7. og 8. gr. skaðabótalaga þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“<sup>122</sup> Sjá má að dómstóllinn telur að vafi hafi verið uppi um það eftir hvaða lagagrein bæri að dæma tjónþola bætur og hafi vafinn verið slíkur að hann félli undir orðalag 3. mgr. 130. gr. eml. um „veruleg vafaatriði“.

Algennt virðist að málskostnaður sé felldur niður þegar um er að ræða málsóknir einstaklinga gegn váttryggingafélögum til ákvörðunar bótaréttar. Þá er oft um að ræða mál þar sem uppi eru veruleg vafaatriði eins og í dómi nr. 188/2004 sem reifaður er hér að ofan en talið hefur þó verið að málskostnaður sé oft niðurfelldur jafnvel þó að ekki virðist mikill vafi í huga dómara um niðurstöðu.<sup>123</sup> Umrædd mál gegn tryggingafélögum eru oft gjafsóknarmál og myndi í þeim tilfellum mjög takmarkaður eða enginn kostnaður falla á stefnanda jafnvel þó að hann ynni ekki málið. Annað dæmi um slíka framkvæmd má sjá í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-6177/2008:

S slasaðist þegar árekstur varð á milli tveggja bifreiða. Tryggingarfélagið SA var bótaskyldt og greiddi henni bætur sem S taldi rangt ákvarðaðar. Stefndi S því SA til greiðslu hærri bóta. Deilt var um hvort greiddar örkorkubætur almannatrygginga gætu komið til frádráttar bótaskyldu SA gagnvart S. Talið var að S ætti ekki frekari rétt á bótum en hún hafði þegar fengið greitt og þannig talið heimilt við ákvörðun bóta að draga frá þær bætur sem hún hafði fengið úr almannatryggingum. Var SA því sýknað af kröfum S. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þess að lögmaður S hafði túlkað ákvæði umferðarlaga í hag hennar en dómstóllinn hafi ekki fallist á þá túlkun. Þannig var ekki talið að S skyldi greiða stefndu málskostnað í málinu. Málið var gjafsóknarmál.<sup>124</sup>

Málskostnaður var í þessu máli felldur niður með vísunar til 3. mgr. 130. gr. eml. og rökstuddi dómstóllinn niðurstöðu sína svo:

<sup>121</sup> Hrd. 4. nóvember 2004 í máli nr. 188/2004

<sup>122</sup> sama heimild, mgr. 7.

<sup>123</sup> Sigurður Tómas Magnússon, „Gagnrýni svarað“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 16, 17.

<sup>124</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júlí 2009 í máli nr. E-6177/2008.

„Rétt þykir að málskostnaður falli niður samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála. Við ákvörðun málskostnaðar er m.a. litið til þess að lögmaður stefnanda Söndru hefur í málatilbúnaði hennar litið svo á að túlka beri 5. mgr. 92. gr. umferðarlaga þannig að hún eigi rétt á bótum úr slysa-tryggingu ökumanns að því marki sem bætur hafi ekki verið greiddar samkvæmt öðrum reglum eins og segir í lagaákvæðinu. Dómurinn hefur ekki fallist á að lagaákvæðið verði túlkað á þann hátt sem lögmaðurinn gerir, en eins og málið er lagt fyrir þykja ekki efni til að það leiði til þess að stefnanda Söndru verði gert að greiða varastefnda Tryggingamiðstöðinni hf. málskostnað. Að teknu tilliti til þessa og annars sem fram hefur komið í málinu er málskostnaður felldur niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.“<sup>125</sup>

Athygli vekur að rökstuðningur við ákvörðun um málskostnað í máli þessu er nokkuð ítarlegri en almennt gerist, jafnvel í þeim málum þar sem hann er felldur niður. Hvað varðar ákvörðun dómstólsins er vísað til 3. mgr. 130. gr. eml. og til þess að lögmaður stefnanda hafi litið svo á að túlka ætti ákvæði umferðarlaga henni í hag. Þó að dómstóllinn hafi ekki samþykkt túlkun lögmanns stefnda virðist hann telja að hún hafi átt rétt á sér að einhverju leyti. Því virðist það ráða ákvörðun dómstólsins í máli þessu að vafaatriði í málinu hafi verið nægileg til þess að rétt væri að fella málskostnað niður. Dómar í slíkum málum gefa vísbendingu um að meginregla 1. mgr. 130. gr. eml. sé stundum túlkuð sem eins konar sanngirnisregla þar sem horft er til mismunandi stöðu aðila. Þegar um aðstöðumun aðila er að ræða, eins og í málum þar sem um ræðir málsókn einstaklinga gegn tryggingarfélagi, hafa dómarar oft látið málskostnað niður falla svo að sóknaraðili þurfi ekki að greiða neinn málskostnað við lyktir máls að undanskildum eigin málskostnaði, nema að um sé að ræða gjafsóknarmál eins og raunin er oft í málum einstaklinga gegn vátryggingarfélagum.<sup>126</sup>

Svipaða niðurstöðu varðandi málskostnað má finna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 172/2003:

X og Y kröfðust ógildingar á úrskurði barnaverndarnefndar um að svipta þau forræði sex barna þeirra. X og Y, sem voru af erlendu bergi brotin, höfðu komið til landsins og bjuggu þau ásamt börnum sínum við mjög bágar aðstæður. Sama dag og úrskurður barnaverndarnefndar var kveðinn upp bættu X og Y úr aðstæðum sínum þannig að þau töldu ekki ástæðu til sviptingu forræðis. Úrskurðurinn var kærður til barnaverndarráðs en áður en hann var kveðinn upp gekk barnaverndarnefnd frá varanlegum fóstursamningum barnanna. Úrskurður vegna fjögurra yngstu barnanna var kærður til héraðsdóms og þaðan áfrýjað til Hæstaréttar. Taldi Hæstiréttur að úrskurður barnaverndarnefndar hafi verið haldinn alvarlegum annmörkum en að úr þeim hafi verið bætt við málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Því var úrskurður barnaverndarráðs staðfestur. Málskostnaður var felldur niður án sérstaks rökstuðnings Hæstaréttar.<sup>127</sup>

<sup>125</sup> sama heimild, niðurstaða, mgr. 17.

<sup>126</sup> Jón Jónsson hdl. (n. 21) 14.

<sup>127</sup> Hrd. 18. desember 2003 í máli nr. 172/2003.

Ekki var fjallað sérstaklega um málskostnaðarákvörðun í dómi Hæstaréttar en hann felldur niður á sama hátt og gert var fyrir héraði. Þó var niðurstaða um málskostnað rökstudd að nokkru leyti í niðurstöðu héraðsdóms:

„Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal sá er tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum máls-kostnað. Frá þessu má víkja ef veruleg vafaatriði eru í máli eða ef aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru eða ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað, sbr. 3. mgr. 130. gr. Má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Þrátt fyrir framangreind málsúrslit þykja sjónarmið 3. mgr. 130. gr. eiga fylli-lega við, eins og atvikum er háttað í málinu. Þykir því til samræmis rétt að fella málskostnað niður.“<sup>128</sup>

Ljóst er af þessari túlkun héraðsdóms sem Hæstiréttur gerir ekki athugasemdir við og dæmir í samræmi við að hann telur að veruleg vafaatriði hafi verið upp fyrir málinu og þrátt fyrir að X og Y hafi tapað málinu í öllum atriðum hafi ekki verið ástæða til að gera þeim að greiða mótaðila sínum málskostnað. Þar sem um var að ræða gjafsóknarmál má því álykta að kostnaður þeirra vegna málsins hafi verið mjög takmarkaður eða enginn. Þrátt fyrir að niðurstaða dómstóla hafa verið nokkuð skýr var þó talið að vafaatriði málsins hafi verið svo mikil að ástæða hafi verið til að fella niður málskostnað. Leiða má líkur að því að fyrrnefnd túlkun 3. mgr. 130. gr. eml. sem nokkurskonar sanngirnisreglu hafi hér haft einhver áhrif þar sem um var að ræða málshöfðun einstaklinga gegn stjórnvöldum.<sup>129</sup>

#### **4.1.3. Niðurfelling þegar sá sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum þegar málið var höfðað**

Regla sú er kemur fram í síðari málslíð 3. mgr. 130. gr. kveður á um að fella megni niður málskostnað ef sá sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en að eftir að mál var höfðað. Regla þessi átti sér ekki hliðstæðu í áðurgildandi lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936 en var tekin upp með setningu laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum kemur fram að reglan hafi stuðst við erlenda fyrirmynd, án þess þó að nánar sé vísað til hvaða fyrirmyndar þar um ræðir. Löggjafinn taldi regluna heppilegan varnagla með vísan til sanngirnisástæðna.<sup>130</sup>

Dæmi um beitingu þessarar reglu má m.a. finna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 236/2005:

<sup>128</sup> sama heimild, kaflí XXIV.

<sup>129</sup> Jón Jónsson hdl. (n. 21) 14.

<sup>130</sup> Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál, um 130. gr.



Reykjavíkurborg höfðaði mál gegn X þar sem krafist var þess að X yrði svipt forsjá sonar síns. Málið var síðar fellt niður þar sem hagir X höfðu breyst svo að ekki var lengur ástæða til að svipta hann forsjá. Talið var þannig að R hefði náð markmiði sínu með málsókninni og var málskostnaður því felldur niður.<sup>131</sup>

Í dómi þessum felldi Hæstiréttur málskostnað niður þar sem hann taldi að R hefði verið rétt að höfða mál á þeim tíma er það var höfðað en að tilgangur málsóknarinnar hafi svo náðst þegar málið var til meðferðar hjá dómstólum. Í niðurstöðu sinni segir hann:

„Samkvæmt gögnum málsins hafði varnaraðili, þegar málið var höfðað, fullt tilefni til málshöfðunarinnar, sbr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ástæður þess að málið var fellt niður voru breyttir hagir sóknaraðila. Þykir mega líta svo á að varnaraðili hafi náð markmiði sínu með málsókninni á þann veg að fella beri málskostnað milli aðila niður.“<sup>132</sup>

Kringumstæður þær er uppi voru í máli þessu falla ekki beint undir niðurfellingarákvæði 3. mgr. 130. gr. eml. en tilvikið er þó að nokkru leyti sambærilegt því sem fram kemur í 2. ml. 3. mgr. 130. gr. eml. en þar segir að fella megi niður málskostnað ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað. Sökum breyttra forsenda X í máli þessu var tekin ákvörðun um að fella málið niður og taldi Hæstiréttur að báðir aðilar skyldu bera eigin málskostnað þar sem að málshöfðunin hafi á sínum tíma verið réttmæt og að sama skapi að málsástæður er leiddu til niðurfellingu hafi ekki verið ljósar fyrr en að eftir að málið var höfðað.

#### **4.1.4. Önnur tilvik niðurfellingar málskostnaðar**

Svo virðist sem að í vissum málaflokkum sé algengara að málskostnaður sé felldur niður en í öðrum. Eins og áður hefur verið nefnt getur þetta sérstaklega átt við þegar um er að ræða málsóknir einstaklinga gegn váttryggingafélögum og stjórnvöldum og hafa fræðimenn skýrt þá venju dómstóla sem nokkurskonar vísun til sanngirnisjónarmiða, án þess að vísað sé til þess að sérstakur liður 3. mgr. 130. gr. eml. eigi við. Dæmi um þetta má t.d. sjá í dómi Hæstaréttar í máli nr. 54/2013:

H krafðist viðurkenningar á bótarétti úr stjórnendaábyrgðartryggingu V hf. sem félagið hafði hjá tryggingarfélaginu S. Voru S og stjórnandi V hf. synjuð af kröfum H. Málskostnaður var felldur á báðum dómstigum.<sup>133</sup>

<sup>131</sup> Hrd. 13. júní 2005 í máli nr. 236/2005.

<sup>132</sup> sama heimild, mgr. 5.

<sup>133</sup> Hrd. 30. maí 2013 í máli nr. 54/2013.

Dómur þessi er einn af fjölmörgum þar sem málskostnaður er felldur niður þegar einstaklingar tapar máli gegn tryggingarfélagi. Fyrir Hæstarétti var rökstuðningur við ákvörðunina eftirfarandi: „*Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður milli aðila.*“<sup>134</sup> Fyrir héraðsdómi var rökstuðningurinn þó aðeins ítarlegri en efnisleg niðurstaða málsins var sú sama á báðum dómstigum: „*Í ljósi aðdraganda málshöfðunarinnar og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að hver málsaðila beri sinn kostnað af rekstri málsins fyrir dómi.*“<sup>135</sup> Í raun er í þessum orðum dómstólanna mjög lítinn stuðning að finna við sjálfa niðurstöðuna varðandi málskostnaðinn. Með honum er þó gefin mynd af þeirri venju dómstóla að fella niður málskostnað í málum einstaklinga gegn tryggingarfélagum. Fleiri dæmi um þá framkvæmd má t.d. finna í dómum Hæstaréttar nr. 47/1997, 307/1999, 73/2002, 516/2002, 247/2004, 449/2009, 335/2010, 54/2013, og í dómum héraðsdóms nr. E-874/2012, E-4874/2011, E-5107/2007 og E-2892/2011.

Einnig má sjá dæmi um sambærilega venju í málum þar sem einstaklingar stefna íslenskum stjórnvöldum. Þrátt fyrir að einstaklingar tapi máli er málskostnaður iðulega felldur niður þannig að einstaklingar þurfa ekki að bera kostnað í málaferlum sínum við íslenska ríkið eða ýmis stjórnvöld. Dæmi um þetta má sjá í fjölmörgum dómum Hæstaréttar en sem dæmi má þar nefna dóma nr. 290/1995 (gegn íslenska ríkinu, lyfjaverðlagnesnefnd og Tryggingastofnun ríkisins), nr. 311/1997 (gegn Ámundi Ólafssyni, Sjóvá-almennum tryggingum hf. og íslenska ríkinu) og nr. 122/2009 (felldur niður fyrir héraðsdómi, gegn íslenska ríkinu og Landsvirkjun) og í dómi héraðsdóms nr. E-2057/2012 (gegn íslenska ríkinu og gagnsök). Í dómum þessum, eins og flestum dómum sem falla hér á landi, er ekki rökstutt sérstaklega hvers vegna ákvörðun er tekin um að málskostnaður skuli falla niður. Verður að líta svo á að hér séu dómstólar að beita ákveðinni lögskýringu til þess að fella tilvik þessi undir ákvæði 3. mgr. 130. gr. Ekki er þó alveg ljóst hvernig slíkum reglum er beitt þar sem rökstuðningi við ákvörðun um málskostnað er alla jafna mjög frekar áfátt í dómum þessum. Nánar verður fjallað um beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. í kafla 4.2.2 þar sem fjallað er um réttarvenju varðandi málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum.

#### **4.1.5. Takmörkun málskostnaðar**

Hér hefur verið fjallað um heimild dómstóla skv. 3. mgr. 130. gr. eml. til að fella niður málskostnað þegar vissar aðstæður eru uppi. Greinin segir þó einnig að dæma megi annan aðila

---

<sup>134</sup> sama heimild, mgr. 7.

<sup>135</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 2012 í máli nr. E-874/2012, kafla IV, mgr. 10.

til að greiða hluta málskostnaðar hins. Felur það í sér að dæmdur málskostnaður frá þeim aðila er tapar máli verði lægri þegar greininni er beitt.<sup>136</sup> Nokkuð vandasamt er að greina hvernig og hvenær reglu þessari er beitt þar sem dómstólar vísa alla jafna ekki til þess hvort þeir dæmi fullan málskostnað eða hluta hans í ákvörðunum sínum. Þá er einnig algengt að málskostnaður sé dæmdur mun lægri en sá sem krafist er og er ekki skýrt hvort það er vegna þess að dómstólar telji málskostnaðarreikning of háan eða vegna þess að málsatvik gefa tilefni til þess.<sup>137</sup> Getur því verið mjög erfitt að leggja mat á það hvort reglu þessari er beitt og af hvaða ástæðum.

#### **4.1.6. Samantekt á tilvikum niðurfellingu málskostnaðar**

Ljóst er að niðurfelling málskostnaðar getur átt sér stað í nokkrum ákveðnum tilfellum í samræmi við þau atriði er talin eru upp í 3. mgr. 130. gr. eml. Þá hafa ákvæði greinarinnar í mörgum tilvikum verið skýrð nokkuð rúmt og ljóst að atvik sem ekki beint falla undir lýsingu 3. mgr. 130. gr. eml. þó verið talin vera sambærileg að því marki að rétt væri að fella málskostnað niður. Verður því að álykta sem svo að dómstólar hafi notað lögskýringu sem eykur gildissvið ákvæða 3. mgr. 130. gr. eml. svo að fleiri tilvik falli þar undir en einungis þau er talin eru í greininni. Þær málskostnaðarákvarðanir er reifaðar hafa verið í köflum 4.1.1 – 4.1.4 má setja í eftirfarandi flokka:

- Aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru
- Veruleg vafaatriði voru uppi í máli
- Aðila sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum þegar málið var höfðað<sup>138</sup>

Ljóst verður að telja af fyrri umfjöllun að ákvæði þessi hafa verið skýrð nokkuð rúmt og er málskostnaður oft felldur niður án þess að sérstaklega sé fjallað um ástæður þess eða að ljóst sé á hvaða grundvelli slík ákvörðun sé tekin. Frekar verður fjallað um beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. á tilfalli er falla ekki beint undir orðalag greinarinnar í kafla 4.2 sem fjallar um málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum.

#### **4.1.7. Rökstuðningur dómara við málskostnaðarákvarðanir**

Í 1. mgr. 114. gr. eml. er talið upp hvað fram skuli koma í forsendum dóms. Í f-lið greinarinnar segir að í forsendum skuli greina rökstudda niðurstöðu um sönnunatriði og lagaatriði. Þessi

---

<sup>136</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 3. mgr. 130. gr.

<sup>137</sup> Jón Jónsson hdl. (n. 21) 14.

<sup>138</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 3. mgr. 130. gr.

liður á þó einungis við efnislega niðurstöðu varðandi úrlausnatriði dómsins. Í h-lið segir hins vegar að í forsendum skuli greina málskostnað en er þar ekki sérstaklega tilgreint að niðurstaða um hann skuli vera rökstudd.<sup>139</sup> Í 3. mgr. 114. gr. segir síðan að dómur skuli vera stuttur og glöggur. Rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir er almennt séð mjög stuttur og oft án raunverulegs efnisinntaks. Algengt er að málskostnaðarákvörðun sé rökstudd með einungis einni setningu í dómi. Þrátt fyrir þetta þurfa dómur að taka afstöðu til ágreinings um málskostnað eins og annars ágreinings milli aðila.<sup>140</sup> Verður því að líta svo á að allar þær röksemdir er liggja að baki ákvörðun dómara um málskostnað komi alla jafna ekki fram í dómum, hvort sem um ræðir ákvörðunina sjálfa eða fjárhæð dæmdu málskostnaðar. Ástæður fyrir því að rökstuðningur dómara við málskostnaðarákvarðanir er takmarkaður kann að vera af nokkrum ástæðum. Í grein sinni „Gagnrýni svarað“ nefnir Sigurður Tómas Magnússon, þáverandi héraðsdómari, m.a. að lögmenn veiti málskostnaðarkröfu sinni mjög takmarkaða umfjöllun bæði í greinargerð og í munnlegum málflutningi og telur hann að stuðla mætti að betri rökstuðningi við málskostnaðarákvarðanir með því að færa fram vel grundvölluð rök og mótmæli varðandi málskostnað í hverju einstöku máli sem lögmenn flytja fyrir dómstólum.<sup>141</sup>

Mikilvægt er þó að halda því til haga að með ákvörðun dómara um að fella niður málskostnað er vikið frá meginreglu 1. mgr. 130. gr. eml. Ætla má að í slíkum tilfellum væri nauðsynlegt að skýra það hvers vegna vikið væri frá meginreglu um að sá sem tapi máli skuli greiða hinum málskostnað, sérstaklega með tilliti til þess að þar er um að ræða talsverða fjárhagslega hagsmuni. Í áður nefndri grein sinni segir Sigurður Tómas Magnússon að dómur ættu að hafa fyrir reglu að láta þess getið í rökstuðningi hvort þeir dæmi fullan málskostnað eða hluta af honum og af hvaða ástæðu. Þá segir hann að sérstaklega þurfi að færa rök fyrir því af hverju hvor aðili sé dæmdur til að greiða sinn kostnað þótt annar vinni málið í öllu verulegu.<sup>142</sup> Þó hafa lögmenn sagt að málskostnaðarákvarðanir séu sjaldnast rökstuddar og því erfitt að segja hvað veldur því þegar dæmdur málskostnaður er í ósamræmi við framlagðan málskostnaðarreikning eða jafnvel felldur niður.<sup>143</sup>

Þegar rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir er af eins skornum skammti og raun ber vitni getur reynst erfitt að fjalla á ítarlegan og skýran hátt um þær einstakar ákvarðanir dómara. Til þess að reyna að leggja mat á venjur dómstóla verður því að fara aðra leið en að skoða

<sup>139</sup> sama heimild 1. mgr. 114. gr.

<sup>140</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 128) 16.

<sup>141</sup> sama heimild 16–17.

<sup>142</sup> sama heimild 17.

<sup>143</sup> Jóhannes Albert Sævarsson (n. 107) 11.

rökstuðning dómara við ákvarðanir. Það má gera með því að skoða alla dóma í tilteknum málaflokki á ákveðnu tímabili gefa þannig góða mynd af því hver venja dómstóla er í þeim málaflokki. Til að varpa betur ljósi á framkvæmd dómstóla fór höfundur í skoðun á venju dómstóla í meiðyrðamálum og fjallað verður nánar um í kafla 4.2.1.

## 4.2. Málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum

Þegar dómstólar kveða upp dóma eru ákvarðanir um málskostnað ekki síður mikilvægar en þær sem snúa að efnislegri hlið málsins. Málskostnaður í dómsmálum getur oft numið hærri fjárhæð en þeir fjárhagslegu hagsmunir sem stefnt er vegna og má sjá mörg dæmi þess í meiðyrðamálum.<sup>144</sup> Eins og áður hefur verið fjallað um er meginreglan varðandi ákvörðun um málskostnað sú að sá sem tapi máli í öllu verulegu skuli að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.<sup>145</sup> Ef ekki er ljóst hvor aðili ber sigur úr býtum má styðjast við 3. mgr. 130. gr. eml., en samkvæmt henni má dæma annan aðila til að greiða hluta málskostnaðar eða láta báða aðila bera sinn kostnað af málinu ef aðilar vinna mál að nokkru og tapa því að nokkru, eða ef veruleg vafaatriði eru í máli. Þannig er ekki óalgengt að dómarrar láti málskostnað niður falla eða láti hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu ef ekki er ljóst að annar aðilinn hafi unnið málið í öllum meginatriðum.

Til þess að víkja megi frá reglu 1. mgr. 130. gr. eml. um að sá sem tapi máli í öllum meginatriðum skuli greiða málskostnað þurfa að koma til sterk rök. Greinin kveður á um skýra skyldu til að greiða mótaðila málskostnað í vissum tilfellum og kveður hún alla jafna á um mikla hagsmuni aðila. Þegar um er að ræða meiðyrðamál eða mál sem ætlað er að takmarka eða stöðva tjáningu einstaklinga eða lögpersóna eru auk fjárhagshagsmuna undir atriði er varða réttinn til frjálstrar tjáningu. Málskostnaðarákvarðanir í slíkum málum eru þannig ekki síður mikilvægar en ómerkingar ummæla eða ákvarðanir um skaðabætur og refsingu. Hvað varðar fjárhæð dæmdra bóta í málum má líta til þeirra dóma í meiðyrðamálum er hafa fallið á undanförunum árum. Fjárhæð dæmdra fjárkrafna og fjárhæð málskostnaðarkrafna í dómum er féllu árið 2014 í flokki meiðyrðamála eru eftirfarandi:

Númer dóms	Dæmdar fjárkröfur	Dæmdur málskostnaður
Hrd. 183/2014	Engar (sýkna)	800.000 kr. í Hæstarétti, 300.000 kr. í héraðsdómi
Hrd. 299/2014	Engar (sýkna)	1.000.000 kr. í Hæstarétti, 500.000 kr. í héraðsdómi

<sup>144</sup> Sjá töflu 1 að neðan.

<sup>145</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 1. mgr. 130. gr.

Hérd. E-943/2014	Engar (sýkna)	400.000 kr.
Hrd. 215/2014	Engar (sýknað af öðrum kröfum en ómerkingu)	Felldur niður á báðum dómstigum
Hrd. 184/2014	Engar (sýkna)	1.050.000 kr. í Hæstarétti, 300.000 kr. í héraðsdómi.
Hrd. 214/2014	Engar (sýkna)	Felldur niður
Hérd. E-1307/2013	Engar (sýkna)	800.000 kr.
Hérd. E-37/2014	363.252 kr.	660.000 kr.
Hrd. 103/2014	Engar (sýkna)	Felldur niður
Hérd. E-1467/2013	Engar (sýknað af öðrum kröfum en um ómerkingu)	Felldur niður
Hérd. E-3704/2013	Engar (sýkna)	Felldur niður
Hérd. E-3960/2013	200.000 kr.	300.000 kr.
Hérd. E-1470/2013	921.800 kr.	500.000 kr.
Hérd. E-1471/2013	Engar (sýkna)	Felldur niður

**Tafla 1: Dæmdar fjárkröfur og málskostnaður í meiðyrðamálum árið 2014**

Af málum þessum má sjá að dæmdar fjárkröfur í meiðyrðamálum eru oft lágar og getur málskostnaður hæglega orðið talsvert hærri en aðrar dæmdar kröfur í máli. Í ofangreindum málum ársins 2014 voru ummæli ómerkt í fimm málum en dæmdar fjárkröfur aðeins greiddar í þremur. Dæmdar fjárkröfur námu í málunum 200.000 kr., 363.252 kr. og 921.800 kr. Þau mál er rötuðu til Hæstaréttar höfðu oft talsvert hærri málskostnað og voru mál sem dæmd voru í héraði ídulega með hærri dæmdan málskostnað en dæmdar fjárkröfur. Sjá má því að fjárhagslegir hagsmunir varðandi málskostnað eru oft meiri en þeir sem varða fjárkröfur í meiðyrðamálum.

Því er gríðarlega mikilvægt að þegar vikið er frá reglunni í 1. mgr. 130. gr. að þar liggi að baki haldgóð og sterk rök. Til þess að varpa betur ljósi á ákvarðanir dómstóla í meiðyrðamálum skoðaði höfundur ítarlega alla dóma héraðsdómstóla í meiðyrðamálum á árunum 2006 – 2014 og dóma Hæstaréttar á árunum 2000 – 2014. Niðurstöður þessar rannsóknar er að finna í viðauka 1 þar sem finna má stuttar reifanir á dómum í málaflokknum auk þess sem skýrðar eru málskostnaðarákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Fjallað verður nánar um niðurstöður rannsóknarinnar í kafla 4.2.1.

#### **4.2.1. Dómaframkvæmd varðandi málskostnað í meiðyrðamálum**

Til að varpa betur ljósi á málskostnaðarákvarðanir dómstóla í meiðyrðamálum er nauðsynlegt að skoða ítarlega slíkar ákvarðanir í málaflokknum. Eins og fjallað hefur verið um í kafla 4.1 er sjaldgæft að finna megi ítarlegan rökstuðning við málskostnaðarákvarðanir í niðurstöðum dómstóla. Þannig getur reynst erfitt að leggja mat á það nákvæmlega hver venja dómstóla er í

ákvörðunum um málskostnað. Til þess að að leggja betur mat á það hafa því verið teknar saman málskostnaðarákvarðanir í öllum meiðyrða- og ærumeiðingarmálum Hæstaréttar frá 2000 til og með 2014 og í héraðsdómi frá 2006 til og með 2014. Allir dómur í meiðyrðamálum á tímabilinu voru skoðaðir, þ.e. dómur þar sem stefnt var vegna 234. – 237. gr. hgl., efnisleg niðurstaða skráð ásamt niðurstöðu um málskostnað. Þá voru fjarlægðir þeir héraðsdómur sem hafði verið áfrýjað og dæmt í fyrir Hæstarétti fyrir 31. desember 2014. Stuttar reifanir ásamt niðurstöðu mála, málskostnaðarákvarðana og rökstuðningi við þær er að finna í viðauka I en tölfræðilegar niðurstöður rannsóknarinnar má finna hér að neðan. Nokkur áhugaverð mál verða reifuð síðar í þessum kafla, einkum mál þar sem málskostnaður hefur verið felldur niður.

### **Meiðyrðamál Í Hæstarétti 2000-2014 og í héraðsdómi 2006-2014**

- Fjöldi meiðyrðamála: 67
- Fjöldi sýknumála: 29
- Fjöldi mála þar sem ummæli voru ómerkt: 38
- Sýknuhlutfall: 43,28%

### **Niðurfelling málskostnaðar**

- Fjöldi mála þar sem kostnaður var felldur niður: 30
- Hlutfall mála með niðurfelldan kostnað: 44,78%
- Fjöldi mála með niðurfelldan kostnað þegar sýknað var að fullu: 13 (af 30)
- Fjöldi mála þar sem sýknað var að hluta og málskostnaður hinna sýknuðu felldur niður: 7 (af 30)
- Fjöldi mála þar sem stefnandi vann sigur í meginatriðum og málskostnaður felldur niður: 10 (af 30)

Í ljós kom að málskostnaður var felldur niður í tæplega helmingi mála þeirra er rannsökuð voru. Af þeim 30 málum þar sem málskostnaður var felldur niður voru 13 þeirra mál þar sem stefndu voru sýknuð að öllu leyti. Að auki voru 7 mál þar sem málskostnaður var felldur niður gagnvart meðstefndu sem höfðu verið sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Þetta átti t.d. við í málum þar sem fjölmiðlum var stefnt fyrir ummæli er birtust í miðlum þeirra ásamt þeim einstaklingum sem ábyrgð báru á ummælunum. Þrátt fyrir að meðstefndu hafi verið sýknuð af öllum kröfum var málskostnaður þó felldur niður gagnvart þeim. Að lokum voru 10 mál þar sem stefnandi vann sigur í meginatriðum og málskostnaður var felldur niður. Ljóst er því að venja er til þess að málskostnaður verði bæði felldur niður þegar um ræðir sýknu- og ómerkingarmál en er þó

tíðara að hann sé felldur niður þegar um er að ræða sýknu. Þannig var í 2/3 hluta mála málskostnaður felldur niður á milli aðila þar sem annar hafði hlotið sýknu af kröfum hins.

Til þess að varpa ljósi á það af hverju málskostnaður er felldur niður í svo mörgum málum, þá sérstaklega sýknumálum, verða hér reifaðir nokkrir dómur þar sem málskostnaður hefur verið felldur niður þrátt fyrir sýknu stefndu. Með því má varpa betur ljósi á það hver framkvæmd dómstóla er varðandi niðurfellingu málskostnaður í meiðyrðamálum. Af umræddum dómum skal fyrst líta til dóma héraðsdóms í málum nr. E-1470/2013 og E-1471/2013 þar sem stefnt var af mismunandi aðilum vegna sömu tjáningar. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1470/2013:

Dagblaðið DV birti umfjöllun um ráðningarferli í stjórnunarstöðu hjá stéttarfélaginu VR en fram kom í umfjölluninni að ráðni starfsmaðurinn hefði verið laganemi sem uppfyllti ekki hæfniskröfur og að hann hefði verið ráðinn vegna náins sambands síns við formann VR. Í grein DV kom fram að starfsmaðurinn og formaður VR hafi verið í sambúð á þeim tíma er ráðningin fór fram. Ráðni starfsmaðurinn stefndi höfundu greinarinnar, ritstjóra og fjölmiðlinum vegna ærumeiðandi ummæla skv. 234., 235. og 236. gr. og brotum gegn 229. gr. hgl. með umfjöllun sem vó að æru og friðhelgi einkalífs hennar. Taldi dómstóllinn að tvö af ummælunum er birtust á forsíðu blaðsins hafi verið ætlað að vekja athygli lesanda á ástarsambandi stefnanda og vekja spurningar um hvort það tengdist ráðningu hennar hjá VR. Talið var að með því að ummæli um kynbundið hlutverk hennar sem ástkonu yfirmannsins og faglegt hæfi hennar væru meiðandi og til þess fallin að verða virðingu stefnanda til hnekkis og þannig brotleg gegn 229., 234., 235. og 236. gr. hgl. Voru ummælin ómerkt, stefndu dæmdir til að greiða miskabætur, kosta birtingu dóms í málinu, birta forsendur og dómsorð í næsta tölublaði DV og að greiða stefnanda málskostnað.<sup>146</sup>

Áður en dregin er ályktun af dómi þessum verður einnig að skoða dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1471/2013 sem féll vegna sömu ummæla:

Stefnt var vegna sömu ummæla og í máli nr. E-1470/2013 en stefnandi var formaður VR. Hafði hann uppi sambærilegar kröfur og í fyrrnefndu máli. Í niðurstöðu sinni um það hvort að í ummælunum fælust brot gegn XXV. kafla hgl. vísaði dómstóllinn til nokkurra atriða, en þar má helst nefna að stefnandi hafi verið opinber persóna sem hafði rætt starf sitt nokkuð á opinberum vettvangi. Taldi dómstóllinn því rétt að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu taldi dómstóllinn rétt að fella niður málskostnað.<sup>147</sup>

Þess ber fyrst að geta að eftir að dómur voru skoðaðir í þessari rannsókn tók Hæstiréttur mál E-1470/2013 til meðferðar og verður fjallað um dóm Hæstaréttar síðar. Þrátt fyrir það er afar áhugavert að bera saman niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í málum þessum. Í fyrra málinu

<sup>146</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2014 í máli nr. E-1470/2013.

<sup>147</sup> sama heimild.



taldi dómurinn að um ólögmeta tjáningu hafi verið að ræða þar sem hún fól í sér ærumeiðandi ummæli sem og ummæli sem brutu gegn friðhelgi einkalífs stefnanda.<sup>148</sup> Í seinni dómnum var talið með vísan til þess að stefnandi væri opinber persóna að ekki hafi verið farið út fyrir mörk löglegrar tjáningar skv. 73. gr. stjkskr.<sup>149</sup> Þannig má sjá að hér var um tvö mál að ræða með sömu málsatvik en mismunandi niðurstöður sökum þess að um mismunandi málsaðila var að ræða. Það hlýtur því að vekja athygli að í dómi þeim þar sem stefndu eru sýknuð af öllum kröfum er málskostnaður felldur niður, en í málinu þar sem dæmt er fyrir ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs eru stefndu dæmdir til að greiða málskostnað. Ákvörðun dómsins um að fella niður málskostnað var rökstudd með eftirfarandi orðum: „Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.“<sup>150</sup> Með orðum þessum gefur dómurinn litla vísbendingu um hvað liggur að baki sjálfri ákvörðuninni um málskostnað, jafnvel þó að vikið sé frá meginreglu um að sá sem tapi máli skuli greiða gagnaðila sínum málskostnað.<sup>151</sup> Má þó draga af dómum þessum skýra ályktun um það hver venja dómstóla er við niðurfellingu málskostnaðar, þ.e. að hann telji það rétt og eðlilegt að málskostnaður falli niður í sýknumálum í meira mæli en gerist í sakfellingarmálum.

Eins og áður sagði var dómi E-1470/2013 áfrýjað til Hæstaréttar og kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 421/2014 þann 31. mars 2015:

Áfrýjað var vegna tveggja ummæla er dæmd höfðu verið dauð og ómerk í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-1470/2013. Taldi Hæstiréttur að þau ummæli er ómerkt hefðu verið í héraðsdómi og finna mátti á forsíðu blaðsins hafi þurft að virða í samhengi við aðra umfjöllun blaðsins um málið. Þegar umfjöllunin var skoðuð í heild taldi dómstóllinn að í þeim ummælum sem fram komu á forsíðu blaðsins fælust ekki ærumeiðingar þar sem umfjöllunin var í samhengi við forsíðufyrirsagnirnar og hún byggði á sannindum. Hæstiréttur ákvað þó, þrátt fyrir þessa niðurstöðu, að fella niður málskostnað í héraði og Hæstarétti.<sup>152</sup>

Með dómi þessum var snúið við ákvörðun héraðsdóms á grundvelli þess að umrædd ummæli hafi ekki verið móðgandi og ekki vegið að æru stefnanda. Taldi Hæstiréttur að þegar ummælin væru metin í samhengi við aðra umfjöllun er fram kom um málið væru þau ekki til þess fallin að móðga stefnanda. Þá hafi orðið „ástkona“, sem héraðsdómur taldi að í fælust meiðyrði, ekki haft einhlíta merkingu og væri með því einungis vísað til þess að ráðni starfsmaðurinn og

<sup>148</sup> sama heimild, niðurstaða.

<sup>149</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2014 í máli nr. E-1471/2013, niðurstaða.

<sup>150</sup> sama heimild.

<sup>151</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 1. mgr. 130. gr.

<sup>152</sup> Hrd. 31. mars 2015 í máli nr. 421/2014.

formaður VR hafi verið í sambúð. Þar sem fyrir lá í málinu að það væri rétt, þ.e. að þau væru í nánú sambandi, taldi Hæstiréttur að notkun orðsins hafi byggst á réttum staðreyndum og því ekki tilefni til að ómerkja ummælin.<sup>153</sup> Hvað varðar ákvörðun um málskostnað taldi Hæstiréttur rétt að fella hann niður með eftirfarandi orðum: „Samkvæmt framansögðu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefndu, en rétt er að aðilarnir beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.“<sup>154</sup> Engan frekari rökstuðning var að finna í dómi Hæstaréttar við þessa ákvörðun dómsins. Gefur meðferð þessa máls ásamt máli nr. E-1471/2013 skýra mynd af þeirri venju sem myndast hefur hjá dómstólum fyrir því að málskostnaður í meiðyrðamálum skuli gjarnan felldur niður í sýknumálum en síður í þeim málum þar sem sakfelld er. Sigur áfrýjenda fyrir Hæstarétti í máli nr. 421/2014 var algjör þar sem þeir voru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir það taldi dómstóllinn rétt að fella niður málskostnað, án þess að vísað væri til lagaheimildar fyrir niðurfellingunni.

Af þeim dómum er reifaðir voru vegna vinnu við þessa rannsókn er Hæstaréttardómur nr. 214/2014 í máli Egils Einarssonar gegn Inga Kristjáni Sigurmarssyni þó einkar áhugaverður:

E höfðaði mál á hendur I og krafðist ómerkingar ummæla ásamt greiðslu miskabóta, kostnaðar vegna birtingu dóms og þess að I yrði dæmdur til refsingar fyrir ærumeiðandi aðdróttun en I hafði birt ljósmynd af stefnanda á vefsvæðinu Instagram og breytt henni með því að bæta við textanum „AUMINGI“ ásamt þess að skrifa með myndinni „Fuck you rapist bastard“. Taldi E ummæli þessi fela í sér ærumeiðandi aðdróttanir og stefndi vegna þeirra. Ástæða ummælanna var fjölmiðlaumfjöllun um meint kynferðisbrot E sem var þá vel þekkt persóna sem kom reglulega fram í fjölmiðlum. Eftir að rannsókn málsins var hætt og sakamálin felld niður með bréfi ríkissaksóknara kom stefnandi fram í viðtali í blaðinu Monitor þar sem hann ræddi sakamálin opinskátt. Varð mikil umræða um málið í kjölfarið og birti þá I umrædda mynd af E. Hæstiréttur taldi að ummælin hafi ekki falið í sér aðdróttun um refsiverða háttsemi E, heldur að þau hafi verið fúkyrði í garð E og hluti af óvæginni þjóðfélagslegri umræðu sem E hafi þó átt frumkvæði að. Þannig taldi dómurinn að í ummælunum fælust ekki staðhæfingar um staðreyndir heldur gildisdómur og að þau hafi þannig notið verndar 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Var I því sýknaður af kröfum E. Hæstiréttur tók hins vegar fram í forsendum dómsins að ummæli stefnda og mynd sem þeim fylgdu hafi verið ósæmileg og ósmekkleig í garð E. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. eml. taldi dómstóllinn því rétt að fella niður málskostnað á báðum dómstigum og að aðilar bæru þannig sjálfir kostnað af málarekstri sínum.<sup>155</sup>

Dómur þessi er sérstaklega áhugaverður þar sem í honum er að finna rökstuðning við þá ákvörðun dómsins að fella niður málskostnað, þó að einungis sé um eina setningu að ræða. Af

<sup>153</sup> sama heimild, kafla II.

<sup>154</sup> sama heimild, kafla II, 3. mgr.

<sup>155</sup> Hrd. 20. nóvember 2014 í máli nr. 214/2014.

öllum þeim málum er rannsökuð voru og finna má í viðauka I er þetta eini dómurinn þar sem finna má rökstuðning við ákvörðun dómsins um að fella málskostnað niður og gefur hann því einstaka sýn á það af hverju dómstólar telji rétt að fella niður málskostnað í meiðyrðamálum þar sem sýknað er. Dómstóllinn rökstuddi ákvörðun sína um niðurfellingu málskostnaðar svo:

Eins og réttilega kemur fram í hinum áfrýjaða dómi var hin afbakaða mynd og ummæli stefnda sem henni fylgdu ósæmileg og ósmekkleig í garð áfrýjanda. Af þeim sökum og með vísan til 3. mgr. 130. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum.<sup>156</sup>

Af dómnum má draga þá ályktun að þegar ummæli teljist ósæmileg og ósmekkleig geti það leitt til þess að málskostnaður sé felldur niður, þrátt fyrir að ummælin séu innan þess frelsis er menn njóta til tjáningar skv. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Vera má að svipaðar aðstæður hafi legið að baki ákvörðun dómstóla í öðrum þeim málum þar sem málskostnaður hefur verið felldur niður þrátt fyrir sýknu en erfitt er þó að slá því föstu vegna þess hve takmarkaður rökstuðningur dómstóla er alla jafna við slíkar ákvarðanir. Ljóst er þó að ástæður þessar fyrir niðurfellingu málskostnaðar falla ekki undir þau tilvik þar sem niðurfelling málskostnaðar er heimil skv. 3. mgr. 130. gr. eml. Verður því að skoða nánar þá réttarvenju sem hefur myndast í þessum málaflokki og hvernig venja hefur myndast fyrir þessari túlkun á greininni.

#### **4.2.2. Réttarvenja um niðurfellingu málskostnaðar í meiðyrðamálum**

Ljóst er af niðurstöðum þessarar athugunar og fjallað var um í kafla 4.2.1 að það er orðin nokkuð viðtekin venja að málskostnaður falli niður í meiðyrðamálum þrátt fyrir sýknu af kröfum um refsingu, greiðslu bóta og ómerkingu ummæla. Erfitt er þó að slá því föstu hvaða grundvöllur liggur fyrir ákvörðunum í meiðyrðamálum um að fella niður málskostnað.

Til að skýra betur þá venju er virðist hafa myndast hjá dómstólum varðandi niðurfellingu málskostnaðar í meiðyrðamálum verður fyrst að líta til gildis og vægis réttarvenja sem réttarheimilda. Í íslenskum rétti er viðurkennt að háttsemi sem menn hafa fylgt um langan tíma geti orðið grundvöllur réttarreglu, þ.e. að venjur geti talist til réttarheimilda. Venjur skipta miklu máli í réttarframkvæmd þar sem merking og skýring orða getur ráðist af venjum og á þetta ekki síst við í réttarfari þar sem margar réttarreglur byggja á venjum.<sup>157</sup> Réttarvenjur geta myndast á ýmsa vegu, ýmist í ólögumtóm tómarúmi, til fyllingar einstökum greinum laga auk þess sem í vissum tilfellum geta þær gengið í berhögg við sett lög. Venjur hafa lengi vel verið

<sup>156</sup> sama heimild, kafla II, mgr. 4.

<sup>157</sup> Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Orator 1989) 193.

mikilvægar í íslensku réttarkerfi og litið hefur verið svo á að myndast hafi sjálfstæður venjuréttur.<sup>158</sup> Réttarvenjur teljast alla jafna bindandi réttarheimildir þó að þær séu í raun mjög sveigjanlegar. Dómarar hafa nokkuð frjálstræði þegar kemur að mati á venjum, þar á meðal hvort þeir leggja hana til grundvallar eða ekki. Þó eru vissulega auknar líkur á því þegar um ræðir rótgrónar og alkunnar venjur að þær verði lagðar til grundvallar niðurstöðu dómara.<sup>159</sup>

Samspil réttarvenja og laga getur verið ýmiss konar en viðurkennt hefur verið að réttarreglur geta verið til fyllingar einstökum ákvæðum laga, þannig að efni lagaákvæða ráðist af venju og geta venjur þannig gengið framur lagaákvæðum eða einstökum atriðum lagaákvæða.<sup>160</sup> Má því telja að venja þess efnis að víkja skuli frá meginreglu 1. mgr. 130. gr. eml. í meiðyrðamálum og þá sérstaklega sýknumálum geti myndast, enda hafa dómstólar lengi beitt undantekningarreglu 3. mgr. 130. gr. eml. á fleiri atriði en þau er fram koma í greininni. Þegar venja er andstæð settri lagareglu verður þó að gera ríkari kröfur en ella til styrkleika hennar til að hún geti talist grundvöllur réttarreglu.<sup>161</sup>

Athuga verður að sú réttarvenja sem myndast hefur byggist á beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. rýmra en lagatexti ákvæðisins gefur tilefni til. Greinin kveður á um ákveðnar heimildir til niðurfellingar málskostnaðar og hafa dómstólar beitt ákvæðinu rýmra til þess að fella megi niður málskostnað í fleiri málum en þeim sem kveðið er á um í greininni sjálfri. Verður því að líta svo á að réttarvenja hafi skapast fyrir ákveðinni lögskýringaraðferð. Viðurkennt hefur verið í dómum Hæstaréttar að venjur geti ráðið því hvaða lögskýringu skuli beitt í málum og dæmi um þetta má sjá í fjölda dómum Hæstaréttar.<sup>162</sup> Þó að flestar þær venjur sem dómstólar dæma eftir séu ekki í beinni mótsögn við gildandi lög eru þess þó dæmi að Hæstiréttur hafi litið svo á að réttarvenja geti staðið framur réttarreglu er byggir á lagaákvæði.<sup>163, 164</sup>

Telja verður því að venja sú er virðist hafa myndast geti fallið innan þeirra skilyrða sem fyrir slíkar réttarreglur eru settar. Á grundvelli þess er fjallað hefur verið um í kafla 4.2.1 má sjá að

---

<sup>158</sup> Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga - réttarheimildir* (Hið íslenska bókmenntafélag 2002) 184.

<sup>159</sup> sama heimild 191–192.

<sup>160</sup> Ármann Snævarr (n. 162) 196.

<sup>161</sup> sama heimild 201.

<sup>162</sup> Sem dæmi má nefna Hrd. 9. febrúar 1960 í máli nr. 78/1959: Skylda hvíldi á áfrýjanda til að skila gjaldeyri til íslenskra banka. Taldi Hæstiréttur að venja hefði myndast fyrir þeirri túlkun laganna að handhafa gjaldeyrisins væri frjálst að ráðstafa nokkrum hluta hans til eigin nota.

<sup>163</sup> Í Hrd. 6. apríl 1932 nr. 61/1931 sagði dómstóllinn að sú venja hafi sprottið, að veðsalar mættu ráðstafa veðsettum fiski án afskipta veðhafa. Slík ráðstöfun var þvert gegn almennum reglum veðréttarins en þrátt fyrir það túlkaði Hæstiréttur svo að hin sannaða réttarvenja stæði framur almennum reglum veðréttarins.

<sup>164</sup> Ármann Snævarr (n. 162) 207–208.

venja er fyrir því að fella niður málskostnað í meiðyrðamálum og algengara er að hann sé felldur niður þegar um sýknu er að ræða frekar en sakfellingu. Lítið er að finna um rökstuðning við niðurstöðu dómstóla varðandi málskostnað í dómum þessum og er Hrd. 214/2014 sem reifaður var hér að ofan eini dómurinn af þeim sem rannsakaðir voru þar sem finna mátti sérstakan rökstuðning við ákvörðun dóms um málskostnað. Er af þeim sökum erfitt að meta þá venju er virðist hafa skotið rótum í málaflokknum. Má þó draga ákveðnar ályktanir af framkvæmd dómstóla um það hvernig þeir beita reglum um niðurfellingu málskostnaðar í málum þessum.

Þá má einnig nefna að ekki verður hægt að meta venju dómstóla um það hvenær þeir lækka málskostnað á sama grundvelli og hann er felldur niður þar sem mjög erfitt getur verið að meta hvenær fullur málskostnaður er dæmdur og hvenær dómstólar dæma einungis hluta hans. Þetta orsakast af því að dómstólar hafa ekki í fyrrgreindum málum fjallað um það að neinu leyti hvort að dæmdur sé fullur málskostnaður eða hvort þeir hafi ákveðið að lækka hann.<sup>165</sup>

Þegar málskostnaður er niður felldur vísa dómstólar alla jafna til 3. mgr. 130. gr. eml., stundum án þess þó að vísa til þess hver af þeim ástæðum er taldar eru upp í greininni réðu úrslitum um niðurfellingu. Þó verður að teljast ljóst af þeim dómum er reifaðir hafa verið í kafla 4 að tilfelli niðurfellingar eru fleiri en einungis þau er fjallað er um í 3. mgr. 130. gr. Þannig hefur réttarvenja myndast í ákveðnum málaflokkum til niðurfellingar málskostnaður en áður var fjallað um venju dómstóla til niðurfellingar í málum einstaklinga gegn váttryggingafélögum og íslenskum stjórnvöldum. Með vísan til þess að í málum þeim er rannsökuð voru var málskostnaður felldur niður í 44,78% tilvika má ljóst vera að það sé einnig viðtekin venja að málskostnaður verði felldur niður í meiðyrðamálum og þá sérstaklega í sýknumálum.<sup>166</sup>

#### **4.2.2.1. Lögskýringarleiðir við beitingu 3. mgr. 130. gr. eml.**

Með því að fella ítrekað niður málskostnað í ákveðnum málaflokkum án tillits til þess hvort að málsatvik heyri undir 3. mgr. 130. gr. eml. er vikið frá meginreglu um hvernig greininni skuli beitt. Athuga verður að í greininni felst undantekning frá efnisreglu eml. um ákvörðun málskostnaðar og verður að skoða hvort að sú lögskýringarleið sem dómstólar hafa farið til að beita greininni svo að réttarvenja hafi myndast geti talist eðlileg.

---

<sup>165</sup> Viðauki I, sjá rökstuðning við málskostnaðarákvarðanir.

<sup>166</sup> Viðauki I, kafli 8.1.2 um tölfraðilegar niðurstöður.

Dómstólar hafa ekki skýrt hvort venja þeirra við að fella niður málskostnað í málafllokki þessum byggist á rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun. Líta má fyrst til þeirra skilyrða sem eru fyrir því að rýmkandi lögskýringu verði beitt til þess að leggja mat á hvort að heimilt væri að beita henni. Fræðimenn hafa almennt skilgreint rýmkandi lögskýringu þannig að hún sé lögskýringarleið sem feli í sér að tilvik sé látið falla undir lagaákvæði, þegar vafi leikur á um merkingu þess að loknu heildarmati á innra og ytra samhengi ákvæðisins, eða ef sérstök og knýjandi rök réttlæti að ákvæðið sé túlkað rúmt, þótt með því sé vikið frá merkingu ákvæðisins, sem leiðir af textaskýringu.<sup>167</sup> Þar sem ekki er vafi um merkingu lagaákvæðisins, og ekki verður talið að heildstætt mat á samhengi ákvæðisins leiði til þess að sérstök og knýjandi rök verði talin réttlæta það að ákvæðið verði túlkað rúmt verður að telja ólíklegt að slíkri aðferð yrði beitt á 3. mgr. 130. gr. eml. Þó að lagatexta verði veitt rúm merking verður ekki séð að beiting dómstóla á 3. mgr. 130. gr. eml. sem nokkurskonar venju í ákveðnum málaflokkum geti fallið innan þess merkingarlega ramma ákvæðisins þar sem nokkur eðlismunur er á reglu 3. mgr. 130. gr. eml. og beitingu dómstóla á greininni. Eins og áður hefur fram komið er greininni ætlað að ná til afmarkaðra tilvika þar sem sérstakar ástæður eru uppi sem heimila niðurfellingu málskostnaðar. Með því að beita reglunni sem venju í ákveðnum málaflokkum er eðli beitingar reglunnar annað en það sem fram kemur í lagaákvæðinu sjálfu og verður því ekki séð að rýmkandi lögskýring geti náð yfir þau tilvik þar sem dómstólar beita 3. mgr. 130. gr. eml. með þeim hætti sem fjallað hefur verið um.

Ef ekki verður talið að beita megi rýmkandi lögskýringu á 3. mgr. 130. gr. eml. verður að skoða hvort að beita megi lögjöfnun til þess að víkka gildissvið ákvæðisins svo að það nái yfir fleiri tilvik en þau sem kveðið er á um í greininni. Lögjöfnun er aðgerð í formi réttarsköpunar sem felur í sér að beita réttarreglu á annan hátt en orðalag löggjafans gaf tilefni til að hægt væri.<sup>168</sup> Ströng skilyrði eru þó fyrir því fyrir því að beita megi lögjöfnun. Þar má fyrst nefna að það tilvik sem beita á lögjöfnun á verður að vera ólöglegt í rúmri merkingu, þannig að ljóst sé að úr því verði ekki leyst á grundvelli annarra réttarheimilda. Þá verður að vera ótvírætt af túlkun á lagaákvæði, sem til greina kemur sem andlag lögjöfnunar, að tilvikið teljist eðlislíkt eða samkynja þeim tilvikum, sem falla undir þá efnisreglu sem leidd verður af ákvæðinu. Að lokum verður lögjöfnun aðeins beitt þegar ljóst þykir af mati á ytra samhengi lagaákvæðis, sem til álita kemur sem grundvöllur lögjöfnunar, að ekki standi mikilvæg lagarök, til dæmis um valdmörk dómstóla gagnvart löggjafarvaldinu, eða meginreglur til þess að um tilvikið sé fjallað

<sup>167</sup> Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Bókaútgáfan CODEX 2007) 296–298.

<sup>168</sup> sama heimild 309–311.

í öðrum réttarheimildum, og þá einkum í settum lögum. Sjaldnast er tekin sérstök afstaða til skilyrða þessa í dómum Hæstaréttar og er að jafnaði ekki settur fram sjálfstæður rökstuðningur fyrir beitingu lögjöfnunar en ljóst er þó að skilyrði þessi þurfa að vera uppfyllt svo að lögjöfnun megi beita.<sup>169</sup>

Þá verður einnig að líta til þess að dómstólar hafa í framkvæmd yfirleitt skýrt undantekningarreglur laga þröngt og ekki litið svo á að frá þeim skuli lögjafna.<sup>170</sup> Þó að slík framkvæmd geti ekki mælt sérstaklega gegn beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. á fleiri tilvik en greinin kveður á um verður að líta til þess að í beitingu greinarinnar felst undantekning frá hinni almennu reglu um niðurfellingu málskostnaðar og eru því sterk rök gegn því að greininni verði beitt með þeim hætti er um ræðir.

Eins og sjá má er ekki ljóst á hvaða grundvelli 3. mgr. 130. gr. eml. er beitt þar sem dómstólar hafa ekki rökstutt ákvarðanir sínar um niðurfellingu málskostnaðar nema að mjög takmörkuðu leyti og hefur rökstuðningur við slíkar ákvarðanir í meiðyrðamálum verið hverfandi. Þó að leiða megi líkur að því að dómstólar fari leið lögjöfnunar til þess að beita 3. mgr. 130. gr. eml. í málaflokki þessum er það ekki skýrt hvaða rökstuðningur liggur þar að baki og er því ekki hægt að draga frekari ályktanir um það á hvaða grundvelli dómstólar beita reglunni. Má þó slá því föstu að dómstólar líta á beitingu 3. mgr. 130. gr. eml. í meiðyrðamálum eins og hún hefur verið skýrð hér sem fasta réttarvenju.

## 5. Útgáfa áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum

Mikilvægur þáttur í réttaröryggi því sem dómstólar veita er að þeir aðilar sem leita til dómstóla eigi möguleika á því að úrlausn þeirra verði endurskoðuð af æðri dómstól. Tilgangur reglna um málskot snýr bæði að því tryggja réttaröryggi manna og samræmi í réttarframkvæmdinni. Hér á landi starfar talsverður fjöldi dómstóla á fyrsta stigi. Það stuðlar því að samræmi í réttarframkvæmd að gefa aðilum möguleika á að vísa málum sínum til æðra dómstigs, sérstaklega þar sem hér starfar aðeins einn áfrýjunardómstóll.<sup>171</sup>

Möguleiki manna á að fá efnislega niðurstöðu dómstóla endurskoðaða er mikilvægur og er því nauðsynlegt að framkvæmd varðandi áfrýjanir sé gagnsæ. Reyndin er sú að í einkarefsimálum þeim sem hér hafa verið til umfjöllunar er algengt að áfrýjunarfjárhæð skv. 1. mgr. 152. gr.

---

<sup>169</sup> sama heimild 314.

<sup>170</sup> Ármann Snævarr (n. 162) 547.

<sup>171</sup> Jón Steinar Gunnlaugsson, *Um málskot í einkamálum* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 11–12.

eml. sé ekki náð.<sup>172</sup> Verður því að skoða vel þær réttarreglur sem gilda um áfrýjun til Hæstaréttar, útgáfu áfrýjunarleyfa og hvort að eml. og framkvæmd þeirra geti stuðlað að því að aðgengi að dómstólum sé að einhverju leyti skert í málaflokki þessum.

### 5.1.1. Málskot til Hæstaréttar

Úrlausnum héraðsdóms verður aðeins áfrýjað til Hæstaréttar með tvennum hætti, með áfrýjun eða kæru. Áfrýjun er það almenna úrræði sem gerir mönnum kleift að fá dóma endurskoðaða. Kæra á frekar við um ákvarðanir dómara við málsmeðferð sem teknar eru með úrskurði og úrskurði dómara á sviði fullnusturéttarfars. Heimildir til kæru eru tæmandi taldar í 143. gr. eml. en verður hér einkum fjallað um áfrýjanir dóma til Hæstaréttar sem úrræði aðila til að fá efnislega niðurstöðu máls endurskoðaða. Um áfrýjanir til Hæstaréttar er fjallað í XXV. kafla eml.<sup>173</sup>

Almennu regluna um áfrýjanir til Hæstaréttar er að finna í 1. ml. 1. mgr. 151. gr. eml. Þar kemur fram að heimilt sé að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laganna. Við áfrýjun skal krafa áfrýjanda snúa að þeim þáttum er fjallað er um í 3. mgr. 151. gr. eml.: að hinni efnislegu niðurstöðu málsins með kröfu um breytingu eða staðfestingu eða að formsatriðum við málsmeðferð í héraði. Þegar dómum er áfrýjað til Hæstaréttar er algengast að það sé gert í því skyni að fá efnislegri niðurstöðu héraðsdóms hnekkt eða breytt.<sup>174</sup>

### 5.1.2. Áfrýjunarleyfi

Til að áfrýja megi niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Fyrst ber þar að nefna áfrýjunarfjárhæð, en skv. 152. gr. eml. má aðeins áfrýja dómi ef áfrýjunarfjárhæð er náð ef málið varðar fjárkröfu. Í 1. mgr. 152. gr. segir að aðeins megi áfrýja máli ef fjárhæð kröfunnar nemi að minnsta kosti 300.000 kr. með tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992. Ráðherra birtir ár hvert í Lögbirtingarblaðinu nýja fjárhæð eigi síðar en 10. desember ár hvert. Við vinnslu þessa ritgerðar var sú fjárhæð 776.097 kr.<sup>175</sup> Áfrýjunarfjárhæð miðast við höfuðstól kröfu í áfrýjunarstefnu og ef um er að ræða fleiri en

---

<sup>172</sup> Vísast þar til þeirra mála sem reifuð eru í viðauka 1 við þessa ritgerð. Í meiri hluta málanna var áfrýjunarfjárhæð ekki náð og því ekki hægt að áfrýja dómum án þess að fá útgefið áfrýjunarleyfi sbr. 154. gr. eml. Þá er einnig að finna umfjöllun í kafla 5.1.2.2 um það hversu oft mál náí áfrýjunarfjárhæð.

<sup>173</sup> Jón Steinar Gunnlaugsson (n. 176) 25.

<sup>174</sup> sama heimild 32–33.

<sup>175</sup> Innanríkisráðuneytið, „Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð“ (*Innanríkisráðuneytið*, desember 2014) <<http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/rettarfar/afryjunarfjarhaed/>> skoðað 24. apríl 2015.



eina kröfu skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar sbr. 2. mgr. 152. gr. Þá er ekki litið til gagnkröfu þó að hún hafi verið höfð uppi til skuldajafnaðar. Í 3. mgr. sömu greinar segir að ef mál varði ekki fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunir svari til áfrýjunarfjárhæðar og getur Hæstiréttur leitað til aðila máls til umsagnar við ákvörðunina.<sup>176</sup> Ef áfrýjunarfjárhæð er ekki náð eða hagsmunir skv. 3. mgr. 152. gr. svara ekki til áfrýjunarfjárhæðar ber að sækja um áfrýjunarleyfi og getur Hæstiréttur þá samþykkt umsóknina ef einhver þeirra atriða er fjallað er um í 4. mgr. sömu greinar eiga við.<sup>177</sup>

- ef úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi
- ef úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis
- ef ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi

Túlkun þessara atriða hefur nokkra þýðingu enda getur túlkun Hæstaréttar á þeim við útgáfu áfrýjunarleyfa að miklu leyti stjórnað því hverjir hafa aðgang að æðsta dómstigi landsins í ákveðnum málaflokkum. Eins og áður hefur verið fjallað um eru dæmdar miskabætur í meiðyrðamálum oft lágar. Það þýðir að þegar sakfelld er í slíkum málum er það að mestu leyti undir mati Hæstaréttar komið hvort að áfrýjun verði heimiluð með áfrýjunarleyfi. Miklu máli skiptir því að áfrýjunarleyfi þessi séu gefin út á sanngjarnan hátt sem tryggir báðum aðilum sama aðgang að dómstólum í samræmi við meginreglur 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE.

Þá er í 153. gr. fjallað um tímamörk áfrýjunar. Meginreglan skv. 1. mgr. 153. gr. er að dómi verði aðeins áfrýjað innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu hans. Á þessari reglu er þó að finna undantekningu varðandi mál þau er lúta reglum XIX. kafla eml. um flýtimeðferð einkamála, en þeim þarf að áfrýja innan þriggja vikna frá uppkvaðningu dóms. Til þess að tímafresti þessum sé náð þarf að hafa gefið út áfrýjunarstefnuna áður en fresturinn rennur út.<sup>178</sup> Ef máli er ekki áfrýjað innan venjulegs tímafrests er hægt að sækja um áfrýjunarleyfi næstu þrjú mánuði eftir það tímamark sbr. 2. mgr. 153. gr. Hæstiréttur metur hvort hann telur rétt að veita áfrýjunarleyfið en til þess að það sé heimilt þarf dráttur á áfrýjun að vera réttlætanlegur auk þess sem skilyrði 4. mgr. 152. gr. þurfa að vera uppfyllt.<sup>179</sup> Í 152. og 153. gr. eml. er fjallað um þau tilvik þar sem sækja þarf um áfrýjunarleyfi svo heimilt sé að áfrýja dómi til Hæstaréttar.

<sup>176</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 152. gr.

<sup>177</sup> sama heimild.

<sup>178</sup> Jón Steinar Gunnlaugsson (n. 176) 45.

<sup>179</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 2. mgr. 153. gr.

Þessar lagareglur afmarka þannig þau tilvik þar sem nauðsynlegt er að sækja um áfrýjunarleyfi svo að hægt sé að skjóta máli til Hæstaréttar. Af þeim áfrýjunarleyfum sem sækja þarf um skv. 152. – 154. gr. eml. er algengara að sækja þurfi um áfrýjunarleyfi vegna þess að áfrýjunarfjárhæð sé ekki náð frekar en að áfrýjunarfrestur sé liðinn.<sup>180</sup>

Áfrýjunarfjárhæð til Hæstaréttar hefur þróast nokkuð í árunna rás en þegar rétturinn tók formlega til starfa var lágmark áfrýjunarfjárhæðar 25 kr. skv. lögum um Hæstarétt Íslands nr. 22/1919. Var þessi fjárhæð hækkuð í 50 kr. með lögum nr. 112/1935 og enn í 5.000 kr. með lögum nr. 57/1962. Með lögum 75/1973 var fjárhæðin enn hækkuð í 25.000 kr. og voru rökin fyrir þessum miklu hækkunum til að koma í veg fyrir að minni málum væri skotið til Hæstaréttar sem var þá orðið nokkuð títt. Áfrýjunarfjárhæð var aftur breytt í 200.000 kr. með lögum nr. 24/1979.<sup>181</sup> Þremur árum seinna fór þó fram myntbreyting hér á landi og var áfrýjunarfjárhæðinni því aftur breytt með lögum nr. 67/1982 og varð 7.000 kr.<sup>182</sup> Þessi fjárhæð hélst óbreytt fram að gildistöku laga nr. 91/1991 þar sem hún var færð úr 7.000 kr. í 150.000 kr.<sup>183</sup> Var í frumvarpi með lögum nr. 91/1991 vísað til sömu forsenda og þeirra er notuð voru við hækkun áfrýjunarfjárhæðar með lögum nr. 75/1973 og taldi löggjafinn að þágildandi áfrýjunarfjárhæð væri nánast tilgangslaus vegna verðbreytinga. Var einnig kveðið á um í fyrsta skipti í lögum þessum að áfrýjunarfjárhæð skyldi breytast ár hvert í samræmi við lánskjaravísitölu og að ráðherra skyldi auglýsa nýja áfrýjunarfjárhæð í Lögbirtingarblaði ekki síðar en 10. desember ár hvert.<sup>184</sup> Þá var áfrýjunarfjárhæð síðast breytt með lögum nr. 38/1994 í 300.000 kr. og hefur hún haldist óbreytt síðan.<sup>185</sup>

### 5.1.2.1. Skilyrði veitingu áfrýjunarleyfis

Skilyrði þess að áfrýjunarleyfi verði veitt er að finna í 4. mgr. 152. gr. eml.:

- 4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
  - a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,
  - b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,

<sup>180</sup> Hrafn Bragason, „Hugleiðingar um áfrýjunarleyfi“, *Líndæla: Sigurður Líndal sjötugur* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001) 307.

<sup>181</sup> Lög nr. 24/1979 um breytingu á lögum nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands 3. gr.

<sup>182</sup> Hrafn Bragason (n. 185) 308.

<sup>183</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 1. mgr. 152. gr.

<sup>184</sup> Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál, um 152. gr.

<sup>185</sup> Lög nr. 38/1994 um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 1. mgr. 6. gr.

c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi.<sup>186</sup>

Skilyrði þessi eiga bæði við um áfrýjunarleyfi sem sótt er um þar sem áfrýjunarfjárhæð er ekki náð sbr. 152. gr. og þar sem almennur áfrýjunarfrestur er liðinn sbr. 153. gr. skv. 2. mgr. 153. gr. Þannig gilda þau fyrir veitingu allra áfrýjunarleyfa og verða slík leyfi ekki veitt nema að eitt þessara þriggja skilyrða teljist uppfyllt. Verður því að skýra þau nánar og hvenær skilyrði eru til þess að áfrýjunarleyfi verði veitt. Í greinargerð með frumvarpi að eml. er fjallað um c-lið 4. mgr. 152. gr. sem nýmæli í lögunum og hann skýrður að nokkru en þar sem a- og b-liður eru efnislega óbreyttir frá eldri lögum er ekki sérstaka skýringu að finna á því hvernig skuli túlka þau ákvæði.<sup>187</sup> Ákvæði a- og b-liðar 4. mgr. 152. gr. eml. eiga rætur sínar að rekja til 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands en efnisleg inntak reglnanna hefur haldist óbreytt síðan lög þau voru sett. Sagði í 16. gr. laganna að Hæstarétti væri rétt að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni næmi ekki áfrýjunarfjárhæð skv. 13. gr., enda væru úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða vörðuðu þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila. Þó að orðalag greinar þessar hafi ekki verið að öllu leyti það sama og finna má í a- og b.-lið núgildandi ákvæðis um skilyrði veitingu áfrýjunarleyfis má sjá að efnislegt inntak ákvæðisins er það sama. Væri því við hæfi að líta til lögskýringagagna þeirra sem fylgdu lögum nr. 57/1962 en í greinargerð með frumvarpi að lögunum kom einungis fram varðandi 16. gr. að Hæstiréttur mætti, samkvæmt 16. gr., leyfa áfrýjun mála um lægri fjárhæð, ef sérstaklega stæði á.<sup>188</sup> Þannig var ekki skýrt í lögskýringargögnum hvernig beita skyldi ákvæðum um skilyrði veitingu áfrýjunarleyfis. Hæstiréttur hefur því mat um það sjálfur hvernig hann beitir ákvæðunum.

Ekki er skýrt af lögskýringargögnum hvernig beita skuli a- og b-lið 1. mgr. 154. gr. eml. Þá eru áfrýjunarleyfi og neitun um veitingu áfrýjunarleyfa alla jafna ekki aðgengilegar almenningi og er því erfitt að meta hvaða ástæður liggja til grundvallar ákvörðun dómstóla í þeim efnum. Verður því að skoða sögu beitingu ákvæða þessara að því marki sem hægt er. Áður var framkvæmd sú að Hæstiréttur veitti ekki sjálfur áfrýjunarleyfi en samkvæmt Hæstaréttarlögum nr. 22/1919 veitti dómismálaráðherra áfrýjunarleyfi og hélst sú skipan fram til þess að dómaskipan var breytt 1. júlí 1992. Þess má þó geta að frá gildistöku laga nr. 75/1973 var áfrýjunarleyfi aðeins veitt með meðmælum Hæstaréttar. Er framkvæmd nú sú að Hæstiréttur fer einn með vald um veitingu áfrýjunarleyfa. Sú skipan er í samræmi við það er tíðkast hjá þeim þjóðum sem Ísland lítur alla jafna til við lagasetningu og talið hefur verið að

<sup>186</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 4. mgr. 152. gr. eml.

<sup>187</sup> Alþt. 1991 A-deild þskj. 72 - 71. mál, um 152. gr.

<sup>188</sup> Alþt. 1961 A-deild þskj. 99 - 77. mál, um II. kafla.

fyrirkomulagið sé í samræmi við kenningar fræðimanna um hvernig fyrirkomulagi veitingu áfrýjunarleyfa sé best háttáð.<sup>189</sup> Á þeim tíma sem dómsmálaráðherra veiti áfrýjunarleyfi var það þó álitamál hvort Hæstiréttur þyrfti ávallt að hlíta ákvörðunum dómsmálaráðherra um útgáfu áfrýjunarleyfis. Sem dæmi má nefna að Hæstiréttur hafði endanlegan dóm um það hvort máli væri áfrýjað innan lögmæltis frests eða ekki. Að sama skapi hafði dómstóllinn nokkuð að segja um það hvaða mál fengju málsmeðferð fyrir Hæstarétti þó að áfrýjunarfjárhæð væri ekki náð.<sup>190</sup>

Hvað varðar c-lið 4. mgr. 152. gr. var það ákvæði nýtt í lögum um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 38/1994.<sup>191</sup> Voru löglin liður í heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála fyrir Hæstarétti.<sup>192</sup> Gaf ákvæðið Hæstarétti víðtækari heimildir til að heimila áfrýjun en samkvæmt því má veita áfrýjunarleyfi ef ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að héraðsdómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi. Var ákvæði þetta sett með hliðsjón af norski fyrirmynd.<sup>193</sup> Nokkuð var fjallað um áfrýjunarleyfi í athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 38/1994. Sérstaklega sagði um hinn nýja c-lið 4. mgr. 152. gr. að með ákvæðinu væri opnuð leið til að veita áfrýjunarleyfi án tillits til hagsmuna í máli ef ekki væri víst að héraðsdómur yrði staðfestur fyrir Hæstarétti. Lagði löggjafinn áherslu á að við meðferð umsóknar um áfrýjunarleyfi sem byggði á ákvæðinu tæki Hæstiréttur afstöðu til efnisatriða í máli og ætti þannig að endurskoða héraðsdóm að einhverju leyti. Til þess að þetta væri mögulegt yrði umsókn um áfrýjunarleyfi að vera ítarlega rökstudd skv. 7. gr. frumvarpsins sem kvað á um breytingu á 154. gr. Fjallaði 1. mgr. greinarinnar um að umsókn um áfrýjunarleyfi þyrfti að geyma ítarlegan rökstuðning á því hvernig umsækjandi teldi skilyrðum áfrýjunarleyfis fullnægt.<sup>194</sup> Má þannig líta svo á að með þessari reglu hafi möguleikar aðila á að áfrýja málum sínum nokkuð víkkað enda getur Hæstiréttur nú, ólíkt því sem áður var, samþykkt veitingu áfrýjunarleyfis án þess að málið hafi almennt gildi eða varði verulega hagsmuni sbr. a- og b-lið 1. mgr. 154. gr. eml.

Nú hefur vald til útgáfu áfrýjunarleyfa færst að öllu leyti til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur ekki birt upplýsingar um fjölda áfrýjunarleyfa sem veitt eru og hversu mörgum hefur verið synjað.

---

<sup>189</sup> Hrafn Bragason (n. 185) 308.

<sup>190</sup> Sigurður Línal, „Um áfrýjunarleyfi“ (1973) 26 (3) Úlfjótur - tímarit laganema 211, 214.

<sup>191</sup> Lög nr. 38/1994 um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 6. gr.

<sup>192</sup> Alþt. 1993 A-deild þskj. 220 - 198. mál, almennar athugasemdir með frumvarpinu.

<sup>193</sup> Hrafn Bragason (n. 185) 309.

<sup>194</sup> Alþt. 1993 A-deild þskj. 220 - 198. mál, um helstu efnisatriði frumvarpsins.

Þá eru leyfi þessi ekki birt opinberlega og er því erfitt að meta þær venjur sem myndast hafa varðandi útgáfu þeirra og mat á þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að þau séu gefin út.

### 5.1.2.2. Veiting áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum

Þó að fjárkröfur í meiðyrðamálum kunni að vera háar er algengt að dæmdar miskabætur vegna ærumeiðinga séu tiltölulega lágar samanborið við önnur mál.<sup>195</sup> Þetta leiðir til þess að í þeim málum þar sem stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda er möguleiki fyrir stefnanda að áfrýja dómi til Hæstaréttar án þess að sækja þurfi sérstaklega um áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. eml. þar sem áfrýjunarfjárhæð skv. 1. mgr. 152. gr. má einfaldlega ná með því að gera miskabótakröfu nógu háa. Þar sem engin dómsmálagjöld greiðast af einkarefsimálum skv. 1. – 3. mgr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 er ekki þörf fyrir stefnanda að stilla kröfum sínum í hóf og á stefnandi því sjálfkrafa aðgang að áfrýjun mála sinna ef hann vinnur ekki mál fyrir héraðsdómi. Þá má líta til þess að úrræði þetta er honum opið hvort sem um er að ræða sýknu að öllu leyti eða sýknu að hluta – t.d. ef aðeins eru ómerkt hluti þeirra ummæla sem krafist var ómerkingar á fyrir dómi.<sup>196</sup> Þannig hefur stefnandi nær alltaf óskorað aðgengi að málskoti til Hæstaréttar þar sem hann þarf ekki að sækja um áfrýjunarleyfi.

Öðru máli gegnir þegar stefndu tapa máli og vilja fá því áfrýjað til Hæstaréttar. Sé um að ræða sakfellingu eru dæmdar miskabætur alla jafna það lágar að áfrýjunarfjárhæð er ekki náð og verður þá að sækja um áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. eml. Sem dæmi um dæmdar miskabætur má líta til héraðsdóma frá árinu 2014:

- Hérð. E-37/2014: 300.000 kr. í miskabætur og 63.252 kr. til að kosta birtingu dóms.
- Hérð. E-3960/2013: 200.000 kr. í miskabætur.
- Hérð. E-1470/2013: 300.000 kr. í miskabætur og 621.800 kr. til að kosta birtingu dóms.<sup>197</sup>

Áfrýjunarfjárhæð fyrir árið 2014 var 761.423 kr. og má því sjá að einn þessara dóma uppfyllti skilyrði 1. mgr. 152. gr. eml. um áfrýjunarfjárhæð. Þannig þyrfti í tveimur þessara dóma að sækja um áfrýjunarleyfi til að eiga rétt á málskoti til Hæstaréttar.<sup>198</sup>

---

<sup>195</sup> Reifun á dæmdum miskabótum í meiðyrðamálum má finna í viðauka 1 við ritgerð þessa. Upplýsingar um dæmdar miskabætur er einnig að finna síðar í þessum kafla.

<sup>196</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 152. gr.

<sup>197</sup> Aðeins var fjallað um þá dóma þar sem stefndum voru dæmdar bætur og þannig ekki fjallað um þau mál þar sem sýknað var að fullu eða af kröfum um bætur.

<sup>198</sup> Innanríkisráðuneytið, „Auglýsing um hækkun áfrýjunarfjárhæðar“ (*Innanríkisráðuneytið*) <<http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28791>> skoðað 16. mars 2015.

Þó ekki hafi verið birtar upplýsingar um fjölda áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum má þó fá ákveðna mynd af því í hvaða tilfellum þau leyfi hafa verið veitt og í hvaða tilfellum þeim hefur verið synjað með því að skoða þau mál sem komist hafa til Hæstaréttar og leggja mat á það hvort nauðsynlegt hafi verið að sækja um áfrýjunarleyfi. Þannig má sjá í hve mörgum tilfellum Hæstiréttur hefur veitt áfrýjunarleyfi á því tímabili er var til rannsóknar í viðauka I. Er því við hæfi að skoða þau mál er hafa komist til Hæstaréttar í flokki meiðyrðamála og verða því taldir hér þeir dómur Hæstaréttar frá árinu 2000 – 2014 sem fjalla um ærumeiðingar og þá hvort þeim var áfrýjað af stefnanda eða stefnda og þá hvort skilyrði áfrýjunar án áfrýjunarleyfis hafi verið uppfyllt.

Þar má fyrst nefna þá dóma þar sem stefnandi áfrýjaði en gera má ráð fyrir því að ekki hafi þurft að sækja um áfrýjunarleyfi fyrir áfrýjun þeirra dóma þar sem tryggja má möguleika á áfrýjun með því að hafa miskabótakröfu hærri en áfrýjunarfjárhæð. Þeir dómur voru 16 talsins og eru þeir eftirfarandi:

- Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 272/2000 (Kjartan Gunnarsson gegn Sigurði G. Guðjónssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 10. apríl 2003 í máli nr. 426/2002 (Korea Ginseng Corporation gegn Heilsuverslun Íslands ehf. og Ólafi Erni Karlssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003 (Bjarni F. Einarsson gegn Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, Helga Þorlákssyni og John Hines. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 15. desember 2005 í máli nr. 181/2005 (Edwin George Shelton gegn Indriða H. Þorlákssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 19. mars 2009 í máli nr. 448/2008 (Franklin Kristinn Stiner gegn Trausta Hafsteinssyni og Sigurjóni Magnúsi Egilssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 5. mars 2009 í máli nr. 328/2008 (Ásgeir Þór Davíðsson gegn Björk Eiðsdóttur og Guðrúnu Elínu Arnardóttur. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 29. janúar 2009 í máli nr. 689/2009 (Ívar Pétur Guðnason gegn Hinriki Línal Skarphéðinssyni og Sunnleygu Belindu Leivsdóttur Lindal. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009 (Rúnar Þór Róbertsson gegn Sigurjóni Magnúsi Egilssyni og Erlu Hlynsdóttur. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)

- Hrd. 24. nóvember 2011 í máli nr. 179/2011 (Pálmi Haraldsson gegn Svavari Halldórssyni, Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur og Páli Magnússyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 10. nóvember 2011 í máli nr. 65/2011 (Frjáls Miðlun ehf., Brynhildur Gunnarsdóttir og Guðjón Gísli Guðmundsson gegn Guðríði Arnardóttur, Ólafi Þór Gunnarssyni og Hafsteini Karlsyni. Stefnendur áfrýjuðu eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 3. nóvember 2011 í máli nr. 693/2010 (Viggó Valdemar Sigurðsson gegn Unni Valdemarsdóttur, Ragnari Kristni Árnasyni, Benedikt Bóasi Hinrikssyni, Reyni Traustasyni og Birtingi útgáfufélagi ehf.. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012 (Ægir Geirdal Gíslason gegn Steingrími Sævari Ólafssyni Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 19. desember 2014 í máli nr. 317/2014 (Ásmundur Ásmundsson gegn Kristni E. Hrafnssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 183/2014 (Hilmar Leifsson gegn Reyni Traustasyni og Jóni Trausta Reynissyni Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 184/2014 (Hilmar Leifsson gegn Reyni Traustasyni og Jóni Trausta Reynissyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)
- Hrd. 20. nóvember í máli nr. 214/2014 (Egill Einarsson gegn Inga Kristjáni Sigurmarssyni. Stefnandi áfrýjaði eftir sýknu í héraði.)

Í öllum þessum málum var um að ræða sýknu fyrir héraðsdómi og höfðu stefnendur því óskoraðan aðgang til áfrýjunar að því gefnu að miskabótakrafa væri nægilega há. Því næst má líta til mála þar sem um gagnáfrýjun var að ræða, þ.e. þau mál þar sem bæði stefnandi og stefndi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

- Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006 (Garðar Örn Úlfarsson gegn Ásbirni K. Morthens og Ásbjörn K. Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365 prentmiðlum ehf. Stefndi áfrýjaði til Hæstaréttar eftir að hafa tapað máli í héraði. 700.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 11. nóvember 2007 í máli nr. 491/2006 (Jónas Kristjánsson og Mikael Torfasen gegn Gunnari Hrafn Birgissyni og Gunnar Hrafn Birgisson gegn Jónasi Kristjánssyni, Mikael Torfasyni og 365 miðlum ehf. Stefndu áfrýjuðu eftir að hafa tapað máli í héraði. 1.500.000 kr. í miskabætur og 200.000 kr. vegna birtingu dóms, áfrýjunarfjárhæð náð)

- Hrd. 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009 (Helga Haraldsdóttir gegn Ólöfu Ósk Erlendsdóttur, Magnúsi Einarssyni og Erlu Hlynisdóttur og Erla Hlynisdóttir gegn Helgu Haraldsdóttur. Stefnandi áfrýjaði gegn þeim er sýknaðir voru í héraði. Stefnda Erla Hlynisdóttir gagnáfrýjaði eftir að hún tapaði máli í héraði og var dæmd til greiðslu 100.000 kr. í miskabætur. Dómkröfur í aðaláfrýjun náðu áfrýjunarfjárhæð, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013 (Björgvin Guðmundsson gegn Pétri Gunnlaugssyni og gagnsök. Stefndi áfrýjaði eftir að hafa tapað máli í héraði. 300.000 kr. í miskabætur og 500.000 kr. til að kosta birtingu dóms, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 25. september 2014 í máli nr. 103/2014 (Jón Steinar Gunnlaugsson gegn Þorvaldi Gylfasyni og gagnsök. Stefnandi áfrýjaði eftir að tapa máli í héraði. Áfrýjunarfjárhæð miðaðist við kröfugerð stefnanda, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 18. desember 2014 í máli nr. 215/2014 (Egill Einarsson gegn Sunnu Ben Guðrúnardóttur og gagnsök. Áfrýjunarfjárhæð miðaðist við kröfugerð stefnanda, áfrýjunarfjárhæð náð)

Sjá má að í þeim málum þar sem gagnáfrýjun var um að ræða voru engin tilvik þar sem veita þurfti áfrýjunarleyfi svo að áfrýjun til Hæstaréttar væri heimil. Þá verður að síðustu að líta til þeirra mála þar sem stefndi áfrýjaði. Þessum málum má skipta í tvo flokka, málum þar sem áfrýjunarfjárhæð sbr. 1. mgr. 152. gr. eml. er náð og málum þar sem áfrýjunarfjárhæð er ekki náð og hefur því þurft að sækja um áfrýjunarleyfi til að málskot til Hæstaréttar sé heimilt. Með þessum hætti má finna í hversu mörgum tilfellum á rannsóknartímabilinu málskot til Hæstaréttar hefur verið heimilað með áfrýjunarleyfi skv. 1. mgr. 154. gr. eml. Þau mál er stefndu áfrýjuðu til Hæstaréttar eru eftirfarandi:

- Hrd. 25. september 2003 í máli nr. 36/2003 (Árni Matthías Mathiesen gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni, 100.000 kr. sekt og 100.000 miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð ekki náð, áfrýjunarleyfi veitt)
- Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 34/2008 (365 miðlar ehf. gegn Magnúsi Ragnarssyni, 1.500.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 2. október 2008 í máli nr. 653/2007 (Eiríkur Jónsson gegn Þóru Guðmundsdóttir, 500.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)



- Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007 (Guðmundur Gunnarsson gegn Eiði Eiríki Baldvinssyni og Olenu Shcavynska, 800.000 kr. í miskabætur og 200.000 kr. vegna birtingu dóms í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 30. apríl 2009 í máli nr. 475/2008 (Jón Trausti Reynisson og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir gegn Ásgeiri Þór Davíðssyni, 1.000.000 kr. í miskabætur og 300.000 kr. vegna birtingu dóms í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 29. janúar 2009 í máli nr. 321/2008 (Gaukur Úlfarsson gegn Ómari R. Valdimarssyni, 300.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð ekki náð, áfrýjunarleyfi veitt)
- Hrd. 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011 (Guðríður Haraldsdóttir gegn Apríl Rún Kubischta, 1.100.000 í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010 (Guðríður Haraldsdóttir gegn Dante Lynn Kubischta, 900.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð náð)
- Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012 (Björn Bjarnason gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, 400.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarfjárhæð ekki náð, áfrýjunarleyfi veitt)
- Hrd. 11. desember 2014 í máli nr. 299/2014 (Reynir Traustason og Jón Trausti Reynisson gegn Hans Aðalsteini Helgasyni, 400.000 kr. í miskabætur í héraði, áfrýjunarleyfi veitt)

Í fjórum þessara mála var áfrýjunarfjárhæð ekki náð og má því gera ráð fyrir að í þeim málum hafi þurft að sækja um áfrýjunarleyfi. Má því álykta sem svo að á árunum 2000 – 2014 hafi einungis fjórum sinnum verið veitt áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í meiðyrðamálum er varða 234. – 237. gr. hgl. Eins og áður hefur komið fram er algengt í málaflokki þessum að áfrýjunarfjárhæð sé ekki náð og verður því að líta svo á að veiting áfrýjunarleyfa í málaflokknum sé mjög sjaldgæf þar sem slíkt leyfi hafi aðeins verið veitt fjórum sinnum á 14 ára tímabili.

Ein af birtingarmyndum þessarar framkvæmdar af hálfu Hæstaréttar er sú að algengt er að meiðyrðamálum sé skotið beint frá héraðsdómi til Mannréttindadómstóls Evrópu. Einstaklingar geta kært mál til dómstólsins skv. 34. gr. MSE ef þeir telja að brotið hafi verið á réttindum sem þeim eru tryggð skv. sáttmálanum. Skilyrði þess að niðurstöðu innlendra dómstóla megi kera til dómstólsins er að mál hafi þegar verið tekið til meðferðar af innlendum dómstólum og að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar á því hér á landi sbr. 1. mgr. 35. gr.

MSE.<sup>199</sup> Alla jafna myndi þetta þýða að æðsti dómstóll lands hefði þegar dæmt eða úrskurðað í máli. Þegar áfrýjunarleyfi er ekki veitt í málum er varða mannréttindi þýðir það þó að þegar hefur verið fullreynt að fá niðurstöðu endurskoðaða hér á landi. Verður þá að fara þá leið að kæra málsmeðferð héraðsdóms til MDE, þó að þar sé um að ræða lægsta dómstig hér á landi.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið íslenskt meiðyrðamál til umfjöllunar þar sem Hæstiréttur veitti ekki áfrýjunarleyfi vegna þess að áfrýjunarfjárhæð var ekki náð. MDE kvað upp dóm þann 10. júlí 2012 í máli Erlu Hlynsdóttur gegn íslenska ríkinu nr. 43380/10. Hafði hún þá verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir ærumeiðingar með dómi nr. E-5265/2009 þar sem henni var stefnt af eiganda skemmtistaðar vegna ummæla um að hann hafi í slagtogi við skipulögð glæpasamtök gerst sekur um líkamsárás. Var hún dæmd fyrir ærumeiðingar og til að þola ómerkingu ummæla, til greiðslu miskabóta, kostnaðar vegna birtingu dóms og málskostnaðar. Dæmd heildarfjárfrafa í málinu að undanskildum málskostnaði var 350.000 kr.<sup>200</sup> Þurfti Erla því að sækja um áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. gr. eml. en fram kemur í dómi MDE að Hæstiréttur hafi neitað um að veita henni áfrýjunarleyfi þar sem fjárhagslegir hagsmunir hafi ekki verið nægilegir eða kringumstæður svo sérstakar að forsendur hafi verið fyrir veitingu leyfisins.<sup>201</sup> MDE taldi að málsmeðferð héraðsdóms hafi verið nokkuð ábótavant og dæmdi meðferð héraðsdóms og þar með íslenska ríkisins brotlega gegn 10. gr. MSE. Ekki var þó fjallað sérstaklega um neitun um áfrýjunarleyfis.<sup>202</sup> Dómur þessi er engu að síður dæmi um það að MDE fjalli um dóma þar sem hann telur niðurstöðuna brjóta gegn MSE án þess að æðsti dómstóll Íslands hafi tekið þá til skoðunar.

Þó að mál þetta sé eina íslenska málið sem ratað hefur beint frá héraðsdómi til MDE hefur það samt sem áður oftari verið reynt að skjóta slíkum dómum til MDE án þess að umsókn hafi verið tekin til meðferðar. Sem dæmi má nefna að í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-23/2012, þar sem Ólafur Arnarson var dæmdur fyrir ærumeiðingar í umfjöllun sinni um vefmiðilinn AMX, lýsti hann því yfir í fjölmiðlum að þar sem ekki hafi fengist áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hygðist hann skjóta máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu.<sup>203</sup> Dómstóllinn hafði ekki við vinnu þessarar ritgerðar tekið málið til umfjöllunar.

---

<sup>199</sup> Philip Leach, *Taking a Case to the European Court of Human Rights* (Second Edition, Oxford University Press 2005) 16.

<sup>200</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 í máli nr. E-5265/2009.

<sup>201</sup> Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi umsókn nr. 43380/10 (MDE, 10. júlí 2012), mgr. 17.

<sup>202</sup> sama heimild, mgr. 61-74.

<sup>203</sup> Símon Örn Reynisson, „Ólafur Arnarson gjaldþrota: „Þetta er ekki gleðistund“ - DV“ (DV, maí 2014) <<http://www.dv.is/frettir/2014/5/5/olafur-arnarson-gjaldthrota-thetta-er-ekki-gledistund/>> skoðað 28. mars 2015.

### 5.1.3. Áfrýjunarleyfi sem þáttur í aðgengi að dómstólum

Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er mönnum tryggður réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér fyrir dómstóli með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Þá er kveðið á um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<sup>204</sup> Markmið þessara reglu er að tryggja jafnræði manna fyrir dómstólum og að ákvarðanir sem dómstólar taka um réttindi og skyldur manna hvíli á hlutlægum grundvelli. Ákvæðið var sett í stjórnarskrá með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995<sup>205</sup> í kjölfar endurskoðunar á mannréttindarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þau réttindi sem greinin tryggir höfðu flest verið tryggð í réttarfarslögum um nokkurn tíma en rétt þótti þegar mannréttindi voru endurskoðuð í kjölfar lögfestingu MSE að festa ákvæði þetta í stjórnarskrá.<sup>206</sup>

Oft er vísað til 1. mgr. 70. gr. stjkskr. sem reglunnar um réttláta málsmeðferð en hún er að nokkru leyti sambærileg reglu MSE um réttláta málsmeðferð.<sup>207</sup> Eins og á mörgum stjórnarskrarákvæðum er lítill munur á ákvæðinu eins og það er í stjórnarskránni og sambærilegu ákvæði sem finna má í MSE. Í 1. mgr. 6. gr. MSE er mönnum tryggður þessi réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi en í greininni segir m.a. að þegar kveða skuli á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skuli hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli sem skipaður sé með lögum. Oftar hefur reynt á þetta ákvæði en nokkuð annað ákvæði sáttmálans fyrir MDE, þá ýmist eitt og sér eða í tengslum við aðrar greinar sáttmálans. Hefur því myndast rík venja hjá MDE við túlkun á þessu ákvæði og getur það skipt sköpum þegar litið er til þess hvernig fyrirkomulag útgáfu áfrýjunarleyfa hér á landi samræmist ákvæðum 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE.<sup>208</sup>

Í rétti til réttlátrar málsmeðferðar felst að þegar ákvörðun er tekin um réttindi og skyldur manna að einkamálarétti verði að lúta þeim reglum sem kveðið er á um í áðurnefndum greinum stjkskr. og MSE. Í þeim rétti felst þó ekki sjálfsagður réttur manna til að fá úrlausn dómstóls á fyrsta dómstigi tekna til endurskoðunar af æðri dómi. Hvað varðar sakamál er sá réttur tryggður í 2.

<sup>204</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 1. mgr. 70. gr.

<sup>205</sup> Stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum nr. 97/1995 8. gr.

<sup>206</sup> Gunnar G. Schram (n. 3) 516–517.

<sup>207</sup> Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, *Mannréttindasáttmáli Evrópu* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005) 197.

<sup>208</sup> sama heimild 196–197.

gr. 7. viðauka við MSE en þeim rétti er ekki að dreifa hvað varðar einkamál.<sup>209</sup> Þrátt fyrir að ekki sé sjálfsagt að áfrýja megi einkamálum verður að líta til þess að oft getur æðri dómstóll bætt úr því sem aflaga hefur farið við meðferð máls á lægri dómstigum. Ljóst verður að telja að þar sem réttur til áfrýjunar einkamála er ekki sjálfsagður er mjög mikilvægt að héraðsdómstólar gæti að því að kröfum stjkskr. og MSE um réttláta málsmeðferð sé fylgt. Þess vegna verður einnig að líta svo á að sú skylda hvíli á Hæstarétti, þegar dómum og úrskurðum héraðsdóms er skotið þangað, að ganga úr skugga um hvort meðferð máls hafi fylgt reglum um réttláta málsmeðferð.<sup>210</sup>

Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu fjallað um möguleika til áfrýjunar sem þátt í aðgengi að dómstólum og hvernig synjun um áfrýjun geti vegið að reglum Mannréttinasáttmála Evrópu um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Í dómi MDE sem kveðinn var upp 2. október 2014 í máli nr. 15319/09 var fjallað um synjun norskra dómstóla á áfrýjun H sem taldi að meðferð lægri dómstóla á máli hans hafi verið haldin talsverðum annmörkum. Synjunin byggðist á heimild í norskum lögum um meðferð einkamála sem kvað á um heimild dómstóls á hærri stigi til að synja um áfrýjun ef hann taldi ljóst að áfrýjunin myndi ekki breyta niðurstöðu lægri dómstóls að nokkru leyti.<sup>211</sup> Nokkru áður en dómstóllinn tók mál H til athugunar hafði farið fram nokkur umræða í Noregi um möguleika til áfrýjunar í sakamálum. Mannréttindanefnd Sameinuðu Þjóðanna hafði þá nýlega tekið til skoðunar réttarframkvæmd í landinu hvað varðar synjun á áfrýjun í þeim málaflokki. Í dómi MDE var nokkuð fjallað um álit nefndarinnar sem sagði að takmarkanir þær sem væru í norskum lögum á rétti manna til áfrýjunar fælu í sér takmörkun á rétti manna til að fá dóm sinn endurskoðaðan í samræmi við 5. mgr. 14. gr. SBSR sem kveður á um jafnræði fyrir og aðgang manna að dómstólum.<sup>212</sup> Í kjölfar þessa álits sagði Hæstiréttur Noregs að öllum synjunum um áfrýjun skyldi fylgja rökstuðningur og að ákvörðun þessi af hálfu dómsins skyldi hafa lagagildi.<sup>213</sup> Þann 10. desember 2010 var norskum lögum um meðferð einkamála svo breytt þannig að synjun um áfrýjun skyldi ávallt fylgja rökstuðningur.<sup>214</sup>

Þrátt fyrir þessa lagabreytingu var H synjað um áfrýjun áður en breytingarlögin tóku gildi þann 10. desember 2010 en þau kváðu, eins og áður sagði, á um að veita skyldi rökstuðning þegar

---

<sup>209</sup> sama heimild 202.

<sup>210</sup> Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu* (Bókaútgáfa Orators 1999) 47–48.

<sup>211</sup> Hansen gegn Noregi umsókn nr. 15319/09 (MDE, 2. október 2014), mgr. 5-29.

<sup>212</sup> sama heimild, mgr. 30-31.

<sup>213</sup> sama heimild, mgr. 32-35.

<sup>214</sup> sama heimild, mgr. 46.

synjað væri um áfrýjun. Dómstóllinn taldi að með því að heimila ekki áfrýjunina og að veita ekki sérstakan rökstuðning hafi ríkið takmarkað rétt H til að fá upp kveðinn endanlegan dóm í máli sínu og að honum hafi ekki verið veittur sá réttur til áfrýjunar sem MDE telur falla undir 1. mgr. 6. gr. MSE. Þannig taldi dómstóllinn að það fyrirkomulag að synja H um áfrýjun til æðri dómstóls án þess að veita með synjuninni sérstakan rökstuðning er sneri að efnisatriðum málsins hafi Noregur gerst brotlegur við 6. gr. MSE.<sup>215</sup>

Dómur þessi féll 2. október 2014 en sjá má af honum að MDE telur það falla undir gildissvið 1. mgr. 6. gr. MSE að manni skuli veittur rökstuðningur þegar honum er synjað af hærra dómstigi um áfrýjun á máli sínu. Þannig gildir einu hvort æðra dómstig telur það ljóst að áfrýjunin muni skila árangri í efnislegum þáttum málsins. Þá má einnig vísa til þess að Noregur hefur nú gert lagabreytingu þess efnis að nú skuli rökstuðningur alltaf veittur við synjun um áfrýjun. Samkvæmt þessari túlkun MDE bæri Hæstarétti Íslands einnig að veita sambærilegan rökstuðning þegar synjað er um áfrýjunarleyfi og mönnum þannig meinað að skjóta dómi eða úrskurði héraðsdómi á æðra dómstig.

#### **5.1.4. Samantekt**

Ljóst er að mörg af þeim málum sem höfðuð eru vegna ærumeiðandi ummæla lýkur með sakfellingu í héraði og ná ekki áfrýjunarfjárhæð skv. 1. mgr. 152. gr. eml. Þá gefur takmarkaður fjöldi mála sem náð hafa til Hæstaréttar á grundvelli áfrýjunarleyfis vísbendingu um að þau séu aðeins veitt í undantekningartilfellum. Aftur á móti er aðgengi stefnanda að Hæstarétti talsvert betra en þeirra sem stefnt er þar sem hann má tryggja rétt sinn til áfrýjunar með því að gera kröfugerð sína þannig að fjárkrafa í málinu nái áfrýjunarfjárhæð. Þetta leiðir til þess að stefnendur í ærumeiðingarmálum hafa mikið greiðari leið að því að fá niðurstöðu héraðsdóms endurskoðaða ef þeir vilja ekki una henni. Möguleiki stefnenda í málaflokki þessum til áfrýjunar er sjálfsagður, en heyrir til undantekninga fyrir stefndu. Séu stefndu sakfelldir er óalgengt að dæmdar bætur og annar kostnaður að undanskildum lögmannskostnaði nái áfrýjunarfjárhæð.

Þó að vissulega sé vert að tryggja að fjöldi mála fyrir Hæstarétti fari ekki úr hófi með því að koma í veg fyrir að léttvæg mál rati inn á borð dómstólsins verður þó um leið að gera það á þann hátt að aðgangur að dómstólum af hálfu annars málsaðila sé ekki skertur. Slíkt getur vegið

---

<sup>215</sup> sama heimild, mgr. 80-82

að grundvallarsjónarmiðum um jafnræði fyrir lögum, að rétti til réttlátrar málsmeðferðar og að meginreglu um jafnræði málsaðila fyrir dómstólum.

## 6. Kostnaður við höfðun einkarefsimála

Flest þau brot er fjallað um í XXV. hgl. falla í flokk svokallaðra einkarefsimála og skal aðeins hluti þeirra sæta saksókn skv. 242. gr. hgl. Um þau mál er ekki sæta saksókn af hálfu ákærvaldsins fer skv. IV. kafla hgl. Segir í 25. gr. laganna að beri ekki að höfða mál af hálfu ákærvaldsins geti sá einn höfðað mál sem misgert var við. Þá getur hópur manna sem misgert hefur verið við einnig höfðað mál vegna ærumeiðinga sbr. 26. gr. hgl.<sup>216</sup>

Um einkarefsimál gilda aðrar reglur en venjuleg einkamál hvað varðar gjöld er greiðast skulu af stefnanda. Dómsmálagjöld eru ákvörðuð í I. kafla laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Við meðferð einkamáls greiðast alla jafna nokkur mismunandi gjöld. Þar má nefna gjald vegna útgáfu stefnu að fjárhæð 15.000 kr.,<sup>217</sup> fyrir þingfestingu með stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. 15.000 kr., en fyrir þingfestingu með stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 30.000 kr.<sup>218</sup> Þá greiðast 250. kr. fyrir endurrit og ljósrit af hverri blaðsíðu skv. 17. gr. laganna. Loks greiðast 1.650 kr. fyrir staðfestingu dómsgerða auk þess sem aukagjald er fyrir endurgerð af hljóð- og myndupptökum.<sup>219</sup>

Þegar um er að ræða kæru eða áfrýjun til Hæstaréttar skal greiða 50.000 kr. vegna áfrýjunarleyfis eða kæru.<sup>220</sup> Þá skal einnig greiða fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu með áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. 25.000 kr. en fyrir áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 að 30.000.000 kr. og vegna þeirra mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 50.000 kr.<sup>221</sup> Þá greiðist einnig fyrir Hæstarétti þingfestingargjald 25.000 kr. og ef útivist verður greiðist 50.000 kr. útivistargjald.<sup>222</sup>

Ef gjöld þessi eru tekin saman má sjá að fyrir héraðsdómi yrði minnsti kostnaður við höfðun einkamáls þar sem stefnt er vegna réttinda eða skyldu 45.000 kr. Ef áfrýjað er eða kært til

---

<sup>216</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 25. – 26. gr.

<sup>217</sup> Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, 1. tl. 1. mgr. 1. gr.

<sup>218</sup> sama heimild 2. tl. 1. mgr. 1. gr.

<sup>219</sup> sama heimild 17. gr.

<sup>220</sup> sama heimild 1. – 2. tl. 2. mgr. 1. gr.

<sup>221</sup> sama heimild 3. tl. 2. mgr. 1. gr.

<sup>222</sup> sama heimild 4. – 5. tl. 2. mgr. 1. gr.

Hæstaréttar greiðast a.m.k. 100.000 kr. Til viðbótar við þessi gjöld eru þau er til koma vegna skjalagerðar, t.d. staðfestingu dómsgerða og endurritunar.

Þegar um ræðir einkarefsimál sem höfðuð eru á grundvelli XXV. hgl. greiðast þó engin dómsmálagjöld skv. 1. – 3. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1991.<sup>223</sup> Leiðir þetta til þess að ekki er sami þroskuldur sem þarf að yfirstíga til höfðunar slíkra mála og ber stefnandi því engan kostnað fyrst við höfðun máls, heldur einskorðast kostnaður hans einungis við þann lögmannskostnað sem hann greiðir fyrir þjónustu lögmanns síns og í sumum tilfellum lögmanns mótaðila ef hann tapar máli og er dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

---

<sup>223</sup> sama heimild 6. tl. 5. mgr. 1. gr.

## 7. Niðurstöður

Hér að framan hefur verið fjallað um mikilvægi tjáningarfrelsisins og að farið skuli að með gát þegar því eru veittar takmarkanir. Þá hafa verið til skoðunar ákvæði er tryggja vernd æru manna og tryggja úrræði þeirra er telja að æru sinni vegið. Ákvæði um ærumeiðingar veita þannig tjáningarfrelsinu ákveðnar takmarkanir. Tilgangur þessarar ritgerðar var að skoða hvort að önnur lagaákvæði eða venjur gætu vegið að tjáningarfrelsinu við höfðun, meðferð og niðurstöður dómstóla í meiðyrðamálum. Einkum voru skoðaðar málskostnaðarákvarðanir dómstóla skv. 130. gr. eml., veitingar áfrýjunarleyfa skv. 154. gr. eml. og kostnaður við höfðun meiðyrðamála sem fjallað er um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Hér á eftir verður hvert atriði skoðað og hvaða áhrif beiting þeirra í meiðyrðamálum getur haft á rétt manna til frjálsrar tjáningar.

Eins og fram hefur komið hefur sú venja skapast hjá íslenskum dómstólum að málskostnaður falli oft niður í meiðyrðamálum og frekar þegar stefndu eru sýknaðir af kröfum stefnenda heldur en þegar um sakfellingu er að ræða. Leiðir þetta til þess að þrátt fyrir sigur sýknuðu fyrir dómstólum þurfa þeir samt að bera eigin kostnað við málshöfðun á hendur sér. Dómstólar hafa ekki skýrt að aðstæður þær er taldar eru upp í 3. mgr. 130. gr. eml. eigi við og hafa þannig beitt ákvæðinu rýmra en lagatextinn gefur tilefni til. Slík beiting reglunnar hefur lengi verið við lýði í ákveðnum málaflokkum og þá verið vísað til hennar sem nokkurs konar sanngirnireglu. Óljóst er hvaða ástæða liggur að baki beitingu reglunnar með þessum hætti í meiðyrðamálum þar sem dómstólar skýra alla jafnan ekki beitingu sína á ákvæðinu enda er rökstuðningur dómstóla við málskostnaðarákvarðanir oftast af mjög skornum skammti. Þrátt fyrir það verður að teljast ljóst af umfjöllun þeirri er fram fór í kafla 4 að niðurfelling málskostnaðar er viðtekin venja í málaflokki þessum og hafa afleiðingar þessarar venju ekki áður hlotið ítarlega skoðun.

Þegar ganga má út frá því að meiri líkur en minni séu á því að málskostnaður verði felldur niður í meiðyrðamáli skapast ákveðnir möguleikar fyrir þá sem hyggjast stefna einstaklingum eða lögaðilum vegna ærumeiðandi ummæla. Reynslan sýnir að það eru nokkrar líkur á því að málskostnaður verði felldur niður þrátt fyrir að ummælin sem stefnt er vegna njóti verndar 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Þannig má leiða líkur að því að stefndu í meiðyrðamáli þurfi að bera eigin málskostnað, hvort sem um ræðir sýknu eða sakfellingu. Þar sem málskostnaður getur oft verið talsvert hærri en aðrar dæmdar fjárkröfur í meiðyrðamáli er þannig hægt að tryggja fjárhagslegt tap stefndu með því að stefna þeim vegna meiðyrða. Vissulega þurfa stefnendur í málum þessum oft að bera eigin málskostnað, sérstaklega þar sem niðurfelling er algengt úrræði af



hálfu dómstóla en líta verður þá til þess möguleika að ummælum er stefnt er vegna sé beint gagnvart fjársterkum aðilum. Ef slíkum aðilum væru misboðin einhver ummæli sem aðrir hefðu uppi um þá gætu þeir freistað þess að fá ummælin ómerkt fyrir dómstólum. Þó að ekki tækist að fá ummælin ómerkt væru samt sem áður líkur á því að málskostnaður yrði felldur niður og þannig kynni talsverður kostnaður að skapast fyrir þá er höfðu ummælin uppi.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað nokkuð í dómum sínum um svokölluð kælingaráhrif á tjáningarfrelsið. Vísaði hann fyrst til þess í dómi sem kveðinn var upp í máli Goodwin gegn Bretlandi þann 27. mars 1996. Í málinu tók hann til umfjöllunar vernd heimildarmanna fjölmiðla og taldi hann að uppljóstrun þeirra gæti ekki talist heimil takmörkun á tjáningarfrelsinu þar sem hún væri ekki nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Vísaði hann í niðurstöðu sinni til þess að með uppljóstrun heimildarmanna væri mögulegt að skapa tjáningarfrelsinu kælingaráhrif.<sup>224</sup> Dómstóllinn hefur síðar vísað talsvert til þessarar reglu og þannig oft dæmt takmarkanir á tjáningarfrelsinu ólögmetar ef hann telur að með þeim megi skapa tjáningarfrelsinu kælingaráhrif. Þó að réttarvenja dómstóla um niðurfellingu málskostnaðar teljist ekki bein skerðing á rétti manna til frjálsrar tjáningar verður einnig að líta til mögulegra afleiðinga hennar. Eins og hér hefur fram komið hér fela möguleg áhrif af beitingu þessarar venju í sér að menn myndu síður hafa uppi tjáningu er þeir hefðu annars haft. Með vísan til framkvæmd dómstólsins verður alltaf að gæta vel að því að slík áhrif verði ekki svo mikil að þau gæti haft kælingaráhrif á tjáningarfrelsið.

Gera má ráð fyrir að sumir einstaklingar og lögaðilar verði oftast fyrir málshöfðunum vegna meintra ærumeiðandi ummæla en aðrir. Þar er sérstaklega um að ræða fjölmiðla og blaðamenn er fyrir þá starfa. Með því að stefna þeim ítrekað fyrir ummæli sín má skapa þeim talsverðan kostnað vegna þess hve oft slíkir aðilar kunna að bera sinn eigin málskostnað, þrátt fyrir að ummæli þeirra séu vernduð af 2. mgr. 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE. Þannig getur dómvenja um niðurfellingu málskostnaðar í ærumeiðingarmálum leitt til þess, að þrátt fyrir að ummæli séu sett fram undir stjórnarskrárverndun tjáningarfrelsisins, sé þó hægt að skapa þeim er bera ábyrgð á ummælunum þann kostnað að þeir myndu síður birta umfjöllun sína. Telja verður að með þessari framkvæmd megi þannig draga úr frelsi manna til að viðhafa þá tjáningu sem þeir myndu annars hafa uppi með vernd 2. mgr. 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE.

Líta verður einnig til þess að í meiðyrðamálum takast á tvö stjórnarskrárvarin réttindi, annars vegar friðhelgi einkalífs sbr. 1. mgr. 71. gr. stjkskr. og hins vegar tjáningarfrelsið sbr. 2. mgr.

---

<sup>224</sup> Goodwin gegn Bretlandi umsókn nr. 17488/90 (MDE, 27. mars 1996)

73. gr. stjskr. Eins og fram hefur komið er það einnig þekkt að dómstólar felli niður málskostnað í málum þar sem ummæli hafa verið ómerkt og stefnandi þannig unnið sigur í málinu. Þó að algengara sé að málskostnaður sé felldur niður þegar um sýknumál er að ræða verður ekki hjá því komist að líta til þess að niðurfelling málskostnaðar í ómerkingarmáli getur einnig haft mikil áhrif á stefnanda. Þrátt fyrir að vegið hafi verið að æru hans og hann unnið mál fyrir dómi neyðist hann til að greiða málskostnað sem getur numið talsverðum fjárhæðum, oft mun hærri en þær miskabætur sem hann fær dæmdar, ef einhverjar eru. Á sama hátt og vega má að tjáningarfrelsinu með því að draga úr vernd orðræðu manna má einnig vega að æruvernd og friðhelgi einkalífs manna með því að fella niður málskostnað í máli og draga þannig úr áhrifum þeim er málsóknir til ómerkingar ummæla hafa. Þannig kann einstaklingur er höfðar mál vegna ærumeiðandi ummæla að sitja uppi með það að þurfa að greiða talsverðan málskostnað þrátt fyrir að hafa unnið mál fyrir dómstólum.

Þá verður einnig að líta til þeirra áhrifa sem meðferð áfrýjunarleyfa í meiðyrðamálum hefur hér á landi, bæði varðandi tjáningarfrelsi manna og aðgengi þeirra að dómstólum. Ljóst er af umfjöllun sem finna má í 5. kafla að þegar möguleikar þeirra sem tapa máli eru skoðaðir eiga stefnendur talsvert auðveldara með að áfrýja dómum sínum til Hæstaréttar. Þetta orsakast sem fyrr segir af því að engin takmörk eru á því hversu háa fjárkröfu menn gera og er tekið mið af henni þegar stefnandi tapar máli og hyggst áfrýja til Hæstaréttar. Dæmdar fjárkröfur eru aftur á móti alla jafna svo lágar í ómerkingarmálum að áfrýjunarfjárhæð er ekki náð og verða stefndu er tapa málum því að sækja um áfrýjunarleyfi ef þeir hyggjast áfrýja dómi héraðsdóms. Við athugun á dómum Hæstaréttar í málaflokknum er fjallað var um í kafla 5.1.2.2 kom í ljós að áfrýjunarleyfi höfðu aðeins verið gefin út í fjórum málum síðustu fimmtán ár. Erfitt er að leggja mat á það í hversu mörgum tilfellum synjað var um slík leyfi en gera má ráð fyrir því að þau tilvik séu nokkur, sérstaklega með tilliti til þess að dæmi eru fyrir því að mál rati beint frá héraðsdómi til Mannréttindadómstóls Evrópu. Af þessu leiðir að erfiðara er fyrir stefndu í meiðyrðamáli að fá dóm sinn endurskoðaðan á herra dómstigi heldur en stefnendur og má því segja að aðgengi þeirra að dómstólum sé lakara en stefnenda.

Til viðbótar við þau atriði er hér hefur verið fjallað um er vert að minnast á sérstöðu meiðyrðamála sem einkarefsimála. Fjallað var um kostnað við höfðun slíkra mála í 6. kafla en í raun greiðast engin dómsmálagjöld þegar slíkt mál er höfðað. Þannig geta stefnendur höfðað slík mál án þess að nokkur kostnaður sé lagður út og er þannig aðgengi að dómstólum í málaflokki þessum greiðara en í venjulegum einkamálum. Fyrirkomulag þetta er sérstaklega

áhugavert þar sem afar sjaldgæft er að menn séu dæmdir til refsingar fyrir ærumeiðingar og kveða niðurstöður dómstóla í næstum öllum tilfellum á um einkaréttarlegar kröfur.

Sjá má að þetta fyrirkomulag, á sama hátt og fyrirkomulag varðandi áfrýjanir meiðyrðamála, leiðir til þess að stefnendur eiga greiðari aðgang að dómstólum héraendis heldur en þeir sem krafist er að skuli þola ómerkingu ummæla sinna. Auk þess hefur hér verið sýnt fram á að algengt er að málskostnaður falli niður þegar um ræðir sýknumál þannig að þeir sýknuðu þurfa að bera eigin málskostnað þrátt fyrir sigur í málinu. Öll þessi atriði leiða til þess að talsvert hallar á þá sem stefnt er vegna ærumeiðandi ummæla. Þau ummæli sem ættu alla jafna að eiga vernd 2. mgr. 73. gr. stjkskr. hafa því í raun minni vernd en eðlilegt má telja. Á sama hátt aukast möguleikar þeirra er telja ummæli óviðeigandi í sinn garð til að koma höggi á þá er uppi höfðu ummælin burtséð frá því hvort þau fólu í sér ærumeiðingar. Þannig eykst æruvernd manna á kostnað tjáningarfrelsisins.

Með því að skerða aðgengi þeirra sem stefnt er að dómstólum og skapa þeim aukinn kostnað þrátt fyrir sýknu af kröfum stefnenda í málaflöknum eru þeim þrengri skorður settar en gert er ráð fyrir að íslenskum lögum. Þessar íhlutanir eru þess eðlis að þær draga úr áhrifum ákvæða um tjáningarfrelsið og geta þannig skapað því kælingaráhrif. Þeir sem að öllu jöfnu hefðu haft uppi ummæli sem væru innan þeirra marka sem stjórnarskrá og löggjöf um ærumeiðingar leggja myndu að virtri þessari framkvæmd í meiðyrðamálum síður hafa þau uppi. Verður því að leggja fram þá spurningu hvort að í þessari framkvæmd geti falist ólögmat íhlutun í tjáningarfrelsið.

Þessari spurningu er þó ekki auðsvarað. Eins og ljóst hefur orðið við vinnslu ritgerðar þessar er aðgengi að upplýsingum um tvo helstu þætti ritgerðarinnar, þá er varða málskostnaðarákvarðanir og veitingu áfrýjunarleyfa, mjög takmarkað. Rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir dómara er alla jafna af mjög skornum skammti og engar opinberar upplýsingar er að finna um veitingu eða synjun áfrýjunarleyfa. Í ritgerð þessari hefur verið sýnt fram á ákveðnar venjur dómstóla í meiðyrðamálum en mun erfiðara er að leggja mat á hvort þær séu réttmætar þegar forsendur þeirra liggja ekki ljósar fyrir. Möguleg kælingaráhrif þessara venja á tjáningarfrelsið er erfitt að meta og þannig hvort að í þeim geti falist óheimil takmörkun. Til þess að tryggja sanngjarna meðferð meiðyrðamála fyrir dómstólum verður því að líta svo á að framkvæmd varðandi þessi atriði þurfa að vera skýrari. Þannig mættu dómstólar veita ítarlegri rökstuðning þegar þeir beita 3. mgr. 130. gr. eml. til niðurfellingu málskostnaðar í öðrum þeim tilvikum en eru talin upp í greininni. Að sama skapi mætti framkvæmd varðandi

veitingu áfrýjunarleyfa vera gegnsærri þar sem svo mörg mál uppfylla ekki skilyrði til áfrýjunar skv. 152. gr. eml.

## 8. Lokaorð

Málsmeðferð meiðyrðamála fyrir dómstólum getur haft mikil áhrif á það hvernig einstaklingar og lögaðilar tjá sig á opinberum vettvangi. Ef líkur eru á því að mikill kostnaður skapist fyrir þann er hefur ummælin uppi getur það haft hamlandi á það hvernig hann hagar sinni orðræðu. Þetta getur skipt sérstaklega miklu máli fyrir þá aðila er hafa reglulega uppi tjáningu sem mönnum kann að virðast fara nærri æru sinni og má sérstaklega vísa til fjölmiðla í því samhengi. Þegar fjölmiðlar líta svo á að talsverður kostnaður geti skapast af ákveðinni umfjöllun, þrátt fyrir að henni verði hogað þannig að hún vegi ekki að æru manns, er mögulegt að fjölmiðlar fjalli síður um málefni manna sem þeir telja að hefðu burði til að stefna þeim fyrir ummæli sín. Þannig gæti dómaframkvæmd um niðurfellingu málskostnaðar í meiðyrðamálum þeim sem sýknað er í leitt til þess að fjölmiðlar veigri sér við það að fjalla um fjársterka aðila sem auðveldlega geta höfðað mál gegn þeim. Þetta á ekki síst við hér á landi þar sem starfa sjálfstæðir og litlir fjölmiðlar sem væntanlega hafa takmarkaða burði til að standa stöðugan straum af málsóknum sem leiða til talsverðs kostnaðar, þrátt fyrir að ummæli þeirra séu vernduð af ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasamninga um tjáningarfrelsi. Þá verður einnig að líta til þess að tapi þeir máli fyrir dómi hafa þeir takmarkaðan kost á að fá máli sínu áfrýjað til Hæstaréttar og fá dóminn endurskoðaðan af æðra dómstigi.

Virkt tjáningarfrelsi er ein af helstu stöðum lýðræðislegs samfélags. Þetta frelsi verður ávallt að tryggja sem best svo hægt sé að standa vörð um gagnrýna og opinbera umræðu. Framkvæmd ofangreindra réttarfarsákvæðana þarfnast nánari skoðunar og verður hún ekki gerð án þess að auka gegnsæi í ákvörðunum dómstóla. Leggja þarf heildstætt mat á meðferð dómstóla á málum er varða tjáningarfrelsi og ærumeiðingar og álykta svo hvaða breytingar væru til þess fallnar að auka réttaröryggi þeirra er starfa og tjá sig með vernd tjáningarfrelsisins.

## 9. Viðaukar

### 9.1. Viðauki I: Málskostnaðarákvarðanir í meiðyrðamálum

#### 9.1.1. Aðferðarfræði rannsóknar

Vefurinn fonsjuris var notaður til að leita eftir öllum dómum í ærumeiðinga- og meiðyrðamálum. Númer máls var notuð sem skráning þess. Þá var færð stutt reifun um hvert mál, niðurstaða skráð (sýkna, sakfelling eða önnur niðurstaða). Þá var skráð hver niðurstaða varðandi málskostnað var. Ef fjallað var sérstaklega um rök fyrir ákvörðun um málskostnað verður sú umfjöllun færð.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram í töflu sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- Númer máls
- Stutt reifun
- Niðurstaða
- Málskostnaður
- Umfjöllun um málskostnað

Þess má geta að niðurstöður héraðsdóms voru einungis birtar frá 2006 þar sem niðurstöður dómsins fyrir þann tíma eru ekki aðgengilegar á rafrænu formi. Þeir héraðsdómar sem var áfrýjað og hlutu meðferð fyrir Hæstarétti eru ekki birtir. Að öðru leyti er að finna allar niðurstöður Hæstaréttar í meiðyrðamálum frá 2000 – 2014 og allar niðurstöður héraðsdóms í meiðyrðamálum frá 2006 – 2014.

### 9.1.2. Tölfræðilegar niðurstöður rannsóknar

Fjöldi mála	67
Fjöldi sýknumála	29
Fjöldi mála þar sem ummæli eru ómerkt	38
Fjöldi mála með niðurfelldan málskostnað	30
Niðurfellingarhlutfall	44,78%
Niðurfelldur kostnaður: Sýknumál	13
Niðurfelldur kostnaður: Mál þar sem sýknað var að hluta og málskostnaður hinna sýknuðu felldur niður	7
Mál þar sem stefnandi vann sigur í meginatriðum og málskostnaður felldur niður	10
Fjöldi mála þar sem sýknuðu fengu ekki greiddan málskostnað	20
Fjöldi mála þar sem stefnendur sem unnu í meginatriðum fengu ekki greiddan málskostnað	10
Hlutfall sýkna (fyrir stefndu og meðstefndu) af öllum málum með niðurfelldan kostnað	66,7%
Hlutfall mála með niðurfelldan kostnað í sýknumálum	44,8%
Hlutfall mála með niðurfelldan kostnað í ómerkingarmálum	26,3%

### 9.1.3. Tafla með niðurstöðum rannsóknar

Númer máls	Hæstaréttardómur	Stutt reifun	Niðurstaða	Málskostnaður	Felldur niður	Umfjöllun um málskostnað
272/2000	✓	Krafist var ómerkingar á ummælum sem birtust í dagblaði og höfðu að geyma harða gagnrýni á forystu Sjálfstæðisflokksins.	Sýkna	Felldur niður fyrir héraðsdómi	✓	HR: Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda að greiða stefnda kostnað sem af áfrýjun máls þessa leiðir, svo sem nánar greinir í dómsorði.  Hérd: Með hliðsjón af þessari niðurstöðu verður stefndi sýknaður af miskabótakröfu stefnanda. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir, með hliðsjón af málsatvikum, rétt að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.
36/2003	✓	Stefnt var vegna ummæla sem látin voru falla á sjónvarpsstöðinni Fjölsýn þar sem blaðamaður var sakaður um sviðsetningu fréttu.	Sýkna	Felldur niður á báðum dómstigum	✓	HR: Samkvæmt öllu framanröktu er niðurstaða málsins sú að áfrýjandi verður sýknaður af kröfum stefnda. Rétt er að hvor aðilanna beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

426/2002	✓	Kóreskt ríkisfyrirtæki sem stóð að framleiðslu á rauðu ginseng höfðaði mál gegn íslensku fyrirtæki sem framleiddi einnig ginseng vegna ummæla sem það fyrirtæki hafði birt í blaði og fjallaði á neikvæðan hátt um framleiðslu þess.	Sýkna	Felldur niður á báðum dómstigum	✓	HR: Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður hver aðili látinn bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.
382/2003	✓	Umsækjandi um kennarastöðu við Háskóla Íslands stefndi til ómerkingar ummæla sem fram komu í álitni dómnefndar um störf umsækjandans.	Ómerking og greiðsla bóta	Stefndu greiða málskostnað		HR: Stefndu verða dæmd til að greiða áfrýjanda sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.
181/2005	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem birtust um hann í Morgunblaðinu og sögðu hann sérfræðing í skattasniðgöngumálum.	Sýkna	Stefnandi greiðir málskostnað		HR: Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir.  Hérd: Eftir þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákvarðaður 250.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.
E-7593/2005		Stefndi hafði sent fjölmiðlum bréf þar sem fram komu meint ærumeiðandi ummæli um stefnanda.	Sýkna	Stefnandi greiðir málskostnað		Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.



E-625/2005		Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem stefndi hafði látið falla um sig í samtali við lögreglu.	Sýkna	Stefnandi greiðir málskostnað		Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda 180.000 krónur í málskostnað.
E-696/2007		Stefndi var eigandi DV sem birti umfjöllun um meint kynferðisbrot stefnanda.	Sýkna	Málskostnaður fellur niður	✓	Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.
E-7608/2006		Stefndi var eigandi DV sem meinta ærumeiðandi umfjöllun um formann Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja	Sýkna	Stefnandi greiðir málskostnað		Eftir atvikum og með vísan til 1. mgr. 132. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu óskipt 500.000 krónur í málskostnað.
491/2006	✓	Sálfræðingur höfðaði mál vegna ummæla sem birtust í blaðinu DV og fjölluðu um að meintar 150 kvartanir og klögumál hefðu borist vegna starfa hans.	Ummæli ómerkt, ritstjóri og útgáfufélag sýknað af kröfum.	Málskostnaður felldur niður á milli aðila þar sem sýknað var af kröfum um ómerkingu og bætur.	✓	Stefndi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn í einu lagi eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður milli gagnáfrýjanda og aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
E-2299/2006		Stefnandi höfðaði mál gegn stefndu vegna ummæla sem voru viðhöfð eftir aðalstefnda í blaði meðstefndu DV sem fjölluðu um meinta afbrotastarfsemi sem hafði viðhafst í húsi stefnanda.	Ummæli ómerkt og varastefndu dæmdir til greiðslu bóta.	Málskostnaður milli stefnanda og aðalstefndu fellur niður, varastefndu greiða stefnanda málskostnað.	✓	Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum verður varastefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnanda og aðalstefndu falli niður.

278/2006	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla í svonefndri „Bubbi fallinn!“ frétt sem birtist í blaðinu Hér og nú, en stefndu voru ritstjóri og eigandi blaðsins.	Ummæli á forsíðu blaðs ómerkt sökum ærumeiðinga	Aðaláfrýjandi greiðir gagnáfrýjanda málskostnað, málskostnaður fellur niður á milli gagnáfrýjanda og stefnda fellur niður, bæði í HR og Hérð.	✓	Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verða staðfest. Málskostnaður milli gagnáfrýjanda og stefnda fyrir Hæstarétti fellur niður. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.
S-634/2006		Ákærvaldið ákærði vegna meintra ærumeiðandi aðdróttana og móðgana í garð guðfræðings.	Sýknað af kröfu ákærvaldsins.	Málsvarnarlaun verjanda greidd úr ríkissjóði		Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Óskars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 156.870 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.
34/2008	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem birtust í dagblöðum Fréttablaðsins og DV.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til greiðslu bóta	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað		Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
E-8596/2007		Stefnt vegna ummæla er finna mátti í tölvupósti og fjölluðu um stefnanda á niðrandi hátt.	Sýkna og frávísun refsikröfu.	Málskostnaður fellur niður.	✓	Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.
653/2007	✓	Stefnt var vegna ummæla sem birtust í tímaritinu Séð og Heyrt og fjölluðu um fasteignaviðskipti stefnanda.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til greiðslu bóta.	Stefndi greiðir áfrýjanda málskostnað fyrir	✓	Hérð: Eftir atvikum ber að fella niður málskostnað milli stefnanda og stefndu, Þorsteins Svans Jónssonar og Mikaela

				Hérd. Áfrýjandi greiðir stefnda málskostnað fyrir HR. Málskostnaður milli meðstefnda og stefnanda fellur niður.		Torfasonar. Stefndi, Eiríkur Jónsson, greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.  HR: Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.
E-7167/2007		Fjallað var um umsókn stefnanda um íslenskan ríkisborgararétt í fréttatíma og Kastljóspætti ríkisborgararétt á hátt sem hún taldi vega gegn friðhelgi einkalífs og æru sinni.	Sýkna	Málskostnaður fellur niður	✓	Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.
E-8319/2007		Stefndi lét ummæli falla í Morgunblaðinu um yfirtöku á eignum Eimskipafélagsins hf. af hálfu stefnanda sem hann taldi hafa að geyma ærumeiðandi ummæli.	Ummæli ómerkt	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað		Að fenginni þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda 280.000 krónur í málskostnað.
E-5085/2007		Stefnandi stefndi vegna meintra ærumeiðandi ummæla sem stefndi átti að hafa viðhaft um sig eftir að stefndi sakaði stefnanda um að hafa gægst á glugga hjá sér.	Sýkna	Stefnandi greiðir stefnda málskostnað		Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnanda 290.000 krónur í málskostnað.
211/2007	✓	Stefndi tjáði sig á ársfundi Alþýðusambands Íslands um kjör erlendra manna sem störfuðu hérlendis á vegum	Ummæli ómerkt og áfrýjandi dæmdur til að greiða	Málskostnaður felldur niður fyrir héraði og	✓	Áfrýjanda verður gert að greiða stefndu Olenu hluta málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu

		starfsmannaleigu í eigu stefnanda og voru ummælin síðar endurtekin í fréttatíma Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins. Krafist var ómerkingar á ummælunum og greiðslu miskabóta.	miskabætur. Sýkna að hluta.	Hæstarétti á milli áfrýjanda og meðstefnda sem sýknaður var af kröfum.  Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.		lagi eins og í dómsorði segir, en rétt er að málskostnaður milli áfrýjanda og stefnda Eiðs falli niður á báðum dómstigum.
E-11799/2008		Stefnandi var forstöðumaður meðferðarheimilis og var sakaður í dagblaðinu DV um illa meðferð á skjólstaðingum og fjölskyldu sinni.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu bóta og kostnaðar vegna birtingu dóms. Meðstefndi sýknaður.	Stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar stefnanda. Málskostnaður milli meðstefnda og stefnanda felldur niður.	✓	Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda, Hauk Arnþórsson, af kröfum stefnanda en ákveðið er að málskostnaður skuli falla niður milli þeirra.  Dæma ber stefnda, Trausta Hafsteinsson, til að greiða stefnanda 450.000 krónur í málskostnað.
475/2008	✓	Dæmd voru dauð og ómerk ýmis ummæli í grein í tímaritinu J. Féllst Hæstiréttur á með Á að í tímaritsgreininni hefðu falist aðdróttanir um refsiverða háttsemi. Hins vegar var talið að tvenn ummæli í greininni væru almenns eðlis og beint að ótilgreindum mönnum en ekki Á. Voru J og I því sýknuð af kröfu Á um ómerkingu þessara ummæla. Voru Á dæmdar 500.000	Ummæli ómerkt, áfrýjendur dæmdir til greiðslu bóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Áfrýjendur (stefndu) dæmdir til greiðslu málskostnaðar.		Þá verður staðfest ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmd til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

		krónur í miskabætur. Þá var fallist á að skilyrði væru til að dæma J og I til greiðslu kostnaðar til að standa straum af birtingu dóms í málinu.				
448/2008	✓	Stefndu höfðu látið ummæli falla í dagblaðinu Blaðinu um að stefnandi hafi haft í vörslu sinni og í sölu fíkniefni. Stefnandi krafðist ómerkingar, greiðslu miskabóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Sýkna	Stefnandi greiðir stefndu málskostnað.		HR: Áfrýjanda verður gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.  Hérd: Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála greiði stefnandi stefnda, Trausta Hafsteinssyni, 250.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti og stefnda, Sigurjóni M. Egilssyni 250.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti
328/2008	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust í tímaritinu Vikunni þar sem stefnanda var borin á brýn refsiverð háttsemi.  Ath. að dómi þessum var áfrýjað til MDE.	Ummæli ómerkt, dæmt svo að dómur skuli birtast í blaðinu Vikunni. Stefnda dæmd til greiðslu miskabóta. Meðstefndi sýknaður.	Stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Málskostnaður milli stefnanda og meðstefnda felldur niður fyrir Hæstarétti.	✓	HR: Eftir þessum úrslitum verður stefnda Björk dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í einu lagi eins og nánar greinir í dómsorði. Málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

					Hérd: Eftir þessum úrslitum ber, samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnanda til að greiða stefndu óskipt málskostnað og er hann ákveðinn 600.000 krónur.
E-4726/2008		Stefnanda var sagt upp störfum hjá Vinnuskóla Reykjavíkur og stefndi hann til ómerkingar ummæla sem var að finna í uppsagnarbréfi hans þar sem ástæða uppsagnarinnar var sögð óásættanleg hegðun við kvenkyns nemendur skólans.	Sýkna	Stefnandi greiðir stefndu málskostnað	Með hliðsjón af þessari niðurstöðu verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu óskipt 400.000 krónur í málskostnað.
E-907/2008		Stefndi hafði haft uppi yfirlýsingar á vefsíðunni hundaspjall.is sem stefnandi taldi ærumeiðandi í sinn garð.	Ummæli ómerkt. Sýknað af refsí- og miskabótakröfu.	Stefndi greiðir málskostnað.	Eftir þessari niðurstöðu verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.
E-1451/2007		Stefnendur höfðu verið í deilum við nágretta vegna deiliskipulags. Stefndu létu ummæli falla í bréfi til bæjarráðs Kópavogs um fatlaðan son stefnanda og um meinta hegðun stefnanda sem stefnendur töldu ærumeiðandi.	Sýkna	Stefnendur greiða málskostnað.	Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber að dæma stefnendur til að greiða hverjum stefndu fyrir sig 28.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.
321/2008	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem stefndi birti á vefsvæði sínu í tengslum við komandi alþingiskosningar.	Sýkna	Málskostnaður felldur niður í	✓ Samkvæmt þessu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda, en rétt er að

		.		Hæstarétti og fyrir héraðsdómi.		aðilarnir beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.
689/2009	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem stefndi hafði sjálfur látið fjalla við stefnanda, en þau voru hluti af nágrannadeilum sem málsaðilar stóðu í.  Ath. Málflutningur var skriflegur	Sýkna og frávísun hluta krafna	Felldur niður fyrir Hæstarétti, stefnandi greiðir stefnda málskostnað fyrir héraðsdómi	✓	HR: Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann að öðru leyti staðfestur. Málskostnaður dæmist ekki fyrir Hæstarétti.  Hérd: Eftir niðurstöðu málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu hvoru fyrir sig 150.000 krónur í málskostnað.
E-319/2009		Stefndi stefndi vegna ummæla sem birtust í blaðinu Vikunni og fjölluðu um meinta refsiverða háttsemi stefnda.	Ummæli ómerkt	Stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar		Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.
454/2009	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust í dagblaðinu DV og fjölluðu um sakamál þar sem stefnanda var gefin að sök innflutningur á kókaíni til söludreifingar. Stefnandi var sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins, en dómurinn gekk viku eftir birtingu ummælanna í DV.	Ummæli dæmd ómerk og stefndu dæmd til greiðslu bóta.	Stefndu dæmd til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Málskostnaður felldur niður fyrir héraðsdómi þar sem hafði áður verið sýknað.	✓	HR: Niðurstaða héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verður staðfest. Stefndu verður gert að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.  Hérd: Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir

						Þessa niðurstöðu málsins þykir rétt að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.
104/2009	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem höfðu birst í dagblaði DV og fjölluðu um meint brot stefnanda í starfi á meðan hann var forstöðumaður meðferðarheimilisins Byrgisins.	Ummæli dæmd ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu bóta.	Stefnandi dæmdur til að greiða sýknuðu stefndu helming málskostnaðar. Málskostnaður milli stefnanda og stefndu sem þoldi ómerkingu ummæla felldur niður.	✓	Eins og atvikum máls þessa er háttáð og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að málskostnaður falli niður á milli stefnanda Helgu Haraldsdóttur og stefndu Erlu Hlynsdóttur, en stefnandi greiði stefndu Ólöfu Ósk og Magnúsi helming málskostnaðar þeirra. Stefndu Ólöf Ósk og Magnús fengu gjafsóknarleyfi vegna málsins 2. júlí 2008 og greiðist því kostnaður þeirra af málinu úr ríkissjóði og telst hann hæfilega ákveðinn 600.000, vegna hvors þeirra um sig og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Við ákvörðun máls-kostnaðar-fjárhæðar er meðal annars tekið mið af því að vörn stefndu Magnúsar og Ólafar Óskar var til að byrja með sameiginleg og einnig er haft í huga að af hálfu stefndu var í málinu höfð uppi frávísunarkrafa, sem var hafnað.
E-1412/2011		Stefnt var vegna ummæla í ummælakerfi á vefsíðu dagblaðsins DV í svokölluðu Aratúnsmáli, en ástæða meintra	Sýkna	Málskostnaður felldur niður.		Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.



		ærumeiðandi ummælanna voru nágrannadeilur.				
158/2011	✓	Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla sem birst höfðu í tímaritinu Vikunni og fjölluðu um forræðisdeilu og fjölskylduerjur á hátt sem stefnandi taldi ærumeiðandi.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til greiðslu miskabóta og til birtingar dóms.	Stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað fyrir héraði og Hæstarétti (sem áfrýjandi).		HR: Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest, en áfrýjanda verður gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og segir í dómsorði.  Hérd: Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.
E-6157/2010		Stefndi hafði ritað ummæli á bloggsíðu sína sem fjallaði á niðrandi hátt um stefnanda. Stefnandi krafðist ómerkingar ummælanna ásamt miskabótum og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu miskabóta.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað.		Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst 650.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til flutnings um frávísunarkröfu.
179/2011	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem viðhöfð voru í aðalfréttatíma RÚV og fjölluðu um meinta refsiverða háttsemi stefnanda í tengslum við hið íslenska efnahagshrun.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu miskabóta. Meðstefndu sýknuð.	Áfrýjandi (stefnandi) greiðir meðstefndu málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Annar	✓	HR: Ákvæði héraðsdóms um málskostnað úr hendi áfrýjanda til stefndu Maríu Sigrúnar og Páls skal vera óraskað. Þá verður áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir. Í ljósi niðurstöðu málsins verður málskostnaður

				<p>málskostnaður felldur niður.</p> <p>Athugist að hér er málskostnaður felldur niður á milli áfrýjanda og stefnda, þrátt fyrir ómerkingu ummæla.</p>	<p>milli áfrýjanda og stefnda Svavars felldur niður á báðum dómstigum.</p>
65/2011	✓	<p>Stefnt var vegna ummæla sem stefnendur höfðu uppi um viðskipti fyrirtækis við Kópavogsbæ.</p>	Sýkna	<p>Áfrýjendur (stefnendur) greiða stefndu málskostnað á báðum dómstigum.</p>	<p>HR: Áfrýjendum verður sameiginlega gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.</p> <p>Hérd: Eftir þessari niðurstöðu verða stefnendur dæmd til að greiða stefndu málskostnað. Þykir málskostnaður til stefndu Guðríðar hæfilega ákveðinn 380.000 krónur, til handa stefnda Ólafi 320.000 krónur og til handa stefnda Hafsteini 320.000 krónur. Allar fjarhæðir eru að virðisaukaskatti meðtöldum.</p>
E-60/2011		<p>Stefndi var fréttamaður sem hafði fjallað á neikvæðan hátt um viðskiptahætti stefnanda. Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla, miskabóta, greiðslu vegna</p>	Sýkna	<p>Stefnandi greiðir stefnda málskostnað.</p>	<p>Stefndi verður því sýknaður af kröfu stefnanda í málinu. Eftir þessari niðurstöðu verður stefnandi dæmdur til að greiða aðalstefnda 1.000.000 króna í</p>

		birtingu dóms og beitingu refsingar gagnvart stefnda.				málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.
693/2010	✓	Stefnt var vegna umfjöllunar í dag blaðinu DV sem fjallaði um viðskipti aðila. Krafist var ómerkingar, greiðslu miskabóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Máli vísað frá héraðsdómi	Áfrýjandi greiðir stefndu málskostnað fyrir héraði og Hæstarétti.		Áfrýjanda verður gert að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi handa hverju þeirra eins og nánar greinir í dómsorði.
E-6524/2010		Stefnt var vegna ummæla sem birtust í dagblaðinu DV um svokallað Aratúnsmál en ummælin voru innlegg í langvarandi nágrannadeilu.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu bóta. DV dæmt til að birta dóm.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað.		Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 750.000 kr.
E-7299/2010		Stefnandi krafðist ómerkingu ummæla sem birtust um hann á vefsvæði DV.is og fjölluðu um meinta refsiverða hegðun stefnanda í tengslum íslenska efnahagshrunið 2008.	Sýkna	Málskostnaður felldur niður.	✓	Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu er það mat dómsins að með hliðsjón af málsatvikum sé rétt að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.
E-74/2010		Stefnt var til ómerkingar ummæla sem birtust á vefsvæðinu Myspace.com og fjölluðu á niðrandi hátt um stefnendur sem stóðu þá í nágrannadeilum við stefndu. Gagnstefnt var til ómerkingar annarra ummæla sem stefnendur höfðu látið falla.	Ummæli í aðalsök og gagnsök dæmd dauð og ómerk og báðir aðilar dæmdir til greiðslu bóta.	Málskostnaður felldur niður.		Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í aðalsök.  Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í gagnsök.

E-4818/2009		Stefnt var vegna ummæla sem birst höfðu í Morgunblaðinu og sökuðu formann bæjarráðs og bæjarstjóra Kópavogs um spillingu og valdhroka í starfi. Stefnandi var umræddur bæjarstjóri og stefndi hann til ómerkingar ummæla, greiðslu bóta og kostnaðar vegna birtingar dóms.	Ummæli dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur til greiðslu bóta.	Málskostnaður felldur niður.	✓	Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn hluta kostnaðar af máli þessu.
329/2010	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust í Vikunni vegna ummæla sem stefnandi taldi ærumeiðandi og vega gegn friðhelgi einkalífs síns.	Ummæli dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur til greiðslu til bóta og að birta skuli dóminn í næsta tölublaði Vikunnar.	Áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir héraði og Hæstarétti.		Áfrýjandi verður dæmd til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi eins og nánar greinir í dómsorði.
E-415/2010		Ummæli voru birt á vefsvæði stefnda sem sökuðu stefnanda um refsiverða hegðun með því að hafa stolið og drepið dýr í hennar eigu.	Ummæli dæmd dauð og ómerkt, stefndi dæmdur til greiðslu bóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað.		Eftir úrslitum málsins verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 4000.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.
E-220/2013		Stefnt var vegna ummæla sem birtust um stefnda í dagblaðinu DV og fjölluðu á neikvæðan hátt um meinta háttsemi hans í tengslum við íslenska efnahagshrunið 2008.	Ummæli ómerkt og stefndu dæmdir til greiðslu miskabóta. Meðstefndi sýknaður.	Stefndu dæmdir til greiðslu miskabóta. Málskostnaður felldur niður á milli stefnanda og	✓	Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndu, Inga Frey og Reyni, gert að greiða óskipt málskostnað stefnanda, 1.365.694 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti af

				meðstefnda sem var sýknaður.		málflutningsþóknun, 274.444 krónum. Málskostnaður milli stefnanda og stefnda, DV ehf., fellur niður.
200/2013	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust í Viðskiptablaðinu og höfðu að geyma rangar fullyrðingar um háttsemi stefnanda. Krafist var ómerkingar ummæla, greiðslu miskabóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu bóta. Meðstefndi sýknaður.	Aðaláfrýjandi (stefndi) dæmdur til greiðslu bóta á báðum dómstigum. Málskostnaður felldur niður á milli stefnanda og sýknaða meðstefnda.	✓	HR: Eftir þessum málsúrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað á báðum dómstigum sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði greinir.  Hérd: Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda, Björgvini Guðmundssyni, að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli stefnanda og stefnda Mylluseturs ehf. falli niður.
E-215/2013		Stefnt var vegna ummæla sem birtust á vefnum www.dv.is og fjölluðu á neikvæðan hátt um viðskiptahætti stefnanda.	Sýkna	Stefnendur greiða stefndu málskostnað.		Eftir þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir til að greiða stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákvarðaður 700.000 krónur.
E-5/2013		Stefnt var vegna ummæla sem birtust á samfélagsmiðlinum Facebook og sökuðu stefnanda um að hafa framið nauðgun.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað.		Með hliðsjón af úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnda dæmd

			sektargreiðslu og greiðslu miskabóta.			til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn að fjárhæð 800.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns stefnanda og skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.
525/2012	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust á vefmiðlinum www.pressan.is í tengslum við framboð til stjórnlagabings.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda miskabætur.	Stefndi greiðir áfrýjanda málskostnað á báðum dómstigum.		Stefnda verður gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði greinir.
E-743/2012		Stefndi birti ummæli á vefnum vb.is sem fjallaði á neikvæðan hátt um viðskiptahætti stefnanda. Stefnandi krafðist ómerkingar ummæla, miskabóta, refsingu og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Sýkna	Stefnandi greiðir stefnda málskostnað.		
383/2012	✓	Stefndi hafði gefið út bók sem fjallaði um dómsmál þar sem stefnandi var sakfelldur fyrir refsiverð brot og var í bókinni að finna nokkuð um rangfærslur. Stefndi hafði birt leiðréttingu og leiðrétt 2. útgáfu bókarinnar en ekki innkallað þá fyrstu.	Ummæli ómerkt, sýknað af öðrum kröfum.	Málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum	✓	Að teknu tilliti til krafna málsaðila í héraði og fyrir Hæstarétti og niðurstöðu máls þessa og með vísan til 3. mgr. 130. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður hvorum málsaðila gert að bera sinn kostnað af málinu á báðum dómstigum.

317/2014	✓	Deilur höfðu staðið vegna ráðningar rektors Listaháskóla Íslands, en stefndi hafði látið þau ummæli falla að stefnandi, hinn nýráðni rektor, væri best þekktur fyrir að eyðileggja listaverk annarra. Krafist var ómerkingar ummæla, greiðslu miskabóta og greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms.	Sýkna	Stefnandi (áfrýjandi) greiðir málskostnað á báðum dómstigum.		Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.
215/2014	✓	Höfðað var mál vegna ummæla sem birtust á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem stefnandi var sakaður um að hafa framið alvarlegan refsiverðan verknað. Krafist var ómerkingar ummæla, greiðslu miskabóta og kostnaðar vegna birtingu dóms..	Ummæli ómerkt, sýknað af öðrum kröfum.	Málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum.	✓	Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af atvikum öllum er rétt að málskostnaður falli niður.
E-943/2014		Fjallað var í kvöldfréttum RÚV um slökkviliðsmann sem vikið var frá starfi vegna ásakana um kynferðisbrot í starfi. Stefndi hann til ómerkingar.	Sýkna	Stefnandi greiðir stefnda málskostnað.		Eins og málið liggur hér fyrir þykir enn fremur rétt að stefnandi greiði stefndu hvoru um sig 200.000 krónur í málskostnað.
299/2014	✓	Stefnt var til ómerkingar á ummælum er birtust í dagblaðinu DV þar sem fjallað var um liðsmenn félaga skipulagðra glæpasamtaka og upplýsingar birtar um mánaðarlegar tekjur nafngreindra einstaklinga.	Sýkna	Stefndi (stefnandi fyrir héraðsdómi) dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum (stefndu fyrir héraðsdómi) málskostnað á		Samkvæmt öllu framangreindu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefnda. Stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti sem ákveðinn verður í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

				báðum dómstigum.		
183/2014	✓	Stefnt var til ómerkingar ummæla sem birtust í blaðinu DV en greinin fjallaði um laun nokkurra manna sem talið var að væri meðlimir í skipulögðum glæpasamtökum.	Sýkna	Áfrýjandi (stefnandi fyrir héraðsdómi) dæmdur til að greiða stefndu málskostnað á báðum dómstigum.		Samkvæmt öllu framangreindu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.
184/2014	✓	Stefnt var til ómerkingar ummæla er birtust á vefsvæði dagblaðsins DV. Ummælin vörðuðu mál nokkurra manna er kenndir höfðu verið við skipulögð glæpasamtök.	Sýkna	Áfrýjandi (stefnandi fyrir héraðsdómi) dæmdur til að greiða stefndu málskostnað á báðum dómstigum.		Samkvæmt öllu framangreindu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.
214/2014	✓	Birt var á vefsvæðinu Instagram ljósmynd af stefnanda ásamt texta þar sem hann var kallaður nauðgari. Krafist var ómerkingar á grundvelli þess að ummælin og myndin hafi falið í sér ærumeiðingar.	Sýkna	Málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum.	✓	Eins og réttilega kemur fram í hinum áfrýjaða dómi var hin afbakaða mynd og ummæli stefnda sem henni fylgdu ósæmileg og ósmekkleig í garð áfrýjanda. Af þeim sökum og með vísan til 3. mgr. 130. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður



						málskostnaður felldur niður á báðum dómstigum.
E-1307/2013		Stefndi lét ummæli falla í skýrslutökum lögreglu þar sem hann sakaði stefnanda um ítrekað kynferðislegt og líkamlegt ofbeldi. Stefnt var til ómerkingar ummæla, refsingar og miskabóta.	Sýkna	Stefnandi greiðir málskostnað (gjafsóknarmál).		Stefnandi greiði í ríkissjóð 800.000 krónur í málskostnað. Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, sem ákveðst 800.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.
E-37/2014		Stefndi lét ummæli falla á vefsvæði www.bb.is og í útvarpsþættinum „Í bítíð“ sem stefnandi taldi hafa að geyma ærumeiðandi staðhæfingar um sig og stefndi til ómerkingar ummæla, greiðslu miskabóta og greiðslu kostnaðar vegna birtingu dóms.	Ummæli ómerkt, stefndi dæmdur til greiðslu miskabóta og kostnaðar vegna birtingu dóms.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað.		Með hliðsjón af niðurstöðu málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Til málskostnaðar telst þóknun lögmanns stefnanda, Arnars Kormáks Friðrikssonar hdl., 600.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts og ferðakostnaður stefnanda og lögmanns hans, samtals 60.600 krónur.
103/2014	✓	Krafist var ómerkingar ummæla sem birtust í grein er fjallaði um ákvörðun Hæstaréttar til að ógilda kosningar um endurskoðun stjórnarskrárinnar 2011. Í ummælunum var fjallað um að einn af dómurum Hæstaréttar hefði komið að kæru vegna kosninganna og haft áhrif á	Sýkna	Málskostnaður fellur niður á báðum dómstigum.	✓	HR: Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.  Hérd: Að virtum öllum atvikum málsins og því að frávísunarkröfu stefnda var

		niðurstöðu dómsins og taldi dómari, sem var stefnandi í málinu, ummælin ærumeiðandi.				hafnað. er rétt að málskostnaður falli niður.
E-1467/2013		Nokkrar fréttir birtust á vefmiðlinum pressan.is sem fjölluðu um meint kynferðisbrot stefnanda í garð nokkurra kvenna, en stefnandi var þá forstöðumaður trúfélags. Hann krafðist ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta.	Ummæli ómerkt, sýknað af öðrum kröfum.	Málskostnaður felldur niður	✓	Með hliðsjón af þessum lyktum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður.
E-3704/2013		Stefnandi var fréttamaður hjá RÚV og stefndi vegna ummæla sem stefndi hafði haft uppi um fréttamennsku hans þar sem stefnandi var sakaður um að falska fréttir.	Sýkna	Málskostnaður felldur niður	✓	Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.
E-3960/2013		Fjallað var á neikvæðan hátt um starfsemi stefnanda sem ráku þjónustumiðstöðina Vörn fyrir börn í Fréttablaðinu og á vefmiðlinum visir.is. Krafist var ómerkingar ummæla, greiðslu miskabóta og greiðslu til að kosta birtingu dóms.	Ummæli ómerkt og stefndi dæmdur til greiðslu miskabóta.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað. Málskostnaður að öðru leyti felldur niður.	✓	Stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda, Kristínu Snæfells, málskostnað eins og í dómsorði greinir. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.
E-1471/2013		Dagblaðið DV birti fréttir sem fjölluðu um ráðningu laganema í yfirmannsstöðu hjá VR og héldu því fram að ástæða ráðningarinnar hafi verið ástarsambanda stefnanda, sem þá var formaður VR, og	Sýkna	Málskostnaður felldur niður.	✓	Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

		Þess sem ráðinn var. Stefnandi var formaður VR.				
E-1470/2013		Dagblaðið DV birti fréttir sem fjölluðu um ráðningu laganema í yfirmannsstöðu hjá VR og héldu því fram að ástæða ráðningarinnar hafi verið ástarsambanda stefnanda, sem þá var formaður VR, og þess sem ráðinn var. Stefnandi var laganeminn sem hlaut ráðninguna.	Ummæli ómerkt, stefndu dæmdir til greiðslu miskabóta og til að kosta birtingu dóms.	Stefndi greiðir stefnanda málskostnað. Málskostnaður felldur niður milli stefnanda og meðstefnda.	✓	Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndu Reyni Traustasyni og DV ehf. gert að greiða stefnanda málskostnað óskipt, sem ákveðst 500.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Málskostnaður milli stefnanda og stefnda Inga Freys Vilhjálmssonar fellur niður.

## 10. Heimildaskrá

Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Orator 1989)

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008)

Cumper, P., „Article 10: Freedom of Expression“, *Law of the European Convention on Human Rights* (2. útgáfa, Oxford University Press 2009)

Einar Arnórsson, „Meiðyrði og meiðyrðamál“ (1952) 2 (3) Tímarit lögfræðinga 123

Eiríkur Jónsson, „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“ 60 (1) Úlfjótur 25

Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu* (Bókaútgáfa Orators 1999)

——, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, *Mannréttinasáttmáli Evrópu* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005)

Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Háskólaútgáfan 1999)

Gunnar Thoroddsen, *Æran og vernd hennar* (1943)

——, *Fjölmæli* (Menningarsjóður 1967)

Hrafn Bragason, „Hugleiðingar um áfrýjunarleyfi“, *Líndæla: Sigurður Líndal sjötugur* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001)

Hörður Einarsson, *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar* (Reykjaprent 1997)

Innanríkisráðuneytið, „Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð“ (*Innanríkisráðuneytið*, desember 2014)

<<http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/rettarfar/afryjunarfjarhaed/>> skoðað 24. apríl 2015

——, „Auglýsing um hækkun áfrýjunarfjárhæðar“ (*Innanríkisráðuneytið*)

<<http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28791>> skoðað 16. mars 2015

Jóhannes Albert Sævarsson, „Lögmenn og aðrir sérfræðingar“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 11

Jón Jónsson hdl., „Um málskostnaðarakvarðanir“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 13

Jón Steinar Gunnlaugsson, *Um málskot í einkamálum* (Bókaútgáfan CODEX 2005)

Leach, P., *Taking a Case to the European Court of Human Rights* (Second Edition, Oxford University Press 2005)

Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Úlfjótur 2003)

Ólafur Jóhannesson, „Fjártljón og Miski“ (1947) 1 (2) Úlfljótur - tímarit laganema 3

Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997)

——, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997)

Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsi“, *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005)

——, „Constitutional Protection of Freedom of Expression in Europe“, *Ragnarsbók: Fræðirit um mannréttindi til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni* (Hið íslenska bókmenntafélag og Mannréttindaskrifstofa Íslands 2009)

Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Bókaútgáfan CODEX 2007)

Sigurður Línal, „Um áfrýjunarleyfi“ (1973) 26 (3) Úlfljótur - tímarit laganema 211

——, *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga - réttarheimildir* (Hið íslenska bókmenntafélag 2002)

Sigurður Tómas Magnússon, „Gagnrýni svarað“ (2005) 11 (3) Lögmannablaðið 16

Símon Örn Reynisson, „Ólafur Arnarson gjaldþrota: „Þetta er ekki gleðistund“ - DV“ (DV, maí 2014) <<http://www.dv.is/frettir/2014/5/5/olafur-arnarson-gjaldthrota-thetta-er-ekki-gledistund/>> skoðað 28. mars 2015